



„Stundum er brekkan brött,“ segir Vilborg Arna Gissurardóttir, fjallgöngukona og pólfari, um efni fyrirlesturs síns, 8848 ástæður til að gefast upp, sem haldinn var fyrir tónum sal hjá BHM vegna samkomubanns sem nú stendur yfir. Til stóð að streyma fyrirlestrinum á veraldarvefnum en hljóðið klikkaði og þarf því að endurflytja hann í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sjá fram á kaupþækifæri

VIÐSKIPTI Eftir miklar verðlækkningar á hlutabréfamörkuðum hér heima og erlendis síðustu vikur, gætu farið að myndast tækifæri fyrir langtíma-fjárfesta, að mati Gunnars Baldvínssonar, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins. Hann telur þó mikilvægt að slíkir fjárfestar haldi sjó og taki ekki neinar skyndiákvæðanir. Skynsamlegast sé að þeir haldi sinni fjárfestingarstefnu.

„Mér finnst líklegt að markaðir verði órólegir áfram og lækki mögulega meira, en það er þó erfitt að segja til um það,“ segir Gunnar í samtali við Markaðinn.

Mikil lækkun hefur verið á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum að undanförunu vegna áhyggna fjárfesta af útbreiðslu kórónaveirunnar og áhrifum hennar á heimshagkerfið. – [kij / sjá Markaðinn](#)

Hefur ekki selt meiri gjaldeyri frá hrúni

Seðlabankinn seldi gjaldeyri fyrir átta milljarða í síðustu viku. Ekki selt jafn mikinn gjaldeyri í meira en áratug. Forstöðumaður hjá Júpíter segir ánægjulegt að verðbólguvæntingar hafi litið aukist þrátt fyrir mikla gengislækkun.

VIÐSKIPTI Seðlabankinn greip inn í gjaldeyrismarkað í síðustu viku og seldi gjaldeyri fyrir krónur fyrir samtals um átta milljarða, til að veða á móti snarpri lækkun á gengi krónunnar. Á föstudag nam sala Seðlabankans 3,6 milljörðum en bankinn hefur ekki selt jafnmikinn gjaldeyri á einum degi að minnsta kosti frá 2008.

Allt árið í fyrra seldi bankinn sam-

tals gjaldeyri fyrir 11,9 milljarða.

Þrátt fyrir gjaldeyrisinngríp Seðlabankans hélt gengi krónunnar áfram að gefa eftir. Gengið hefur þannig fallið um tólf prósent gagnvart evru frá áramótum.

Á sama tíma og gengi krónunnar hefur gefið eftir hafa verðbólguhorfur á markaði aðeins aukist litillega og eru í kringum 2,5 prósent verðbólgu-markmið Seðlabankans.

Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter rekstrarfélagi, segir í samtali við Markaðinn ánægjulegt að sjá hvað verðbólguvæntingar hafi litið risið.

„Það helgast líklega af gríðarlegum slaka í hagkerfinu, lækkun olíuverðs og flugfargjalda sem og væntingum um engar eða neikvæðar verðbreytingar á húsnæðismarkaði sem veða þungt á móti.“ – [hae / sjá Markaðinn](#)

Mál Guðjóns fordæmalaust

GEIRFINNSMÁL Deilt var um bótafjárhæð og eigin sök Guðjóns Skarphéðinssonar á tjóni sínu og þjáníngum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hann krefst 1,3 milljarða bóta vegna Geirfinns málsins.



Ragnar Aðalsteinnsson.

Ragnar Aðalsteinnsson sagði aðstæður í máli Guðjóns sérstakar og málið fordæmalaust. Af því leiðir að í málinu þarf að falla fordæmalaus dómur,“ sagði Ragnar í héraðsdómi í gær.


– [aá / sjá síðu 6](#)

Besta uppskeran núna!

Krónan mælir með!

KRÓNAN

Veður



Norðaustan 13-23 m/s og snjó-koma um landið norðanvert síðdegis, hvassast á Vestfjörðum. Hægari vindur sunnantil og stöku él. Viða vægt frost. **SJÁ SÍÐU 14**



Ormurinn er 1,3 metrar að lengd

Valdimar ormur verður ættleiddur

SAMFÉLAG Í síðustu viku vakti langur ormur sem fannst í fiskabúri tölvuleikjaframleiðandans CCP athygli. Ormurinn, sem fékk nafnið Valdimar, fannst grafinn í sandi þegar verið var að undirbúa flutning búrsins. Við nánari mælingar reyndist Valdimar um 1,3 metrar að lengd og er talinn hafa dvalið í búrinu um árabíl án þess að nokkur yrði hans var. Hann hefur haft nægt rými til að fela sig, enda er búrið sennilega eitt hið stærsta á landinu, um 7.560 lítrar að stærð.

Ekkert liggur fyrir af hvaða tegund Valdimar er, en hann er augljóslega burstaormur. Sumir slíkir ormar klófesta og éta fiska með ógnvekjandi árásum en ekkert bendir þó til að Valdimar hafi gætt sér á íbúum búrsins. Líklegur er að hann hafi vaxið og dafnað með því að éta litla hryggleysingja auk þess sem sumir burstaormar nærast á kóröllum.

Frá því hann fannst hefur Valdimar dvalið einn í búri í viðhaldsbergi en hagar hans gæti þó farið að vænkast. Hann hefur vakið athygli meðal áhugafólks um sjávarfiskabúr og svo gæti farið að hann yrði ættleiddur innan þess hóps.

Þá er Valdimar farinn að vekja talsverða athygli meðal aðdáenda EVE online, en greint var frá fundi ormsins í síðasta fréttamyndbandi tölvuleiksins á Youtube. Rúmlega 18 þúsund manns hafa horft á myndbandið á nokkrum dögum. – **bj**

Borgarstjórnarfundur með breyttu sniði



Það er margt með breyttu sniði þessa dagana. Fundir borgarstjórnar Reykjavíkur í gær eru þar ekki undantekning. Vegna samkomubanns og til-mæla um að menn haldi tveggja metra fjarlægð á milli sín, var brugðið á það ráð að færa hluta borgarfulltrúa upp á áhorfendapalla. Breikkað var svo bilið milli þeirra sem í salnum sátu svo allt stæðist viðmið. Svona verður tilhögunin svo lengi sem samkomubannið gildir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ferðamaður lést á Húsavík

COVID-19 Erlendur ferðamaður, sem leitaði til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Húsavík vegna alvarlegra veikinda á mánudag, lést stuttu eftir komuna. Dánarorsök liggur ekki fyrir en sjúkdómseinkennin voru ekki dæmigerð fyrir COVID-19. Unnið er að því að skera úr um dánarorsökina. Margþætt vinna tekur nú við vegna þessa máls, bæði varðandi andlát mannsins og stuðning við hans nánustu. Þá þarf að styðja við og setja þá heilbrigðisstarfsmenn sem komu að meðferð mannsins í sóttkvi, sóttþreinsa heilsugæslustöðina, ásamt því að tryggja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu fyrir Húsvíklinga.

Alls sinntu 22 starfsmenn Heilbrigðisstofnunarinnar ferðamanninum með einum eða öðrum hætti. Jón Helgi Björnsson framkvæmdastjóri segir afleiðingarnar margþættar fyrir starfseminu. – **fbl, kdi**

Psoriasisjúklingar illa leiknir af handspritti

Mikil áhersla er lögð á handþvott og sprittnotun í samfélaginu vegna COVID-19. Psoriasis og exemsjúklingar finna mikið fyrir auknum einkennum og húðsjúkdómalæknir segir mikilvægt að nota handáburð og þurr krem.

COVID-19 „Ég er sjálfur sérstaklega slæmur núna eftir allan þennan handþvott og spritt“, segir Arnþór Jón Egilsson, stjórnarmaður í stjórn SPOEX, Samtaka psoriasis og exemsjúklinga.

Almannavarnir hafa gefið út leiðbeiningar til almenningu um hvernig beri að fordást að smitast af COVID-19 sjúkdómnum og er handþvottur þar í fyrirrúmi ásamt því að hendur séu vel sprittaðar. Fyrir fólk með þurra húð, exem eða psoriasis, getur mikill handþvottur og sprittnotkun haft miklar afleiðingar.

„Ég er með psoriasis og það leggst á staði sem eru viðkvæmir fyrir“, segir Arnþór. „Ég hef verið að fá þetta á hnúana og handarbökin og ég er enn þá verri eftir allan handþvottinn.“

Þá segir Arnþór handþvottinn og sérstaklega sprittinn geta framkallað sár og mikil óþægindi fyrir þá sem eru með exem eða psoriasis. „Ég er alveg kominn með sár á hendurnar og það er ekkert vodalega gott að spritta, en auðvitað gerir maður það“, segir hann.

„Konan mín er jafnvel enn duglegri en ég í sprittinu og hún er ekki með exem eða psoriasis en er orðin verulega þurr á höndunum, svo ég held að þetta geti átt við um alla“, segir Arnþór.

Ragna Hlín Þorleifsdóttir, húðsjúkdómalæknir, tekur undir orð Arnþórs og segir mikinn handþvott geta haft þurrkandi áhrif á allar hendur, en þó sér í lagi þá sem þjást af exem og psoriasis.

„Það sem er að gerast er það að við erum að þvo burtu náttúrulega húðfitu sem húðin framleiðir alla jafnan og þær eru nauðsynlegar til



Fjöldi psoriasisjúklinga finnur fyrir auknum einkennum vegna mikils handþvottar og sprittnotkunar á tímum faraldursins. MYND/ARNÞÓR

Ég hef verið að fá þetta á hnúana og handarbökin og ég er ennþá verri eftir allan handþvottinn.

Arnþór Jón Egilsson, stjórnarmaður í stjórn SPOEX



að halda húðinni mjúkri og lokaðri þannig að við séum að verja okkur gegn bakteríum í umhverfinu“, segir hún.

„Auðvitað verðum við að þvo

hendurnar og nota handspritt á meðan á faraldrinum stendur, við komumst ekki hjá því, en það sem er mikilvægast fyrir þá sem eru með þurrar hendur er að nota handáburð og tiltölulega feit rakakrem“, segir Ragna og mælir þá með kremum sem ekki fari beint inn í húðina.

Arnþór segir að flestir þeir sem séu með psoriasis eða exem séu vel birgir af kremum. „Við þekkjum okkur sjálf og hvað við þolum. Sumir þurfa kannski að leita til læknis og fá sterkari krem eða eitthvað svoleiðis til að komast yfir erfðasta hjallann, en mín upplifun er sú að allir séu tilbúnir að gera hvað sem þarf til að hjálpast að í þessum aðstæðum“ segir hann.

birnadrofn@frettabladid.is





Við erum þar sem þú ert



Í ljósi aðstæðna hvetjum við viðskiptavini til að nýta sér stafrænar lausnir bankans fyrir allar helstu aðgerðir.

Í Íslandsbankaappinu er hægt að:

- Millifæra
- Sækja um lán allt að tveimur milljónum
- Breyta yfirdrætti
- Dreifa greiðslum
- Greiða reikninga
- Sjá PIN-númer
- Virkja snertilausar greiðslur

Við bendum einnig á netspjall bankans sem er opið milli klukkan 9-18 alla virka daga og hægt er að hringja í síma 440-4000.

Breyttur opnunartími útibúa

Í Reykjanesbæ, Húsavík, Selfossi og Vestmannaeyjum er opið virka daga frá kl. 12:30 - 15:00

Nánari upplýsingar og ráðleggingar má finna á islandsbanki.is/covid.

Margvíslegar tilslakanir í frumvörpum sem lögð hafa verið fram

COVID-19 Bjarni Benediktsson fjármálaráðgjafi og Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðgjafi hafa sett fram frumvörp til að mæta efnahagslegum skakkaðum fyrirtækja og einstaklinga vegna COVID-19 faraldursins.

Frumvarp fjármálaráðgjafa lýtur að ýmsum breytingum á lögum um tekjuskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald, fjársýsluskatt, virðisaukaskatt og fleiri.

Er því ætlað að gefa fresti og auka sveigjanleika lögáðila og stofnana vegna ástandsins sem upp er komið.

Einn er sá þáttur frumvarpsins sem ætla má að tengist ekki faraldrinum en það er breyting sem lýtur að tvöfaldri refsimeðferð vegna skattalagabrota. Er þar lagt til að ekki verði beitt álági á endurákværðaða skattstofna eða skatta ef máli því hefur verið vísað til refsimeðferðar. Félagsmálaráð-

➤ **Samkvæmt frumvarpi geta greiðslur til fólks í sóttkví hæstar orðið 21.100 krónur á dag.**

herra leggur fram frumvarp um tímabundnar greiðslur til þeirra sem dvelja í sóttkví, án þess að sýna merki þess að vera sýktir af veirunni. En á þriðja þúsund manns

dvelja nú í sóttkví og sú tala mun vafalaust hækka.

Taka greiðslurnar mið af heildarlaunum viðkomandi launamanns, en geta þó ekki verið hærri en nemur 633 þúsund króna mánaðarlaunum, eða 21.100 krónur fyrir hvern dag í sóttkví. Á þetta einnig við um einyrkja.

Þá leggur félagsmálaráðgjafi einnig fram frumvarp um minnkað starfshlutfall eins og boðað var. Að

fólk og fyrirtæki eigi möguleika á því að minnka hlutfallið í stað þess að starfsmanni sé sagt upp og greiði Abyrgðarsjóður launa mismuninn.

Skilyrðin eru að hlutfallið sé minnkað um að minnsta kosti 20 prósent og að starfsmaður verði áfram í að minnsta kosti hálfu starfi.

Heildarsumma launa og bóta hvers einstaklings má ekki fara yfir 650 þúsund krónur á mánuði. – klg



Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia. XXXXXXXXXXXX

Mikil óvissa hjá flugvallarfólki

SAMGÖNGUR Af 33 áætluðum komum farþegaþota til Keflavíkurflugvöll í gær var sextán aflýst samkvæmt upplýsingasiðu vallarins. Umsviðin í Leifsstöð eru þannig að dragast hratt saman og líkur á að þau verði enn minni fljótlega. Tvísýnt er því um störf margra þar á meðan ástandið vegna COVID-19 varir.

➤ **Sextán af 33 áætluðum komum á Keflavíkurflugvelli í gær var aflýst samkvæmt vefsíðu vallarins.**

„Það eina sem ég get sagt núna er að við erum að fara yfir stöðu mála. Það er gríðarleg óvissa og við erum að fylgjast með þeim ákvörðunum sem okkar stærstu viðskiptavinir, það er að segja flugfélögin er að taka og eru að fara að taka,“ segir Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, aðspurður hvernig þessi staða endurspeglar í starfsemi og starfsmannahaldi fyrirtækisins. – gar

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Eldri borgarar vanir áföllum

Stór hópur eldri borgara er í sjálfskipaðri einangrun vegna COVID-19 faraldursins. Formaður Landssambands eldri borgara segir að fyrirspurnum um leiðbeiningar vegna notkunar snjalltækja rigni inn.

COVID-19 „Eldri borgarar á Íslandi er hópur sem er vanur alls konar áföllum og tekur hlutunum með æðruleysi. Þessi mikla skerðing á samskiptum er verst. Núna eru allir að reyna að finna lausnir á því,“ segir Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara.

Þeir sem eru 67 ára og eldri eiga fremur á hættu en aðrir að fá alvarleg einkenni af COVID-19 veirunni. Í gær var greint frá andláti erlends ferðamanns á Húsavík. Er nú verið að rannsaka hvort hann hafi látist af völdum veirunnar, er það þó talið ólíklegt. Alls hafa greinst 240 smit hér á landi og eru um tvö þúsund manns í sóttkví. Minnst fimm eru læknaðir.

Lokað hefur verið fyrir heimsóknir á hjúkunarheimili og hefur félagsmiðstöðvum fyrir fullorðna verið lokað. Hátt í þrjátíu slíkar eru starfræktar á höfuðborgarsvæðinu og eru þær fastur liður í lífi margra. Öll önnur þjónusta, þar á meðal heimaþjónusta, heimahjúkrun og stuðningsþjónusta er órofin. Er margir eldri borgarar í sjálfskipaðri sóttkví. „Hér á landi eru tæplega 45 þúsund manns yfir 67 ára aldri. Þetta er gríðarlega stór hópur,“ segir Þórunn. Þá eru rúmlega tíu þúsund sem búa einir.

Ellert B. Schram, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, segir að verið sé að gera hið besta til að draga úr erfiðleikum þeirra sem eru heima. „Þetta getur lent á eldri borgurum frekar en öðrum, sérstaklega þeim sem eru einangraðir,“ segir Ellert.

Þingsályktunartillaga Ágúst Ólafs Ágústssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, um að láta rannsaka umfang þunglyndis meðal eldri borgara var samþykkt síðasta haust.

Hann segir að staðan sem nú sé uppi auki hættuna sem nú þegar er til staðar þegar kemur að þung-



Æskilegt er að þeir sem eru í áhættuhópi hugi vel að andlegri og líkamlegri heilsu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

●● **Ef einhvern tímann var ástæða til að hafa samband við eldri vini og ættingja þá er það núna.**

Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar



lyndi og kvíða. „Þetta er hópur sem er í áhættuhópi. Það er óvissa, það er ótti. Þetta er kynslóð sem er ekki vön að kvarta. Ef einhvern tímann var ástæða til að hafa samband

●● **Hér á landi eru tæplega 45 þúsund manns yfir 67 ára aldri. Þetta er gríðarlega stór hópur.**

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara



við eldri vini og ættingja þá er það núna,“ segir Ágúst Ólafur. „Eftir það er í þeirri stöðu að þurfa að halda sér einn heima þá tekur það ekkert langan tíma að leiða til þunglyndis.“

Þórunn segir mikla vinnu í gangi af hálfu fjölmargra aðila til að gera líf í einangrun bærilegra. „Fólk er áberandi duglegt við að fara út að ganga þó að færðin sé fúl. Það er unnin heimilil vinna við að hjálpa þessum hópi,“ segir Þórunn.

Landssambandið býður upp á leiðbeiningar á snjalltæki, og segir Þórunn að fyrirspurnum um slíkt hafi rígt yfir skrifstofuna í gær. „Á sama tíma þarf maður að hugsa um hvað maður á að gera við tímann þegar maður er ekki beint í sóttkví, en næstum því. Það eru mörg góð húsráð. Fara yfir myndaalbúmin til dæmis. Það er alltaf eitthvað sem fellur til eftir maður litur í kringum sig.“ arib@frettabladid.is

Ríkið brotið jafnréttislög 25 sinnum

JAFNRÉTTISMÁL „Ég er sammála því sem fram kemur í svari forsætisráðherra að 25 brot frá gildistöku laganna árið 2008 eru 25 brotum of mikið. Það er jákvætt að nú sé í gangi vinna í tengslum við endurskoðun laganna sem vonir eru bundnar við að muni leiða til fækkunar brota gegn lögnum í framtíðinni,“ segir Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar, um umfang brota hins opinbera á jafnréttislögum.

Svar forsætisráðherra við skriflegri fyrirspurn Hönnu Katrínar var lagt fram á Alþingi í gær. Þar kemur fram að opinberir aðilar hafi 20 sinnum brotið gegn banni við mismunun við ráðningu í störf á grundvelli kyns.

Í þrettán tilfellum var kærandi kona en karl í sjö tilfellum. Þá eru brot gegn banni við mismunun í launum eða öðrum kjörum á grundvelli kyns fimm talsins.

Hanna Katrín segir það vekja

●● **Það er sérkennilegt að forsætisráðherra, sem jafnframt er ráðherra jafnréttismála, svari því ekki einfaldlega hversu háar fjárhæðir ríkissjóður hefur greitt í bætur vegna þessara brota.**

Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar



athygli að brotin hafi ekki aðallega átt sér stað á fyrstu árunum eftir gildistöku laganna. Þannig hefur hið opinbera verið dæmt fyrir brot á banni við mismunun á ráðningu

í störf á hverju ári frá 2009 til 2019. Forsætisráðherra svarar ekki þeim lið fyrirspurnarinnar sem snýr að fjárhæð bóta sem ríkissjóður hafi þurft að greiða vegna umræddra brota. Rétt sé að beina því til einstaka ráðuneyta.

„Það er sérkennilegt að forsætisráðherra, sem jafnframt er ráðherra jafnréttismála, svari því ekki einfaldlega hversu háar fjárhæðir ríkissjóður hefur greitt í bætur vegna þessara brota, heldur komi með stjórnsýslufyrirslátt,“ segir Hanna Katrín.

„Mig minnti reyndar að einhver þessara brota tengdust forsætisráðuneytinu, en það hlýtur að vera misminni hjá mér miðað við þetta svar,“ bætir hún við.

Þess vegna hefur Hanna Katrín sent aðra fyrirspurn til forsætisráðherra til að fá úr því skorið hvaða stofnanir og ráðuneyti hafi gerst brotleg við lög. – sar

Allt fyrir afmælið!

PARTYBÚÐIN

Finndu okkur á [Facebook](https://www.facebook.com/partybudin) og [Instagram](https://www.instagram.com/partybudin)

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Eucerin[®]



24 TÍMA RAKABOMBA MEÐ 3X MEIRI HÝALÚRONSÝRU*

*3x meiri virkni, samanborið við Hyaluron-Filler CC Cream

Veirutilfellum fjölga hratt

COVID-19 Alls greindist 41 með COVID-19 í gær sem er það mesta á einum degi síðan faraldurinn kom til landsins. Þegar blaðið fór í prentun stóð heildartalan því í 240 manns en fimm hafa verið útskrifaðir úr einangrun, læknaðir af sjúkdómnum. Þá eru um 2.200 manns í sóttkví. Alls hafa um 5.000 sýni verið tekin, 2.300 á Landspítalanum og 2.600 í skimun Íslenskrar erfðagreiningar. – khg

Fjórðungur finnur fyrir miklum kvíða

COVID-19 Rúmur fjórðungur landsmanna finnur fyrir miklum kvíða vegna COVID-19. Þetta kemur fram í Þjóðarpól Gallup. Rúmlega fjórðingur af hverjum tíu finna fyrir litlum eða engum kvíða og ríflega þriðingur af hverjum tíu hvorki mikils né litils kvíða.

Einungis þrjú prósent hafa ekki breytt venjum sínum að neinu leyti til að forðast smit. Nær níu af hverjum tíu þvo eða spritta hendur sínar oftast eða betur en áður. Þá vinna 17 prósent heima hjá sér að öllu leyti eða að hluta.

Könnunin var gerð 13. til 16. mars. Úrtaksstærð 1.272 einstaklingar 18 ára eða eldri af öllu landinu, var þátttökuhlutfallið 55,1 prósent. – ab



Margrét Þórhildur flytur ávarp sitt.

Danadrottning brýndi til dáða

DANMÖRK Margrét Þórhildur Danadrottning ávarpaði í gærkvöld þjóð sína í Danmarks Radio og brýndi fyrir fólki að hlýða öllum fyrir mælum stjórnvalda í viðleitninni til að hefta útbreiddslu kórónaveirunnar.

„Þetta er keðja sem við þurfum að rjúfa og getum rofið,“ sagði Margrét. Hins vegar væru sumir sem ekki tækju málið nógu alvarlega. „Það er hugsunarlaust og tillitslaust,“ sagði Margrét um þá sem halda samkvæmi í tilefni af stórafmælum og álika á sama tíma og barist væri gegn kórónaveirunni sem gæti svipt marga ástvinum sínum.

Á blaðamannafundi fyrir ávarp Danadrottningar tilkynnti Mette Frederiksson að í dag tæki gildi bann gegn samkomum með fleiri en tíu manns. „Að þessu sinni þurfum við að sýna samstöðu með því að halda fjarlægð,“ sagði Margrét Þórhildur. – gar

Rýmdu nokkur hús á Vestfjörðum vegna snjóflóðahættu

VESTFIRÐIR Eftir tilkynningu Veðurstofunnar um snjóflóðahættu var ákveðið að rýma íbúðarhús ofarlega í Þorpinu á Flateyri, tvö íbúðarhús á Patreksfirði og nokkur atvinnuhús á Ísafirði í gær. Þá var varðskipið Týr sendur vestur til að aðstoða Vestfirðinga ef illa færi.

Daníel Jakobsson, oddviti Sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, ræddi við nokkra íbúa á Flateyri í gær og segir að þar séu íbúar varkárir. Sumir höfðu þegar

Fólk sem taldi sig vera tryggt undir garðinum gerir það ekki lengur.

Daníel Jakobsson, bæjarstjórnarmaður Ísafjarðarbæjar

fært sig um set áður en til rýmingar kom. „Fólk sem taldi sig vera tryggt undir garðinum gerir það ekki lengur,“ segir hann.

Aðeins tveir mánuðir eru síðan flóð féll á Flateyri og litlu mátti muna að illa færi. Flóðið fór yfir garðinn og fjórtán ára stúlku var bjargað úr flóðinu sem barst inn á heimili hennar. Daníel segir garðinn sjálfan ekki skemmdan eftir það flóð en ljóst sé að hann sé ekki jafn öruggur og áður var talið.

Auk íbúðarhúsnaðis er höfnin á Flateyri á hættusvæði en í janúar skemmdust margir af bátum Flateyriinga. „Það er búið að taka bátana alla upp á land,“ segir Daníel aðspurður um viðbrögð útgerðarmanna.

„Almennt séð erum við brött en við erum orðin hundleið á þessu veðri. Þetta er búið að vera alveg ömurlegt tíð frá áramótum,“ segir Daníel. „En við erum öllu von og vinnum út frá því.“ – khg

Segir Guðjón hafa afvegaleitt rannsóknaraðila og dómara

Aðalmeðferð í bótamáli Guðjóns Skarphéðinssonar fór fram í gær. Tekist var á um bótafjárhæð og eigin sök Guðjóns á tjóni sínu og þjáningum. Engin vitni voru leidd við aðalmeðferðina. Guðjón gaf ekki aðildarskýrslu og var ekki viðstaddur. Hann krefst 1,3 milljarða af ríkinu í bætur vegna Geirfinnsmálsins.

GEIRFINNSMÁL „Aðstæður í máli umbjóðanda míns eru sérstakar. Þær eru fordæmalausar. Af því leiðir að í málinu þarf að falla fordæmalaus dómur,“ sagði Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Guðjóns Skarphéðinssonar, við aðalmeðferð í bótamáli Guðjóns gegn ríkinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Guðjón krefst 1,3 milljarða í bætur frá ríkinu fyrir að hafa verið ranglega sakfelldur í Geirfinnsmálinu og frelsissviptingu í 58 mánuði. Af 1.202 dögum í gæsluvarðhaldi var Guðjón í einangrun í 412 daga.

Engin vitni voru leidd við aðalmeðferðina; hvorki þeir sem komu að rannsókn málsins á sínum tíma eins og boðað hafði verið né aðrir. Guðjón sjálfur gaf heldur ekki skýrslu og var ekki viðstaddur aðalmeðferðina.

Ríkið krefst sýknu í málinu en eftir að ríkið greiddi út bætur í janúar, litur settur ríkislögmaður svo á að bótaréttur hafi verið viðurkenndur í málinu. Hann hefur því fallið frá þeirri málsástæðu sinni að bótaskylda sé ekki fyrir hendi meðal annars vegna fyrningar. Í málinu er hins vegar enn deilt um fjárhæð bóta og þá málsástæðu ríkisins að Guðjón hafi sjálfur stuðlað að eigin tjóni og þjáningum með því að hafa afvegaleitt rannsakendur og dómara með yfirlýsingum sínum á meðan á gæsluvarðhaldi stóð.

Settur ríkislögmaður sagði að meta þyrfti hvort þær yfirlýsingar hefðu þýðingu fyrir bótarétt hans og dró þá ályktun, með vísan til reglna skaðabótaréttarins um eigin sök, að sá sem játi á sig sök, gefi yfirlýsingar eða láti frá sér upplýsingar sem fela í sér að rannsakendur þurfi að rannsaka mál frekar og þá eftir atvikum beita víðeigandi rannsóknarræðum, geti ekki samhliða gert kröfu um skaðabætur.

Lögmaður Guðjóns hafnaði því að Guðjón hefði afvegaleitt rannsakendur og dómara. Þvert á móti sýndu gögn málsins að rannsakendur hefðu leitt Guðjón áfram í framburði sínum allt frá upphafi. Hann benti í því sambandi á skýrslur



Settur ríkislögmaður, Andri Árnason hrl., flutti málið af hálfu ríkisins í héraðsdómi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er algjörlega tilgangslaust að dæma í þessu máli ef upphæðirnar eru ekki háar

Ragnar Aðalsteinsson, hæstaréttarlögmaður

við Geirfynn Einarsson í dráttarbrautinni í Keflavík kvöldið sem Geirfynnur hvarf. Geirfynnur hefði farið út á litlum báti til að sækja spira og ekki komið til baka. Hann neitaði hins vegar aðild að málinu í skýrslutöku hjá lögreglu og sagði að um fylleriisraus hefði verið að ræða.

Saga Guðmundar hafi síðar orðið rauður þráður í framburði þeirra sem játuðu aðild að málinu og samþærileg niður í smæstu smáatriði þótt ekkert þeirra hafi þekkt Guðmund þennan eða vitað af tilvist hans fyrr en áratugum síðar. Uppruni frásagnarinnar um mennina fjóra og bátinn í dráttarbrautinni sýni fram á að sakborningar hafi verið leiddir af rannsakendum en ekki öfugt.

Settur ríkislögmaður fjallaði um þær bætur sem þegar hafa verið greiddar út í málinu á grundvelli nýlega samþykktara laga þar um.

Hann sagði að þótt fallast mætti á bótaskyldu sem gert hefði verið, hlyti ríkið að grípa til varna þegar jafn hárra bóta væri krafist og Guðjón gerði.

Ragnar sagði miður að ríkið skyldi ekki hafa lýst því yfir og viðurkennt að vissulega hefði verið hræðilegt hvernig brotið hefði verið gegn Guðjóni, þótt það óttist kostnað af því.

„Það er algjörlega tilgangslaust að dæma í þessu máli ef upphæðirnar eru ekki háar; Ef við viljum ekki búa í betra samfélagi sem er reidubúið, ef það gerir stórfelld mistök og sviptir menn nánast lífinu, að bæta það og senda skilaboð til framtíðarinnar. Svona háar bætur eru til þess að senda skilaboð til framtíðarinnar,“ sagði Ragnar.

Dóms er að vænta í málinu innan fjögurra vikna.

adalheidur@frettabladid.is

SAS fær ríkisábyrgð að jafnvirði 42 milljarða króna til að mæta áföllum vegna veirunnar

VÍÐSKIPTI Flugfélagið SAS sem er að hluta að í eigu danska og sænska ríkisins hefur fengið ábyrgðir frá þessum löndum upp á jafnvirði 42 milljarða íslenskra króna til að hindra gjaldþrot. Þetta kemur fram á vef danska ríkisútvarpsins.

SAS er gríðarlega mikilvægt í mörgu tilliti fyrir þessi lönd. „Það ástæða þess að að danska ríkið og sænska ríkið, sem tveir stærstu eigendurnir, hafa ákveðið að veita til

að byrja með ábyrgðir fyrir í allt að þremur milljörðum sænskra króna [42 milljörðum íslenskra króna],“ er haft eftir Nicolai Wammen, fjármálaráðherra Danmerkur í fréttatilkynningu.

Wammen segir þessar ábyrgðir fyrsta skrefið og undirstrikar að sögn Danmarks Radio að danska ríkið sé reidubúið að gera „hvadeina sem er nauðsynlegt“ til að tryggja að SAS lifi af.



SAS sagði upp 90 prósentum starfsmanna á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Um er að ræða fyrsta skrefið og danska ríkið vill sem framsýnn og ábyrgur meðeigandi í SAS fylgjast grannt með þróun mála og gera hvadeina sem er nauðsynlegt til þess að SAS komist í gegn um krisuna og verða áfram starfhæft,“ segir Wammen.

Gengi hlutabréfa SAS hefur fallið um 40 prósent á einum mánuði. Á sunnudaginn sagði félagið upp 90 prósentum af starfsfólki sínu. – gar

Gantz reynir stjórnarmyndun

Forseti Ísraels hefur veitt Benny Gantz umboð til stjórnarmyndunar. Gantz nýtur stuðnings naums meirihluta þingmanna til stjórnarmyndunarinnar en ekki er ljóst hvort samstaða náist meðal þeirra.

ÍSRAEL Benny Gantz, formaður Blá-hvítra og stjórnarandstöðunnar í Ísrael, hefur hlotið umboð til að mynda nýja ríkisstjórn þar í landi.

Gantz hefur verið helsti keppinatur Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels og formanns Likud flokksins, sem var aðeins tveimur þingsætum frá því að mynda meirihluta eftir kosningar sem haldnar voru nú í byrjun mars.

Leiðtogar stærstu flokkanna hittu Reuven Rivlin, forseta Ísraels, á sunnudag. Gantz nýtur stuðnings minnsta mögulega meirihluta með 61 þingmenn af 120 og veitti Rivlin honum umboðið. Þetta þýðir þó ekki að Gantz muni leiða næstu ríkisstjórn, en hann hefur nú sex vikur til að mynda meirihlutastjórn.

Ekki er víst að allir þeir sem studdu umboð Gantz séu tilbúnir til að mynda ríkisstjórn með honum. Fimmtán þeirra sem studdu hann tilheyrta bandalagi arabískra þingflokka og voru mögulega einungis að reyna að koma höggi á Netanyahu sem er helsti pólitíski andstæðingur þeirra.

Þá var Gantz einnig studdur af leiðtoga flokks öfgafullra þjóðernissinna sem hefur ítrekað sagt að hann myndi aldrei ganga í ríkisstjórn með arabískum þingmönnum.

Fréttirnar af umboðinu bárust á sama tíma og réttarhöldum yfir



Þetta er í annað skipti sem Benny Gantz hlýtur umboð til stjórnarmyndunar á innan við tólf mánuðum. Ekki er víst að viðræður skili árangri en harðir andstæðingar eru innan naums meirihluta sem styður Gantz. MYND/GETTY

61

af 120 þingmönnum styðja umboð Gantz til stjórnarmyndunar.

Netanyahu vegna ásakana um spillingu var frestað vegna COVID-19.

Í kjölfarið hvatti hann til myndunar neyðarstjórnar vegna faraldursins sem gæti varað í allt að sex mánuði og vildi Netanyahu sjálfur vera við stjórnvölinn. Sakaði Gantz hann um að notfæra sér ástandið.

Ráðstafanirnar að baki frestun réttarhaldanna voru settar af forsætisráðherranum sjálfum sem hefur verið sakaður um fjársvik,

trúnaðarrest og mútupægni.

Kosningarnar fyrr í mánuðinum voru þær þriðju sem haldnar hafa verið í Ísrael á einu ári eftir að tilraunir til ríkisstjórnarmyndunar hafa tvisvar siglt í strand.

Landinu hefur verið stjórnað af bráðabirgðastjórn sem hefur takmarkað löggjafarvald og hafa ýmis ríkisstyrkt verkefni á borð við vegagerð verið lätin sitja á hakanum. arnartomas@frettabladid.is



Viðkomandi einstaklingur hefur verið settur í einangrun. MYND/GETTY

Viðbrögð í Nuuk

GRÆNLAND Fyrsta tilfelli kórónaveirunnar greindist Grænlandi á mánudaginn. Hinn smitaði býr í Nuuk og er í einangrun.

Kim Kielsen, forsætisráðherra Grænlands, tilkynnti að gripid verði til ráðstafana til að sporna gegn útbreiðslu faraldursins.

Mæla stjórnvöld gegn 100 manna samkomum. Einnig er mælt gegn ónaúðsynlegu flugi til og frá landinu. – atv

Ræddu saman

UTANRÍKISMÁL „Við áttum gott samtal og ég lýsti vonbrigðum mínum með aðgerðir sem Bandaríkin og Evrópusambandið hafa gripid til,“ er á vef utanríkisráðuneytisins haft eftir Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra sem í gær ræddi í síma við Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Guðlaugur Þór lagði áherslu á mikilvægi farþegaflugs á milli landanna.

„Við þurfum að leita allra leiða til að lágmarka þann skaða sem þessar aðgerðir valda,“ er haft eftir Guðlaugi um flugbann ESB og Bandaríkjanna. – gar

Nýjar íbúðir til sölu

201 SMÁRI



Ítarlegar upplýsingar má finna á www.201.is

Yfir 150 íbúðir seldar í 201 Smára

Nú eru til sölu eignir í öllum stærðum og gerðum fyrir einstaklinga eða fjölskyldur. Til afhendingar 2020. Ein af byggingunum þremur er sérstaklega hönnuð með þarfir eldri borgara að leiðarljósi, svalir yfirbyggðar og þægindi í hverju horni.

Fáðu meira fyrir minna, lifðu í núinu og njóttu tímans sem skapast.



Deilibílar í hverfinu



Skólar og leikskólar í göngufjarlægð



Leiksvæði og opnir garðar



Miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu



Yfir 100 verslanir í göngufæri



Stutt að samgönguæðum og í almenningssamgöngur



Snjöll hönnun og lausnir



Góðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir



Hleðslustaðir fyrir rafbílur við hús og í hverfi

LIND
FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6
201 Kópavogur
sími 510 7900
201@fastlind.is

Miklaborg fasteignasala
Lágmúla 4, 108 Reykjavík
miklaborg@miklaborg.is
5697000

MIKLABORG

201.is

Segið oftast satt



Adalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Eftir áratuga baráttu íslenskrar stjórnvalda fyrir auknu trausti í sinn garð, með tilheyrandi starfshópum og úttektum er loks komin niðurstaða. Hún kom skyndilega og reyndist ógnar einföld: Það þurfti ekki annað en segja satt.

Lítið hefur þokast síðan þjóðin setti Íslandsmet í vantrausti til stjórnvalda á hrunárunum. Þangað til allt í einu núna. Í stað þess að trúa næstum engu stöndum við frammi fyrir því að trúa næstum öllu sem kemur frá hinu opinbera um stöðu mála.

Samfélagsmiðlar glóa af trúnaðartrausti til stjórnvalda fyrir framúrskarandi viðbrögð við heimsfaraldri. Þakklæti fyrir heiðarlega og trausta upplýsingagjöf er mörgum efst í huga.

Tregða ráðuneyta og stofnana við að veita upplýsingar hefur lengi verið raunveruleiki í daglegu starfi íslensks fjölmiðlafólks. Vantraust er bæði orsök og afleiðing þessarar tregðu. Þegar kerfið treystir ekki fjölmiðlum treystir enginn kerfinu.

„Þetta vantraust getur leitt til þess að jafnvel þótt stofnanir veiti á endanum upplýsingar sem óskað er eftir skapast samt grunsemdir um að ekki sé öll sagan sögð og að mikilvægum upplýsingum sé haldið eftir.“ segir í skýrslu starfshóps um traust á stjórnmalum. Þar er einnig útskýrt hvers vegna svo miklu máli skiptir að rétt sé staðið að veitingu upplýsinga. „Ef þær fást greiðlega og án óútskýrðra tafa er líklegra að viðtakendur treysti þeim og telji sér vel þjónað. Séu þær veittar seint og illa eða með hangandi hendi er hætta á að beiðandinn fyllist tortryggni og efasemdum.“


Ahrif þeirrar óvæntu gagnsæisæfingar sem nú stendur yfir í landinu eru öllum ljós. Það hefur komið á daginn að landsmönnum er treystandi fyrir sannleikanum eftir allt saman og flestir haga sér eins og síðað fólk. Farið er eftir leiðbeiningum og flestir leggja sitt af mörkum til að markmiðum stjórnvalda verði náð og skilja mikilvægi þess að gæta að þolmörkum heilbrigðiskerfisins. Flestir hafa áhyggjur en fæstir fara á taugum. Það er búið að útskýra þetta fyrir okkur.

Þau sem standa í brúnni hljóta að finna fyrir trúnaðartraustinu og hversu dýrmætt er að þurfa hvorki að kljást við vantraust né tortryggni borgaranna. Almennung þyrstir í upplýsingar. Fólk vill skilja af hverju útgöngubann er í sumum löndum en ekki á Íslandi. Af hverju danskir leikskólar eru lokaðir en ekki okkar, hversu margir muni deylla og hversu löngum harðindum sé spáð. Við ótal spurningum hafa yfirvöld veitt heiðarleg svör – stundum eftir yfirlegu sérfræðinga en í öðrum tilvikum með hinu auðmjúka „við bara vitum það ekki“. Og þá er bara dilað við það. Jafnvel Þórólfur veit ekki allt en við treystum því að hann sé að gá og verði vonandi búinn að finna út úr þessu á stöðufundi á morgun klukkan tvö.

Það er einungis ein meginástæða fyrir því trausti sem Íslendingar bera skyndilega til stjórnvalda. Það skapaðist þegar stjórnvöld neyddust til að láta af vantrausti sínu í garð borgaranna. Því þar lá hundurinn grafinn allan tímann.

Þegar kerfið treystir ekki fjölmiðlum treystir enginn kerfinu.

Halldór



Frá degi til dags

Þóstrur í stað funda

Það eru ófáir Íslendingar að komast yfir þá sjóveiki sem fylgir því að vinna heima. Hefur komið í ljós að það skiptir engu yfirgengilegu máli hvar þægilega innivinnan fer fram. Hefur einnig komið í ljós að marga af hinum þriggja kortera löngu fundum er hægt að afgreiða með tölvupósti. Kann að vera að innivinnufólkið læri eitt-hvað af þessari lífsreynslu, meira en möguleikann á dagdrykkju eins og sumir stjórnmalamenn. Einnig er möguleiki að excel-skodandi yfirmenn fatti möguleikann á að spara húsnæðiskostnað með slíku fyrirkomulagi til frambúðar. Verður það málkjarabaráttumál að leyfa starfsfólki að mæta í vinnuna.

Lúkum í vaselínu

Heimavinnan getur einnig hlíf handsprittsprungnum lúkum. Núna, þegar flestir eru búnir að byrgja sig upp af spritti og handsápu, þá hefur komið í ljós að krumllurnar minna nú meira á beltisdýr eða salamöndru en guðsgaffla spendýra. Hefur þá leitinn hafist að almennilegum handáburði til að lina þjáningarnar. Allt er betra en að sofa með lófana í vaselínukrúkkunni sem hefur verið inni í skápnum inni á baði frá því fyrir hrun. arib@frettabladid.is

Heilsugæsla og COVID-19



Svandís Svavarsdóttir
Heilbrigðisráðherra

Heilsugæslan gegnir mikilvægu hlutverki sem fyrsti viðkomustaður almennings í heilbrigðiskerfinu. Um þessar mundir stendur Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins í ströngu við að veita ráðgjöf, þjónustu og sinna sýnatöku vegna COVID-19-veirunnar, en sú þjónusta bætist ofan á hefðbundin verkefni heilsugæslunnar.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur nú þegar breytt skipulagi á þjónustu sinni til þess að bregðast við aðstæðum. Sérstök áhersla er lögð á skjóta, skýra og samstillta upplýsingagjöf til notenda heilsugæslunnar. Heilsugæslan veitir nú mikla fjarheilbrigðisþjónustu með simtölum. Hringt er í alla sem eiga bókaðan tíma og málin leyst simleiðis ef hægt er, og almennt kemur enginn inn á heilsugæsluna nema að viðkomandi hafi fyrst talað við starfsmann heilsugæslunnar í síma. Þannig er mögulegt að stýra því hverjir koma á heilsugæsluna og hvenær, til þess að minnka hættu á útbreiðslu veirunnar og vernda starfsfólk.

Eins og áður er mögulegt að senda skilaboð á sína heilsugæslu í gegnum Heilsuveru og nýta sér netspjallið á Heilsuveru (Heilsuvera.is). Starfsmönnum sem sinna netspjalli hefur verið fjölgað umtalsvert, auk þess sem sú nýjung hefur verið tekin upp að hægt er að panta símtal í gegnum Heilsuveru. Þannig minnkar álagið á simkerfinu.

Gripið hefur verið til aðgerða til þess að efla sýkingavarnir á heilsugæslustöðvunum auk þess sem margir starfsmenn vinna að heiman. Upplýsingagjöf stjórnenda til starfsfólks hefur verið eflid og mikið samráð haft við aðrar heilbrigðisstofnanir og einkareknar heilsugæslustöðvar. Þannig er þekkingu dreift manna á milli til þess að auka skilvirkni og auðvelda starfsemi á þessum krefjandi tímum.

Álagið er mikið og aðstæðurnar eru fordæmalausar, eins og svo oft hefur verið sagt í fjölmiðlum síðustu daga. Eg hef aftur á móti verið fullvissuð um það að starfsemi heilsugæslunnar gengur framur vonum og að starfsfólkið leggur sig allt fram um að gera sitt besta. Fyrir það ber að þakka.



Sérstök áhersla er lögð á skjóta, skýra og samstillta upplýsingagjöf til notenda heilsugæslunnar.

Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

STÓRUM HUMRI!!

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stórelhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.

nordanfiskur

Embætti landlæknis fagnar 260 ára afmæli í skugga COVID-19



Alma D. Möller
landlæknir



Mikið mæddi á landlækni árið 1918 þegar spænska veikin gekk. Síðan þá hafa gengið minni faraldrar en ekkert í líkingu við það sem nú á sér stað þegar COVID-19 geisar.

Þann 18. mars árið 1760 var Bjarni Pálsson skipaður fyrsti landlæknirinn. Bjarna var minnst með myndarlegum hætti á liðnu vori þegar 300 ár voru liðin frá fæðingu hans. Hinum fyrsta landlækni var sett allitarlegt erindisbréf, þar sem honum var m.a. falin umsjón með heilbrigðismálum landsins, að veita sjúkum landsmönnum læknishjálp og kenna mönnum lækningar í því skyni að útskrifa þá sem fjórðungslækna á Íslandi. Landlæknir átti einnig að uppfræða ljósmæður, vera lyfsali og sjá um sóttvarnir.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og embættið vaxið og eflst, en þar vinna nú um 70 manns. Embætti landlæknis starfar í samræmi við lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Verkefni eru ærin og afar fjölbreytt en samkvæmt lögum er embættinu ætlað að stuðla að heilbrigði landsmanna og efla lýðheilsustarf í landinu. Í því sambandi er eitt af mikilvægum hlutverkum landlæknis að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi, ráðgjöf og fræðslu um

málefni á verksviði embættisins.

Mikilvæg verkefni eru eftirlit með heilbrigðisþjónustu, heilbrigðisstarfsmönnum og lyfjaávisunum. Þá vinnur embættið að því með heilbrigðisráðuneytinu, öðrum stofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum öllum að því að efla gæði og öryggi þjónustunnar og að vinna að framgangi Heilbrigðisstefnu. Embættið veitir starfsleyfi þeim 34 skráðu starfsstétum sem hér eru og veitir leyfi til rekstrar, sinnir kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu og vinnur úr alvarlegum atvikum. Æ mikilvægari þættir í starfi embættisins eru að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu en brýnt er að ákvarðanir byggja á vönduðum gögnum auk þess að þróa og sinna



málefnum rafrænnar sjúkraskrár. Því eru gæði og öryggi í öndvegi í öllu starfi og rekstri embættisins. Fjölpætt vinna fer fram til að stuðla að bættri lýðheilsu og fer það starf meðal annars fram á vettvangi sveitarfélaga undir verkefninu Heilsuefandi samfélag.

Síðast en ekki síst ber embættið ábyrgð á framkvæmd sóttvarna. Þar starfar sóttvarnalæknir og samstarfsfólk í samræmi við sóttvarnalög nr. 19/1997. Þau lög eru skýr og fela sóttvarnalækni mikilvægt hlutverk í samfélaginu og heimildir til að bregðast við þeirri vö sem affar-sóttum kann að stafa. Sóttvarnir hafa verið mikilvægur þáttur starfsins allt frá stofnun embættisins en á þeim tíma voru smitsjúkdómar tíðir og skæðir.

Mikið mæddi á landlækni árið 1918 þegar spænska veikin gekk. Síðan þá hafa gengið minni faraldrar en ekkert í líkingu við það sem nú á sér stað þegar COVID-19 geisar. Ástæða er til að hrósa sóttvarnalækni og hans fólki fyrir fumlauð og fagleg vinnubrögð allt frá því að fregnir bárust af hinni nýju veiru í fyrri hluta janúar. Það er ætíð áhyggjuefni þegar faraldur áður óþekktar veiru kemur upp og því mikil vinna farið fram til undirbúnings því að takast á við það sem hugsanlega gæti gerst. Þótt línur séu farnar að skýrast er enn ekki að fullu ljóst hvert umfang faraldursins verður. Það gerir vinnu sóttvarnalæknis, og allra þeirra sem þurfa að bregðast við, flókna; óvissan er eina vissan

sagði fyrrverandi sóttvarnalæknir.

Sem stendur snýst áætlun sóttvarnalæknis um að fræða almenn- ing um mikilvægi hreinlætis og sóttvarna, að greina smit snemma, einangra smitaða, rekja smit og setja í sóttkví þá sem mögulega gætu verið smitaðir. Ofuráhersla er á að vernda þá sem eru í mestri áhættu við að veikjast mikið sem eru aldradír og fólk með undir- liggjandi sjúkdóma. Vitað er að 80% þeirra sem verða veikir fá væg einkenni, 10-15% veikjast nokkuð og 5-10% veikjast alvarlega. Það er hins vegar ekki ljóst hve stór hópur þjóðarinnar veikist eða hve stór hópur fær veiruna án þess að sýna nokkur einkenni. Hugsan- lega geta margir veikast alvarlega og því er mikill viðbúnaður innan heilbrigðiskerfisins. Nú hefur verið gripið til samkomubanns sem ætlað er að hægja á útbreiðslu faraldurs- ins þannig að heilbrigðiskerfið geti ráðið við þetta krefjandi verkefni.

Kæru landsmenn, hér hefur verið stiklað á stóru um hlut- verk Embættis landlæknis og það flókna verkefni sem sóttvarna- læknir, allt starfsfólk embættis- ins og heilbrigðiskerfisins sem og þjóðin öll tekst nú á við. Þeim sem eru áhugasamir um sögu, hlutverk og starfsemi Embættis landlæknis er bent á vefinn landlæknir.is. Það er ósk mín á þessum tímamótum að afmælisbarninu farnist vel og haldi áfram að vinna að heilsu og vellíðan landsmanna.



Fellum nýtt að því sem fyrir er



Helgi
Þorláksson
sagnfræðingur

Líka mætti nefna húsin að sunnan- og vestanverðu í Adalstræti (Fjalakött og Uppsali) og enn fremur horn Lækjargötu og Austurstrætis.

Íbúar við Bergstaðastræti hafa m.a. bent á að nýbyggingin sé of stór fyrir umhverfið, sé bæði of há og byggingarmagn á lóð of mikið. Áformin fari gegn ákvæðum í Adal- skipulagi um borgarvernd þar sem segi að gætt skuli að byggingarsögu- legu samhengi, að heildarsvipmóti gróinna hverfa verði ekki raskað og nýjar byggingar í rótgrónum hverfum „verði lagaðar að einkennum byggðarinnar“. Það er hins vegar „faglegt mat skipulagsfulltrúa að gætt hafi verið að byggðarmynstri reitsins“. Þarna er vissulega fyrir hátt og mjótt steinhús sem stingur í stúf. En aðalatriði er að það skal rífið og gefst þá einstakt færi á að fella nýbygginguna að því sem fyrir er.

Af hverju neyta borgaryfir- völd ekki færís og láta fella nýtt að gömlu? Þá er verið að tala um hallandi þak á nýju húsi, kvisti, smágerða glugga, gluggaumgjörð í gömlum stíl og höfstíllt hlutföll. Hið merkilega er að hugmyndir um nýja húsið voru aðrar árið 2017, á teikn- ingu frá þessum tíma er hallandi þak og þríhyrndir kvistir. Hefði átt að vera auðvelt fyrir yfirvöld skipu- lagsmála að fylgja því eftir. Núna ríkja aðrar og andstæðar hugmynd- ir, eins og myndin sýnir. Rækilægum rökum fyrir mikilvægi menningar- arfs í gömlum og merktum timbur- húsum er gefið langt nef. Hafnað er fyrirsögn um að einkenni byggðar, sem er næst nýbyggingu, skuli ráða svipmóti hennar. Ráðslag eins og í Bergstaðastræti er borgarstjórn ekki sambodid og til lítills sóma en því miður tíðkað víða í miðbænum.

Net- og Tv þjónusta

Uppsetning- Viðgerðir- Stillingar
Netbúnaður- Netlagnir
Ljósleiðaratengingar
Loftnet- Gervihnattabúnaður
Dyrasímar- Raflagnir

Netogtv.is
S-8942460

Loftnetstækni

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Ný tvöföld virkni sem
veitir hraða og langvarandi
vörn gegn tannkuli.

TVÖFÖLD
VIRKNI



Umspilsleiknum slegið á frest

Evrópumótið, sem átti að fara fram í sumar, var fært fram um eitt ár. Umspilsleikurinn við Rúmena fer fram í byrjun júní. Frestunin gefur deildum Evrópu tækifæri til að klárast fari svo að tilfellum af COVID-19 fækki á næstu vikum – sem er alls óvíst að gerist.

FÓTBOLTI UEFA ákvað á símafundi með 55 aðildarríkjum að fresta komandi Evrópumóti um eitt ár. Umspilsleikurinn við Rúmena verður á dagskrá í byrjun júní. Tillagan var samþykkt einróma samkvæmt Aleksander Ceferin, forseta UEFA, en tilkynning frá sambandinu barst í gær skömmu eftir fund. „Á þessum tímum þarf fótboltasamfélagið að sýna ábyrgð í verki, samhug og einingu. Heilsa stuðningsmanna, starfsmanna og leikmanna þarf að vera forgangsverkefni.

Við í UEFA lögðum fram nokkra möguleika um hvernig er hægt að klára deildarkeppnir um alla álfuna. Ég er stoltur af viðbrögðum samstarfsmanna minna í evrópskum fótbolta. Það var góður andi þar sem allir viðurkenndu að þeir yrðu að farna einhverju til að ná sem bestum úrslitum,“ sagði forsetinn.

Hann bætti við að kostnaðurinn við að færa mótið væri gríðarlegur en sambandið muni eftir fremsta megni tryggja nauðsynlega fjármuni fyrir grasrótarstarf innan 55 aðildarríkja. „Leiðarljós okkar var að hafa ekki hagnað í huga heldur að vinna í þágu fótboltans í Evrópu. Að fagna afmæli keppninnar á tónum völlum meðan álfan situr heima í einangrun gátum við ekki sætt okkur við.“ Í lokin sagði forsetinn að enn væru nokkur smáatriði sem eftir væri að leysa en það hafi verið tekið stórt skref fram á við.

Frestunin gefur deildum í Evrópu auka mánuð eða svo til að klára deildarkeppnir sínar, fari svo að COVID-19 faraldurinn fari minnkandi. Ómögulegt er að spá fyrir um hvort það gerist.



Aleksander Ceferin, forseti UEFA, með bikarinn eftirsóttá sem verður spilað um á næsta ári. MYND/GETTY

Hægt að halda miðunum

Öllum leikjum A-landsliða karla sem fara áttu fram dagana 23.-31. mars hefur verið frestað og áætlað er að þeir fari fram í byrjun júní. Þessi frestun nær til umspilsleiks íslenska A-landsliðsins gegn Rúmeníu í lokakeppni EM, sem fara átti fram 26. mars á Laugardalsvelli, og annarra umspilsleikja innan sömu dagsetninga. Á heimasíðu KSÍ segir að miðkaupendum standi til boða að halda miðunum, eða fá þá endurgreidda en frekari upplýsingar verða sendar til miðkaupenda með tölvupósti.

Stjórn KSÍ fundar á morgun

Stjórn KSÍ kemur saman á morgun og mun funda um framhaldið gagnvart innlendu mótahaldi. Bikarkeppnin á að byrja 8. apríl en ljóst er að hún mun ekki byrja enda samkomubann í gildi og verða að vera tveir metrar á milli manna. Það yrði hálf skrýttinn fótboltaleikur sem yrði spilaður þannig. KSÍ frestaði öllum leikjum sínum, sem og landsliðsæfingum, til 15. apríl. Beðið er frekari upplýsinga frá UEFA um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi forkeppni Evrópukeppna.

Beðið eftir ákvörðun UEFA

Fyrir utan umspilsleikina og EM ákvað UEFA að fresta leikjum A-landsliða kvenna sem fara áttu fram í apríl og verða nýjar dagsetningar tilkynntar síðar, ásamt frekari breytingum á leikjadagatali A-landsliða kvenna. Úrslitakeppni EM kvenna 2021 verður frestað. Íslensku stelpurnar áttu að mæta Ungverjalandi og Slóvakíu í apríl. Leikjum U-21 árs landsliða var slegið á frest en Ísland átti leiki gegn Írlandi og Armeníu. Úrslitakeppni EM U21 landsliða karla verður færð á nýjar dagsetningar.

» Ísland mætir Rúmeníu í undanúrslitum umspilsins í byrjun júní á Laugardalsvelli, en úrslitaleikurinn fer svo fram 31. mars, annaðhvort gegn Búlgaríu eða Ungverjalandi.

Eftir að knattspyrnusamböndin luku sínum fundi var hringt í The European Club Association, sem samanstendur af stærstu félagsliðum álfunnar, og leikmannasamtök Evrópu til að finna út úr hvernig er hægt að klára Meistaradeildina og Evrópudeildina. UEFA skipaði í kjölfar þess fundar vinnuhópa sem eiga að finna út úr því hvernig í ósköpunum er hægt að klára þær deildir. Spænska blaðið Marca sagði að úrslitaleikurinn myndi fara fram 27. júní í Istanbul en UEFA vildi ekki staðfesta það.

Til að lióka enn frekar fyrir var Suður-Ameríkukeppninni einnig frestað til 2021 og því biða nú allir tengdir fótboltanum eftir að COVID-19 faraldurinn hverfi – svo hægt sé að fara sparka í bolta á ný. benediktboas@frettabladid.is

AÐALFUNDI Fylkis frestað



Vegna samkomubanns hefur aðalfundi félagsins sem átti að vera þriðjudaginn 31. mars 2020 verið frestað.

Ný tímasetning verður auglýst síðar.

Aðalstjórn Fylkis

Sá besti laus allra mála

NFL Eftir 21 ár skilja leiðir Toms Brady og New England Patriots í dag þegar samningur hans rennur út í Foxborough. Brady tilkynnti á samskiptamiðlum sínum í gær að hann myndi yfirgefa Patriots fyrir næsta tímabil en næsti áfangastaður væri ekki kominn á hreint. Hinn 42 ára gamli Brady er einn besti leikmaður í sögu deildarinnar

og er á hreinu að það verður bitist um þjónustu hans. Alls hafa Patriots unnið sex meistaratitla með Brady innanborðs en enginn annar leikmaður í sögu deildarinnar hefur unnið titilinn oftar.

Saga Brady í deildinni er á sinn hátt ótrúleg, hann var valinn með 199. valrétti í nýliðavalinu árið 2000 og var farinn að stýra sóknarleik

liðsins ári síðar. Hann small sem flís við rass í sóknarleik Patriots undir stjórn Bills Belichick og vann titil strax á fyrsta ári. Á nýafstöðnu tímabili virtist aldurinn vera farinn að ná til Brady sem átti erfitt uppráttar með takmarkað úrval útherja. Vörn Patriots fleytti liðinu í úrslitakeppnina þar sem liðið féll út við fyrstu hindrun. – **kpt**

SÓTTKVÍ & SAMKOMUBANN

Sérblað Fréttablaðsins, Sóttkví og samkomubann, kemur út **þriðjudaginn 24. mars**.

Í blaðinu geta fyrirtæki fjallað um stefnu sína og áherslur í sambandi við heimsfaraldurinn COVID-19.

Nú þegar stór hluti þjóðarinnar þarf að einangra sig frá öðrum og halda sig heima velta eflaust margir fyrir sér hvað þeir geti gert til að líða sem best yfir þann tíma. Hvort sem það er hreyfing, mataræðið, bækur, góðir tölvuleikir o.s.frv. þá geta fyrirtæki og einstaklingar látið vita af vörum og þjónustu sem þau bjóða upp á í þessu blaði.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími 550 5654
jonivar@frettabladid.is

Arnar Magnússon
Sími 550 5652
arnarm@frettabladid.is

Atli Bergmann
Sími 550 5657
atlib@frettabladid.is

Ruth Bergsdóttir
Sími 694 4103
ruth@frettabladid.is

HEIMAVINNUSTÖÐ

RAFMAAGNSBORD + SKRIFBORDSSTÓLL

99.900 kr.



H1 RAFMAGNSBORD

Hirzlunnar eru með minnistýringu sem hámarkar notagildi borðsins.

58.175 kr.

HEAD POINT SY

er einn vinsælasti stóll Hirzlunar fyrir heimili og vinnustaði.

TILBOÐSVERÐ

56.900 kr.



Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

2019 Fyrirmyndaryrirtaki
í rekstri
Visskvalitætt Skoðborð

TÍMAMÓT



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Sigurður Pálsson
málari, veiðimaður,
fluguhnýtari og náttúruvinur,

lést á hjúkrunarheimilinu Seltjörn
mánudaginn 16. mars sl.
Útförin verður auglýst síðar.

Hallur Ægir
Páll Daniel og Linda
Edda Huld
Eggert og Ásta Björk
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Leó Kristjánsson
vísindamaður emeritus,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi
föstudaginn 13. mars. Í ljósi hinna
óvenjulegu aðstæðna í samfélaginu
um þessar mundir mun útför fara fram í kyrrþey.
Minningarathöfn verður haldin síðar og verður auglýst
þegar þar að kemur.

Elin Ólafsdóttir
Margrét Leósdóttir
Kristján Leósson
Hildigunnur Sverrisdóttir
Nanna Kristjánsdóttir
Tómas Leó Kristjánsson
Kristján Núi Kristjánsson
Kristján Bragason
Elin Kristjánsdóttir
María Ósk Kristjánsdóttir



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
Anna Emília Viggósdóttir
tannsmiður,

lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð
laugardaginn 14. mars. Í ljósi hinna
óvenjulegu aðstæðna í samfélaginu um
þessar mundir mun útför fara fram í kyrrþey.
Minningarathöfn verður haldin síðar og verður
auglýst þegar þar að kemur.

Gunnar Valdimarsson
Viggó Valdimarsson
Hörður Valdimarsson
Haukur Valdimarsson
Margrét Valdimarsdóttir
Þórunn Gunnarsdóttir
Linda Björk Elíasdóttir
Niels Kalhave
Lene A. Valdimarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Guðmundur Ingimundarson
Þorsteinsgötu 17,
Borgarnesi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu
Brákarhlíð í Borgarnesi 6. mars.
Í ljósi aðstæðna í samfélaginu mun útförin fara fram í
kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Brákarhlíð.

Margrét Guðmundardóttir
Pálmi Guðmundsson
Jóhannes Ellertsson
Elin Magnúsdóttir
afa- og langafabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug
vegna andláts og útfarar
elskulegs eiginmanns míns,
föður, tengdaföður, afa og langafa,
Jóakims Tryggva
Andréssonar

Sérstakar þakkir til starfsfólks Fossheima
fyrir kærleiksrika umönnun.

Sigríður A. Jónsdóttir
Andrés Yngvi Jóakimsson
Auðunn Ingi Jóakimsson
Birkir Hrafn Jóakimsson
Viðir Örn Jóakimsson
Kristbjörg S. Richter
Hekla Sørensen
Jóhanna V. Ingvarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ætlar að kenna erlendu starfsfólki íslensku á Hala

Ferðamenn hafa farið óhindrað um landið síðustu vikunnar, að vanda, en nú fækkar þeim ört sem sækja Ísland heim. Þorbjörg Arnórsdóttir á Hala í Suðursveit horfir fram á rólegheit í ferðapjónustu næstu mánuði. Þá kemur kennarinn upp í henni.

Hér hefur næturgestum fækkað mjög mikið á síðustu sólarhringum og afbókanir streyma inn fyrir mars, apríl og maí," segir Þorbjörg Arnórsdóttir á Hala í Suðursveit. „Allt hefur þetta gerst mjög hratt og staðan er orðin gerbreytt bara frá því fyrir viku síðan. Daginn sem Trump lokaði landamærum Bandaríkjanna tók ég á móti 129 afbókunum, þær komu alls staðar að úr heiminum.“

Þorbjörg rekur gistingu á Hala með fjölskyldu sinni, auk Þórbergseturs, þar sem föst sögusýning er og veitingasala. Fram að þessu segir hún hafa hafa komið reglubundið í mat á Þórbergsetri í hádeginu en býst við að hlé verði á því nú í einhverja mánuði. Líklega verði þó setrið opið áfram yfir daginn, þannig að hægt sé að skoða sýninguna þar og þá verði kaffið á könnunni.

Þrettán starfsmenn vinna við ferðapjónustuna á Hala, auk heimafólks, að sögn Þorbjargar. Meirihluta starfsliðsins segir hún fastráðinn, eða átta manns, en fimm starfsmenn lausráðna. Sumir þeirra hafi ætlað að hætta í vor og kannski fari þeir eitthvað fyrir en áætlað hafi verið, fyrst ástandið sé eins og raun ber vitni. „Við viljum í sjálfu sér ekki senda neinn í burtu enda er þetta fólk sunnan úr Evrópu og á ekkert auðvelt með að komast heim til sín á þessum tímum, bæði er Covid-19 grasserandi þar og landamærum hefur víða verið lokað. Fólkinu finnst það eiginlega öruggast hér, eins og staðan er núna og ég skil það vel.“

Þorbjörg hugsar í lausnum og í stað þess að setjast niður og leggja kapal ætlar hún að nota rólega tímann til upp-



„Fólkinu finnst það eiginlega öruggast hér eins og staðan er núna,“ segir Þorbjörg.



Daginn sem Trump lokaði landamærum Bandaríkjanna tók ég á móti 129 afbókunum, þær komu alls staðar að úr heiminum.

byggingar fyrir fleiri. „Ég hef ákveðið að setja upp íslenskunám fyrir útlendingana sem starfa á Hala. Mig hefur lengi dreymt um það en hef bara ekki gefið mér tíma til þess fyrr. Nú er lag,“ segir Þorbjörg, sem er kennaramenntúð og var skólustjóri árum saman í Suðursveit, áður en skólalald þar var lagt niður. „Ég er búin að setja mig í samband við Málaskólann Mími, og á von á kennsluefni frá honum sem hentar okkur.“
gun@frettabladid.is



Elsku pabbi minn,
bróðir okkar og mágur,
Guðmundur S. Ingimarsson
Tunguheiði 6,
Kópavogi,

andaðist á líknardeildinni í Kópavogi,
þriðjudaginn 10. mars. Sökum aðstæðna
fer útförin fram í kyrrþey en minningarathöfn verður
auglýst síðar.

Alexander Már Guðmundsson
Guðrún Kristinsdóttir
Alexander Ingimarsson
Birna Rúna Ingimarsdóttir
Helgi Stefánsson
Edda Ástvaldsdóttir
Friðþjófur Th. Ruiz



Elsku faðir minn, stjúpaðir
og frændi okkar,
Magnús Guðmundsson
blómaskreytir og nuddari,

lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi föstudaginn 6. mars 2020.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju
föstudaginn 20. mars kl. 13.00.

Guðmundur Ás Magnússon
Eva Kristín Arndal
Stefanía M. Arndal
Guðbjörg Arndal
Jóhann Röbert Arnarsson
Elva Dögg Gunnarsdóttir
Sigríður Helga Þorsteinsdóttir



Okkar ástkæri
Birgir Bjarnason
Aðalstræti 20,
Bolungarvík,
áður bóndi á Miðdal,

lést á hjúkrunarheimilinu Bergi
í Bolungarvík 12. mars.
Jarðsungið verður frá Hólskirkju, Bolungarvík,
laugardaginn 21. mars klukkan 14.00. Vegna sérstakra
aðstæðna þarf að takmarka fjölda í kirkju. Útförinni verður
útvarpað í bíla fyrir utan kirkju sem og yfir Bolungarvík.

Jónína Birgisdóttir
Lárus Guðmundur Birgisson
Guðný Eva Birgisdóttir
Hugrún Alda Kristmundsdóttir
Eliás Þór Eliasson
barnabörn, makar og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.



MIDVIKUDAGUR 18. MARS 2020

Heimili

Griðastaður frá öngpveiti heims og huga

Arnar Ingi Viðarsson, grafískur hönnuður og tónlistarmaður, býr í aldargamalli íbúð í Þingholtunum. Hann lýsir andrúmslofti heimilisins sem lágstemmdu og lausnamiðuðu þar sem náttúruskotin naumhyggja ræður förinni. ➔2



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Framhald af forsiðu →

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Arnar hefur í nógu að snúast. „Ég er grafískur hönnuður og slagverksleikari og vinn hjá hönnunarstofunni &&& sem ég starfræki ásamt tveimur öðrum hönnuðum. Ég hef óseðjandi áhuga á grafískri hönnun, hlutverki hennar í samfélaginu og hvernig hönnun stuðlar að betri lífnaðarháttum. Ég spila líka í hljómsveitinni Bjartar sveiflur með einstaklega prúðum og yndislegum piltum.“

Kærkomin fjölskyldueign

Áður en Arnar flutti í Þingholti bjó hann víða. „Ég ólst upp í Breiðholti við móann og Elliðaárnar. Þaðan flutti ég fyrst á Ægisgötu, bjó við hliðina á Landakotsspítala, og svo seinna út til Barcelona þar sem ég stundaði nám. Síðan ég kom heim hef ég búið á Hagamelnunum og á Laugaveginum, áður en ég flutti hingað á Bergstaðastrætið árið 2018.“

Systur Arnars höfðu báðar búið um skeið í íbúðinni áður en hann flutti inn. „Þessi íbúð er kærkomin fjölskyldueign og hefur nýst vel bæði innan fjölskyldu og utan. Báðar systur mínar, Ásdís María, tónlistarkona og Anna Sóley, sviðsmyndahönnuður, ásamt fleiru góðu fólki, hafa búið hér á undan mér og sett mikinn og sterkan svip á íbúðina.“

Það sé raunar Önnu að þakka hversu hugguleg íbúðin er. „Allir í fjölskyldunni hafa lagt sitt af mörkum við að betrubæta hana reglulega í gegnum árin með nostri hér og þar, en það er líklega Önnu Sóley að þakka að íbúðin lítur svona yndislega vel út í núverandi mynd,“ segir Arnar, þakklátur.

„Húsið var byggt árið 1931 svo íbúðin er aldargömul, bókstaflega. Ég veit ekki um neina sögu nema þá sem við í fjölskyldunni erum að búa til sjálf. Hún er gríðastaður okkar styttingu og hvert og eitt hefur skilið eitthvað eftir fyrir hið næsta, hér er nógu af draumaföngurum, reykelsum og tarotspilum til að opna bás á Hjartatorgi.“

Innilegt andrúmsloft

Framkvæmdir hafa helst snúið að grunnatriðum. „Pípulögn hefur verið tekin í gegn að hluta, létt á eldhúsinnréttingunni, en að öðru leyti hefur aðeins verið málað og lagað eins og gengur og gerist. Grunnatriði, bókstaflega, því mörg þessara atriða sneru að grunni hússins. Systir mín lét sérsníða lítinn bekk undir eina súðina, sem hefur vakið mikla lukku enda mikill sælureitur í íbúðinni.“ Þá er sitthvað á döfni. „Gluggar eru á dagskrá – þakið fer að þurfa viðhald.“

Það stendur ekki á svörum hjá Arnari þegar hann er beðinn um að lýsa andrúmslofti heimilisins. „Náttúrskotin naumhyggja. Hér er allt lágstemmt og lausnamiðað. Blærinn er rólegur og andrúmsloft innilegt – ég get ekki ímyndað mér betri stað til að vera í sóttkví núna næstu vikurnar, hér er bókstaflega endurnærandi að vera.“

List heimilisins kemur úr ýmsum áttum og þá ekki síst frá fólki sem er honum kært. „Ég reyni að hafa verk eftir vini og samferðamenn eftir því sem plássíð leyfir. Ég er svo lánsamur að vinna með mjög góðu fólki, við starf sem mér finnst bæði gefandi og mikilvægt og íbúðin er vitnisburður um það. Ég er með verk eftir okkur frá



Arnar Ingi segir systur sínar tvær hafa sett sterkan svip á íbúðina, þar sé nógu af draumaföngurum, reykelsi og tarotspilum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Arnar segist hafa upplifað mikið frelsi eftir að hafa þurft að losa sig við ógrýnni af dóti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Arnari líður vel heima hjá sér og segist ekki geta ímyndað sér betri stað til að vera í sóttkví, komi til þess.



Arnar er mikill áhugamaður um samfélagslegt hlutverk hönnunar.



Eldhúsið er lítið en notalegt og plönturnar gefa því hlýlegan blæ.



Það er sem hver hlutur þjóni sínum tilgangi á fallegu heimili Arnars.

&&&, sem og aðra listamenn og hönnuði; Are We Studio, Sígga Odds, Loja Höskulds og Hildigunni Birgisdóttur.“

Ljúfur niður stofunnar

Uppáhaldsstaðurinn og hjarta heimilisins er stofan. „Litla stofan mín. Hún er minn gríðastaður frá öngþveiti heims og huga. Ég er haldinn óbilandi forvitni og finnst nánast allt sem ég kynni mér áhugavert. Það getur verið erfitt að henda reiður á hugmyndunum, hugsununum og höfuðatriðum sem þeytast í gegnum hausinn á mér hverju sinni og stofan þjónar hlutverki íhugunar, vinnu og afslöppunar. Hún er sem ljúfur niður fyrir háværan hug.“

Hann á sér hins vegar engan uppáhaldshlut. „Ég held ég eigi mér engan eiginlegan uppáhaldshlut – ég tel varhugavert að tengjast hlutum um of.“

Ég bjó í mun stærri íbúð á Laugavegi, drekkhlaðinni af drasli, en tamdi mér höfstilltari neyslunjunur þegar ég flutti hingað, þar sem þessi íbúð býður ekki upp á farma af farangri. Ég þurfti því að losa mig við ógrýnni af dóti sem mér fannst í fyrstu óhugandi að láta frá mér, en nú get ég ekki ímyndað mér að dragnast með það og fagna ég því að vera laus við allt hafur-taskið, pínulítið eins og að vera laus úr spennitreyju.“

Hvað er efst á óskalistanum fyrir heimilið? „Straujárn, svo ég geti skilað mömmu hennar straujárn.“

Þá segir hann afar mikilvægt að nostra við heimili sitt, enda hafi það umtalsverð áhrif á líðan. „Það skiptir máli að vera samkvæmur sjálfum sér og að rýmið endurspeglar það. Persónulega legg ég mikið upp úr næði, kyrrð og andrými til að ná góðri einbeitingu og fá form á hugsanir. Það er líka mikilvægt að umhverfið nær þig og geri þig stolt/stolta/stoltan af því sem þú ert, sama hvað öðrum finnst. Án stólts ertu ekki neitt.“

Arnar er ekki í nokkrum vafa um hvaðan hann sækir innblástur. „Minn stærsti innblástur er fólkíð í kringum mig. Allt annað kemur í kjölfarið.“

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 18. mars 2020

11. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Ekki selt meiri gjaldeyri frá hruni

Seðlabankinn seldi gjaldeyri fyrir átta milljarða í síðustu viku. Verðbólguvæntingar litið hækkað þrætt fyrir gengislækkun.

2

Höggið þungt en viðráðanlegt

Lán banka til ferðaþjónustu nema um 250 milljörðum eða um átta til tíu prósentum af lánasófnum stóru bankanna.

4

Horfa fram á stutta en djúpa lægð

Bilaleigur og rútufyrirtæki undirbúa sig undir að ferðamenn nánast hætti að koma í einhvern tíma.

6

Stórauka svigrúm til útlána

Mörg ríki hafa lækkað eða afnumið sveiflujöfnunarauka síðustu daga til þess að auka útlánagetu banka.

8

Hagstjórnarfyrimynd annarra

Bónkunum þarf nú ekki að bjarga en þeir þurfa lausafjárstuðning og svigrúm til að veita fyrirtækjum og heimilum aðgang að lánsfé.

16

■ Úrvalsvísitalan

■ Gengispróun gagnvart evru



02.01.2020

17.03.2020

Ný verslun á Hafnartorgi

Verið velkomin

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Kauptækifæri gætu farið að myndast á mörkuðum

Eftir miklar verðlækkunar á hlutabréfamörkuðum hér heima og erlendis síðustu vikur, gætu farið að myndast tækifæri fyrir langtímafjárfesta, að mati Gunnars Baldvínssonar, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins. Hann telur þó mikilvægt að slíkir fjárfestar haldi sjó og taki ekki neinar skyndiákvæðanir. Skynsamlegast sé að þeir haldi sinni fjárfestingarstefnu.

„Mér finnst líklegt að markaðir verði órólegir áfram og lækki mögulega meira, en það er þó erfitt að segja til um það,“ segir Gunnar í samtali við Markaðinn.

Miklar lækkunar hafa verið á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum undanfarnar vikur vegna áhyggna fjárfesta af útbreiðslu kórónaveirunnar og áhrifum hennar á heimshagkerfið. Sem dæmi hefur úrvalsvisitala Kauphallarinnar fallið um ríflega 22 prósent undanfarnar mánuð og er hún nú á svipuðum slóðum og hún var í byrjun árs 2019.

Þá hefur breska hlutabréfavisitalan FTSE 100 lækkað um 28 prósent undanfarnar mánuð, hin bandaríska S&P 500 farið niður um 26 prósent og hin kínverska CSI 300 fallið um 8,5 prósent.

Samhliða umræddum lækkunum á hlutabréfamörkuðum hefur vægi hlutabréfa í eignasöfnum lífeyrissjóðanna, stærstu fjárfesta landsins, minnkað talsvert. Þannig áætla sérfræðingar í markaðsviðskiptum Arion banka að bein eign lífeyrissjóða í hlutabréfum nemi ríflega þrettán prósentum af eignum sjóðanna og hafi ekki verið lægri um langt skeið.

Til samanburðar var hlutfallið



Gunnar Baldvínsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.

15,6 prósent í desember síðastliðnum, 14,1 prósent í desember árið 2018 og 15,0 prósent í sama mánuði árið 2017, eftir því sem fram kemur í greiningu markaðsviðskipta bankans, sem send var viðskiptavinum í síðustu viku og Markaðurinn hefur undir höndum.

Tekið skal fram að áætlun sérfræðinga bankans fyrir marsmánuð er byggð á breytingu á markaðsvirði vísitalna og gjaldmiðla frá áramótum.

Á sama tíma og hlutdeild hlutabréfa í eignasöfnum lífeyrissjóða hefur minnkað, hefur hlutur ríkisskuldabréfa aukist um tvö prósentustig á árinu, eða úr 22 prósentum í 24 prósent. Til samanburðar stóð hlutfallið í nærri þrjátíu prósentum í lok árs 2017.

Aðspurður segir Gunnar að efnahagsleg áhrif kórónaveirunnar virðist vera meiri til skamms tíma en búist hafi verið við.

„Þá á ég við með hvaða hætti stjórnvöld víða um heim hafa brugðist við útbreiðslu veirunnar, svo sem með því að loka landamærum og draga úr samskiptum, með þeim afleiðingum að ferðamannaíðnaður um allan heim hefur nánast stöðvast. Það er erfiðara að segja til um áhrifin til lengri tíma, en ég er að vona að veiran verði gengin yfir í sumar og að efnahagslífið taki þá við sér, hægt en örugglega,“ segir hann. – kij



Aseir Jónsson seðlabankastjóri, en bankinn mun kynna frekari aðgerðir í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTION BRINK

Hefur ekki selt meiri gjaldeyri frá hrúni

Seðlabankinn seldi gjaldeyri fyrir átta milljarða í síðustu viku. Gengið hefur lækkað um tólf prósent gegn evru frá áramótum. Forstöðumaður hjá Júpiter segir ánægjulegt að verðbólguvæntingar hafi á sama tíma litið hækkað.

Seðlabankinn greip inn á gjaldeyrismarkaði í síðustu viku og seldi gjaldeyri fyrir krónur fyrir samtals um átta milljarða í því skyni að veita á móti snarpri lækkun á gengi krónunnar. Á föstudeginum nam sala Seðlabankans 3,6 milljörðum en bankinn hefur ekki selt jafn mikinn gjaldeyri á einum degi að minnsta kosti frá 2008.

Þrátt fyrir gjaldeyrisinngríp Seðlabankans hélt gengi krónunnar áfram að gefa eftir. Gengið hefur fallið um 12 prósent gagnvart evrunni frá áramótum en á móti Bandaríkjadal hefur krónan lækkað í verði um nærri 15 prósent.

Á sama tíma og gengi krónunnar hefur gefið eftir hafa verðbólguhorfur á markaði aðeins hækkað lítillega og eru í kringum verðbólguþátt Seðlabankans. Verðbólguvæntingar til tólf mánaða nema 2,2 prósentum en verðbólguvæntingar til tíu ára standa í 2,6 prósentum.

Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpiter rekstrarfélagi, segir í samtali við Markaðinn ánægjulegt að sjá hvað verðbólguvæntingar hafa litið risið. „Það helgast líklega af því að gróðarlegur slaki er í hagkerfinu, lækkun olíuverðs og flugfargjalda sem og væntingum um engar eða neikvæðar verðbreytingar á húsnæðismarkaði sem veita þungt á móti.“

Frá því í ársbyrjun 2017, þegar gjaldeyrisinngrípastefna Seðlabankans var endurskoðuð eftir stórfelld

Það stóra efnahagsáfall sem við erum nú að lenda í er kannski ekki að framkalla mikið meira gjaldeyrisáfall en við hefði mátt búast.

Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpiter.

kaup á gjaldeyri árin á undan, hefur meginmarkmið stefnunnar verið að minnka skammtímasveiflur á gengi krónunnar. Gengi krónunnar hélst nokkuð stöðugt á árunum 2018 og 2019 og litið var um gjaldeyrisinngríp – kaup eða sölu – Seðlabankans. Í fyrra seldi bankinn gjaldeyri fyrir samtals 11,9 milljarða. Veltan á gjaldeyrismarkaði hefur aukist verulega á síðustu dögum og í liðinni viku nam hún um 20 milljörðum. Gjalddeyrisala Seðlabankans var því tæplega 40 prósent af heildarveltunni.

Gjalddeyrisforði Seðlabankans stóð í 820 milljörðum við lok síðasta árs. Samtímis gengislækkun krónunnar hefur forðinn stækkað í krónum talið og má því áætla að hann sé í dag um 900 milljarðar, eða sem nemur um 30 prósent af landsframleiðslu.

Agnar bendir á að það sé áhugavert að setja þróunina hér á landi í samhengi við annan lítinn gjaldmiðil, nýsjálenska dalinn, en hann hefur veikt um 13 prósent á móti Bandaríkjadal frá áramótum. „Á Íslandi eru útflutningstekjur

tengdar ferðapjónustu um 30 prósent, og við í tíunda sæti á meðal þjóða heims sem eiga hvað mest undir þeirri atvinnugrein, á meðan Nýja-Sjáland er í 25. sæti. Það stóra efnahagsáfall sem við erum nú að lenda í, hjá okkur stærstu útflutningsatvinnugrein, er því kannski ekki endilega að framkalla mikið meira gjaldeyrisáfall en við hefði mátt búast,“ að sögn Agnars.

Ljóst er að efnahagsáhrifin af útbreiðslu kórónuveirunnar verða veruleg fyrir ferðapjónustuna. Viðmælendur Markaðarins innan greinarinnar eru nú farnir að gera ráð fyrir því í sínum sviðsmyndum að heildarfjöldi ferðamanna kunni að dragast saman um nærri helming frá 2019 og verði um 1.200 þúsund. Það kunni að þýða samdrátt í gjaldeyrisþekjum upp á 150 til 200 milljarða en í fyrra námu útflutningstekjur ferðapjónustunnar um 486 milljörðum.

Mikil lækkun á gengi krónunnar að undanförunu er meðal annars rakin til þess, að sögn viðmælenda á markaði, að útflutningsfyrirtæki hafi ekki verið að koma með gjaldeyri til landsins og skipta honum í krónur í sama mæli og áður vegna óvissunnar sem uppi er. Gylfi Zoëga, hagfræðiprófessor og meðlimur í peningastefnunefnd, biðlaði í Silfrinu á sunnudag til útflutningsfyrirtækja að þau myndu „skila öllum gjaldeyri og vera ekki með spákaupmennsku með því að koma ekki með hann til landsins á réttum tíma.“ hordur@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Aegisson hordur@frettabladid.is

Netfang auglysingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

h



Fylgstu með!

Tilefni til að hugsa sig tvisvar um arð

Fasteignafélögin Eik og Reginn gætu þurft að endurskoða stefnu sína í arðgreiðslum og endurkaupum eins og önnur félög hafa gert vegna óvissu í hagkerfinu. Þetta segir Ívar Ragnarsson, sérfræðingur hjá ráðgjafarfyrirtækinu IFS, í samtali við Markaðinn.

„Staðan hefur breyst mjög hratt undanfarna daga með tilliti til þess hvenær fasteignafélögin hafa sett sína stefnu um arðgreiðslu og endurkaup. Félagin eru í sterkri stöðu en horfur á markaði gefa tilefni til að hugsa sig um,“ segir Ívar.

Fasteignafélagið Reitir tilkynnti í gær um frestun á arðgreiðslu upp á 1,1 milljarð króna sem endur-

1.335

milljónir munu félögin Reginn og Eik greiða í arð.

kaupum. Bæði Eik og Reginn hafa nýlega samþykkt að í vor verði greiddur út arður vegna síðasta rekstrarárs. Eik mun greiða út 800 milljónir og Reginn 535 milljónir.

„Fyrirtæki eru almennt að passa upp á lausafé og að því sögðu væri sennilega skynsamlegt fyrir fasteignafélögin að huga að því og jafn-

vel endurskoða arðgreiðslustefnuna,“ segir Ívar.

„Ef við gerum ráð fyrir frekari samdrætti í efnahagslífinu og að hann teygir sig inn í tekjulíkan fasteignafélaganna þá er enn meira tilefni til þess. Það er þáttur sem ekki hefur reynt á hingað til þrátt fyrir að þrengt hafi að í efnahagslífinu. Afskriftir hafa verið lágar og vanskilahlutföll lág,“ bætir hann við.

Bankarnir og tryggingafélögin þrjú hafa frestað ákvörðun um arðgreiðslu. Eimskip hefur tilkynnt að tillögur um endurkaupaáætlun verði dregnar til baka, til að tryggja að félagið geti viðhaldið fjárhagslegum styrk í óvissuástandi. – pfh



Sprinter, Vito, Citan. Sendibílar fyrir öll verkefni.

Sendibílarnir frá Mercedes-Benz henta fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum. Eigum úrval sendibíla sem eru tilbúnir til afhendingar. Komdu í heimsókn í sýningarsalinn á Krókhálsi 11 og kynntu þér möguleikana.

Fáðu tilboð í einstakan sendibíl frá Mercedes-Benz.
Við tökum vel á mótí þér.

Mercedes-Benz

Vans. Born to run.



Höggjó verði þungt en viðráðanlegt

Bankarnir eiga að geta tekist á við efnahagsáfallið að mati hagfræðings Samtaka fjármálafyrirtækja. Stjórnvöld geti hjálpað til með lækkingu sveiflujöfnunarauka. Lán banka til ferðaþjónustu nema um 250 milljörðum eða um átta til tíu prósentum af lánasöfnum.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja segir við námsprótt bankanna mjög mikinn. Þeir eigi að geta tekist á við efnahagsáfallið sem dynur nú yfir vegna afleiðinga kórónaveirunnar.

Greinandi hjá Capacent telur stjórnvöld og Seðlabankann auðveldlega geta veitt bönkunum enn frekara svigrúm til þess að takast á við lausafjárerfiðleika fyrirtækja. Afnám bankaskatts og sérstaks sveiflujöfnunarauka sem leggst ofan á eiginfjárkröfur bankanna hljóti að koma til skoðunar.

Stóru viðskiptabankarnir þrír – Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn – höfðu við síðustu áramót lánað samtals um 248 milljarða króna til fyrirtækja í ferðaþjónustu, samkvæmt samantekt Markaðarins. Er það um átta til tíu prósent af lánasöfnum bankanna.

Viðmælendur Markaðarins innan bankakerfisins telja ljóst að bankarnir muni þurfa að taka á sig högg vegna erfiðleika í ferðaþjónustu, sem geti jafnvel smitast á aðrar atvinnugreinar, á næstu vikum. Ómögulegt sé hins vegar að segja til um umfang mögulegra afskrifta á þessari stundu, enda sé óvissan enn mikil og óvíst hvernig ferðaþjónustufyrirtækjum muni reida af í glímunni við afleiðingar kórónafaraldursins.

Samkvæmt álagsprófi Seðlabankans, sem fjallað var um í fjármálastöðugleikaskýrslu bankans í október í fyrra, gætu eiginfjárlutfél bankanna lækkað um meira en fjögur prósentustig, ef gert er ráð fyrir verulegu efnahagsáfalli sem felst í snörpum samdrætti útflutnings, hækkun fjármagnskostnaðar innlendra fyrirtækja og mikilli lækkingu eignaverðs.

Í skýrslunni var bent á að eiginfjárlutfél bankanna væru tiltölulega há en engu að síður myndu þeir þurfa að ganga á eiginfjáruka ef sviðsmynd bankans yrði að veruleika.

Hlutabréfaverð í Arion banka, eina íslenska bankanum sem er skráður í kauphöll, hefur lækkað um tæp 31 prósent undanfarinn mánuð, en til samanburðar hefur evrópska bankavísitalan Stoxx European 600 Banks fallið um 44 prósent á sama tíma.

Staðan betri hér en víða

„Almennt má segja,“ útskýrir Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja, „að eiginfjárstaða bankanna sé góð og mun betri en í nágrannalöndunum, að því leyti að bankarnir hér eru með hærri áhættuvogir á eignaliðum sínum, sem gerir það að verkum að raunverulegt eigið fé þeirra er tvisvar til þrisvar sinnum meira en víðast hvar annars staðar.“


Staða bankanna er einnig sterk að því leyti að lánasöfn þeirra voru alveg hreinsuð í kjölfar síðustu fjármálakreppu. Það eru engin lík í lestinni, ef svo má að orði komast, eins og eru kannski víða í nágrannalöndunum. Önytt útlán voru tekin út úr efnahagsreikningum bankanna eftir fjármálakreppuna og afskrifuð og fyrirtækin voru fjárhagslega endurskipulögð.“

Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent, segir að þótt bankarnir búi yfir miklu eigin fé, sé hægt að ímynda sér þann möguleika – miðað við verstu sviðsmynd – að eiginfjárlutfall þeirra fari undir



Tæplega tvær milljónir ferðamanna komu til landsins í fyrra en búist er við talsverðri fækkun í ár vegna útbreiðslu kórónaveirunnar. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Lán banka til ferðaþjónustu við áramót



Afnám bankaskattsins væri einföld og áhrifarík aðgerð

Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent, segir hugmyndina á bak við sveiflujöfnunaraukann þá að hann hækki í uppsveiflu en lækki í niðursveiflu. Engu að síður sé nýbúið að hækka hann þegar mun eðlilegra hefði verið að lækka hann.

„Þannig vinnur hann beinlínis gegn peningastefnunni og þeim vaxtalækkunum sem gripið hefur verið til. Það virðist sem ekkert samræmi sé þarna á milli. Það er eins og menn séu ekki að ganga

í takt. Mér finnst þetta misræmi undirstrika veikleika í rekstri Seðlabankans. Að það sé ekki nógu skýr lína í stefnu bankans,“ segir hann.

Vissulega búi sjónarmið um öryggi að baki hækkingu sveiflujöfnunaraukans. Í því sambandi þurfi hins vegar að hafa í huga að eigið fé bankanna sé afar hátt og mun herra en gengur og gerist annars staðar.

Þá segir Snorri stjórnvöld hafa það í hendi sér að auka getu

bankakerfisins til þess að veita fyrirtækjum landsins lánaþjónustu með því að lækka eða jafnvel afnema bankaskattinn. Ríkið fái óverulegar tekjur af skattinum á meðan hann hamli útlánnum bankanna.

„Það er á valdi ríkisstjórnarinnar, með stuðningi meirihluta þingsins, að afnema þennan skatt strax og liðka þannig fyrir útlánnum. Það er mjög einföld aðgerð sem hefði strax áhrif, sér í lagi miðað við núverandi ástand,“ nefnir Snorri.

●● Það er ekki svo að skuldirnar séu of miklar, eins og í síðustu kreppu, heldur felst vandinn í tekjufalli fyrirtækja.

Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja



kröfur Fjármálaeftirlitsins. „Þær kröfur eru afar stífar og þá sérstaklega sveiflujöfnunaraukinn, sem ætti að afnema hið fyrsta. Það ætti ekki að þurfa að reka banka með meira en tuttugu prósentu eigin fé. Hvaða ævintýralega skelli eru menn þá að búast við?“ nefnir hann.

Yngvi Örn segist, aðspurður, binda vonir við að sveiflujöfnunaraukinn – sem var hækkaður í tvö prósent í síðasta mánuði – verði lækkaður til þess að gefa bönkun-

●● Það ætti ekki að þurfa að reka banka með meira en tuttugu prósentu eigin fé.

Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent



um meira svigrúm til þess að mæta auknum vanskilum.

„Vonir okkar standa til þess að eftirlitsfyrirvöld bregðist við með því að lækka þennan auka og gera þannig bönkunum kleift að bera með auðveldari hætti aukin vanskil sem eru augljóslega fyrsta afleiðing þessara erfiðleika,“ nefnir Yngvi Örn.

Landsbankinn lánað mest

Af bönkunum þremur hafði Landsbankinn lánað hvað mest til ferðaþjónustu við síðustu áramót, eða alls 96 milljarða króna, sem gerir um átta prósent af lánasafni bankans. Lán Íslandsbanka námu á sama tíma 90 milljónum króna, eða um tíu prósentum af lánasafninu og þá hafði Arion banki lánað um átta prósent af lánasafni sínu eða 62 milljarða króna.

Útlán viðskiptabankanna til atvinnugreinarinnar – sem hlutfall af heildarútlánnum bankanna til viðskiptavina – hafa haldist í kringum níu prósent frá miðju ári 2017.

Fjárbinding í ferðaþjónustu er fyrst og fremst í fasteignum og flugvélum, að sögn þeirra sem þekkja til mála. Má þannig leiða líkur að því að trygg veð, einkum fasteignir, liggja að baki stórum hluta af lánveitingum bankanna sem þeir síðarnefndu gætu þá gengið að í kjölfar vanskila.

Yngvi Örn bendir á að erfiðleikarnir sem heimili og fyrirtæki glími nú við vegna afleiðinga Covid-19 séu ólíkir kreppunni árið 2008 sem hafi fyrst og fremst verið skuldakreppa.

„Það sem er að gerast núna er að fyrirtæki, til dæmis í ferðaþjónustu, eru að missa tekjur og geta mögulega ekki greitt af lánnum af þeim sökum. Það er ekki svo að skuldirnar séu of miklar, eins og í síðustu kreppu, heldur felst vandinn í tekjufalli fyrirtækja. Þegar veltan verður aftur orðin eðlileg ættu fyrirtækin því að geta haldið áfram að borga sínar skuldir,“ segir Yngvi Örn.



Sheer
Driving Pleasure

NÝR BMW X3 30e PLUG-IN HYBRID.



* Drægi mðast vð uppgæinar telur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP stöðli um drægi í raunvegulegum aðstæðum.

ENNEMM / SIA / NM000363

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

Nýr BMW X3 Plug-in Hybrid, með einstöku xDrive fjórhjóladrifi er nú í fyrsta skipti fánlegur með rafhlöðu og drægi allt að 50 kílómetra samkvæmt nýjum samræmdum WLTP mælingum.* Bensín og rafmótor skila samtals 292 hestöflum og veita þér hina einu sönnu BMW upplifun sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

BMW X3 30e. Verð frá: 7.650.000 kr.

Nánari upplýsingar á www.bl.is



BL kolefnisbindur notkun nýrra bíla

BL hefur gengið til samstarfs við samfélagssjóðinn Kolvið til að kolefnisbinda notkun allra nýrra bíla sem seldir eru til einstaklinga. www.bl.is/kolefnisjofnun

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Rekstur TIF kostaði 193 milljónir króna

Rekstrarkostnaður Tryggingasjóðs innistæðueigenda og fjárfesta (TIF) nam 193 milljónum á árinu 2019 samkvæmt nýbirtum ársreikningi sjóðsins. Á árinu var einn starfsmaður á launum, Brynjar Kristjánsson framkvæmdastjóri. Gjaldfærð laun hans og stjórnar tryggingasjóðsins námu 28,2 milljónum á árinu, og launatengd gjöld 6,9 milljónum.

Annar rekstrarkostnaður TIF, sem hefur aðstöðu í Húsi atvinnulífsins, nam 37 milljónum. Samkvæmt svari frá TIF nær annar rekstrarkostnaður til ýmissar vöru og þjónustu sem TIF kaupir hjá þriðju aðilum.

35

milljónir króna var launa-kostnaður TIF vegna eins starfsmanns og stjórnar.

„Hér má nefna lögfræðipjónustu, bókhaldspjónustu og endurskoðun, tölvupjónustu og utanumhald með vefsíðu og öðru kynningar-efni, húsaleigu, kostnað vegna skjalavörslu og gagnagrunns, auk almenns rekstrar skrifstofu sjóðsins,“ segir í svari sjóðsins. Einnig tekur þetta til þátttöku TIF í erlendu samstarfi, bæði vegna aðildargjalda samtakanna IADI og EFDI og ferða á ráðstefnur á vegum þessara samtaka. Ferðakostnaður innanlands fellur einnig hér undir.

Innistæðudeild sjóðsins útvistar vörslu fjármuna til Íslandsbanka, Kviku banka og Íslenskra verðbréfa. Heildareignir deildarinnar voru 43,9 milljarðar króna í lok árs 2019 og þar af voru 42,7 milljarðar bundnir í ríkisskuldabréfum, bæði innlendum og erlendum. Raun-ávöxtun ársins var 6,54 prósent.

Kostnaður við eftirlit, ráðgjöf og umsýslu verðbréfasafns TIF nam tæplega 121 milljón króna á síðasta ári. Þar af nam umsýsluþóknun fyrir vörslu 101 milljón króna, gjöld til eftirlitsstofnana 12 milljónum og ráðgjöf 7 milljónum.

Helsta hlutverk TIF er að tryggja innistæðueigendur fyrir greiðslu-erfiðleikum fjármálastofnana. Lágmarks tryggingarfjárhæð á Íslandi er bundin gengi evru og jafngildir á hverjum tíma 20.887 evrum, eða sem nemur tæplega 3,2 milljónum króna miðað við núverandi gengi.

Nýting fjármuna TIF, hafa einungis verið ætlaðir til endurgreiðslu til innistæðueigenda vegna falls lánastofnunar, tekur breytingum með innleiðingu Evóputilskipananna BRRD og DGS III. Reglur BRRD og DGS III gera ráð fyrir aðkomu innistæðuþynging-sjóðs að skilameðferð fjármála-fyrirtækja. – þfh

Sjá fram á stutta en djúpa lægð

Bilaleigur og rútufyrirtæki búa sig undir að ferðamenn nánast hætti að koma í einhvern tíma. Beðið eftir aðgerðaplani stjórnvalda til að geta ákveðið næstu skref. Telur að haustið verði sterkt í ferðamennsku.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Steingrímur Birgisson, forstjóri Bilaleigu Akureyrar, segir að óvissan sé mikil í ferðapjónustu og fleiri atvinnugreinum vegna kórónaveirunnar sem skekur heimsbyggðina. „Það er allt afar þokukennt um þessar mundir. Það er unnið að því að laga reksturinn að því að ferðamenn nánast hætti að koma til landsins í einhvern tíma. Við gerum ráð fyrir því að það verði lítið að gera í mars og apríl, maí verði erfiður en salan fari að aukast í júní. Vonir standa til að ástandið gangi yfir á tveimur til þremur mánuðum og það náist viðspyrna þegar líða tekur á sumarið,“ segir hann.

Verulegur samdráttur

Sigfús Sigfússon, forstjóri bíla-leigunnar Hertz, segist gera ráð fyrir að tekjur fyrirtækisins muni dragast verulega saman í ár vegna kórónaveirunnar. „Á móti vegi að kostnaður muni lækka eitthvað. Leitast verði við að tryggja störf starfsmanna með því að ráða ekki sumarstarfsfólk. Alla jafna starfi fjöldi sumarstarfsmanna hjá fyrirtækinu.“

Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða, segir að aðgerðir fyrirtækisins um þessar mundir miðist við að ferðamenn hætti að koma til landsins. „Þetta verður stutt og djúp lægð,“ segir hann. „Ég held hins vegar að haustið muni koma sterkt inn.“

Ef það komi helmingurinn af þeim ferðamönnum í sumar sem komu til landsins í fyrra væri það vel af sér vikið, að mati Björns. Síðastliðið sumar komu 678 þúsund ferðamenn, sem var um sextán prósent fækkun frá árinu áður, samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu.

Biða eftir stjórnvöldum

Guðjón Ármann Guðjónsson, framkvæmdastjóri Hópbíla, segir að við þessar aðstæður sé einn dagur tekinn í einu í rekstrinum. „Salan gekk vel í janúar og febrúar og í byrjun marsmánaðar, en undanfarna daga hafa bókanir þornað upp. Við biðum eftir að sjá hvaða aðgerðaáætlun kemur frá stjórnvöldum og þá getum við metið hver næstu skref verða.“

Ymsir viðmælendur Markaðarins í ferðapjónustu horfa til þess að nýta sér að ríkið muni bjóða upp á að starfsmenn í skertu starfshlutfalli geti sótt um atvinnuleysisbætur. Ennfremur nefna þeir að frestun opinberra gjalda væri til bóta.

Landamærum hefur verið lokað



Það blæs ekki byrlega í ferðapjónustu. Fyrirtækin búa sig undir lítill viðskipti næstu vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þurfum áætlun til að styrkja fjárhag fyrirtækja

Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða, segir að samdrátturinn næstu vikur og mánuði muni höggva í eigið fé fyrirtækja og einhver muni ekki lifa það af. Stjórnvöld og bankar þurfi því að hafa áætlun um það hvernig eigi að byggja félögin upp að nýju, svo drjúgum tíma verði ekki varið í að endurskipuleggja fjárhag þeirra. „Við þurfum að vera tilbúin á bensingjöfnum þegar ferðamenn fara aftur að ferðast,“ segir hann.

Þegar ferðamenn verða aftur reiðubúin að ferðast verður lausafé margra fyrirtækja uppuríð og þau með skuldahala. „Það færi mikil orka í að reka fyrirtækið

áfram með þeim hætti. Það þarf að vera einhver sýn á lausnina þegar við komum út úr þessu svo fyrirtækin geti verið tilbúin. Það þarf að vera bensín á tankinum til að sækja aftur viðskipti,“ segir Björn.

Hann nefnir að Danir og Norðmenn hafi boðað að setja mikla fjármuni í björgunarsjóði félaga. „Við eigum að horfa til þess að gera eitthvað slíkt svo fyrirtækin geti komið sér aftur upp á lappirnar. Það má ekki taka marga mánuði því þá fara ferðamennirnir á aðra áfangastaði. Það verður samkeppni um að fá ferðamenn.“

og viðtækum samkomubönnum hefur verið komið á í heiminum næstu fjórar vikur, til að sporna við smitum vegna kórónaveirunnar. Það gerir það að verkum að lítið verður um ferðalög. Stór flugfélög hafa dregið verulega úr framboði á flugsætum eða um 75-90 prósent.

Icelandair eina flugfélagið?

„Við þurfum að vera undir það búin að Icelandair verði eina flugfélagið sem flýgur hingað til lands í einhvern tíma,“ segir Björn. Mögulega muni flugfélög sem flugu hingað áður, beina sjónum sínum að stærri mörkuðum fyrst um sinn. Þá reyni á að skapa hvata til að örva eftirspurn og að Icelandair geti stutt við bakið á íslenski ferðapjónustu.

álögur á atvinnulífidið aukist umtalsvert undanfarið.

Sigfús er sammála því að lækka verði tryggingagjaldið og nefnir að Hertz greiði um fimm milljónir á mánuði í tryggingagjald.

Dragi hækkun til baka

Steingrímur segir að frá áramótum hafi bilaleigur þurft að greiða full vörugjöld af bílum. „Við þessar aðstæður þarf að draga þá ákvörðun til baka. Bilaleigur keyptu á síðasta ári fimm þúsund bíla af bílaumboðunum. Það er því um háar fjárhæðir að tefla. Í ofanálæg hefur gengi krónu veikst að undanfögnu og því hefur verið á bilum sem við erum að kaupa hækkad um tugi milljóna. Þá þarf að afnema bifreiðagjöldin fyrir seinni hluta ársins til að létta undir með rekstraraðilum í sumar.“

Sigfús segir Hertz hafa verið með um 2.700 bíla í fyrra og reiknar með að flotinn muni telja um um 2.000 í ár. „Í samvinnu við bílaumboðin erum við að takast á við stöðuna. Hætt hefur verið við kaup á einhverjum bílum og aðrir verða geymdir á tollfrjálsu svæði í Rotterdam og á Íslandi. Þegar ástandið batnar verðum við fljótir að taka bílana í notkun.“ Björn segir fjölda funda og ráðstefna sem hafi átt að vera í vor hafa verið frestað til hausts. „Þess vegna held ég að haustið og veturinn verði sterkur.“ Björn nefnir að fjöldi þjóða hafi boðað markaðsherferðir sem beint verður að ferðamönnum þegar kórónaveiran hefur gengið yfir. „Það mun leiða til fleiri ferðamanna til Íslands.“

Veiki samkeppnisstöðu smærri fjármálafyrirtækja

Forsvarsmenn Kviku banka gera margvíslegar athugasemdir við drög að frumvarpi um varnarlinu á milli viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda í síðasta mánuði, og telja hætt við því að samþykkt þeirra muni festa í sessi sameiginlega markaðsráðandi stöðu stóru viðskiptabankanna þriggja.

„Eru frumvarpsdrögin til þess fallin að færa viðskiptalíkan Kviku í átt að viðskiptalíkani KMB [kerfislega mikilvægara eftirlitsskyldra aðila] sem á sama tíma er óarðbært miðað við smæð bankans og núverandi umgjörð fjármálakerfisins,“ segir í umsögn Kviku við

Eru frumvarpsdrögin til þess fallin að færa viðskiptalíkan Kviku í átt að viðskiptalíkani KMB sem á sama tíma er óarðbært miðað við smæð bankans og núverandi umgjörð fjármálakerfisins.

Úr umsögn Kviku banka

drögin sem forstjórinn Marinó Örn Tryggvason skrifar undir. Þannig sé grunnur lagður að því að öll fjármálafyrirtæki verði steypt í sama mót.

Samkvæmt frumvarpsdrögum, sem er ætlað að hrinda í framkvæmd einni af megintillögum hvítbókar um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið sem gefin var út í lok árs 2018, verður hámark sett á stöðutöku kerfislega mikilvægra viðskiptabanka og sparisjóða í fjármálagerningum og hrávörum.

Auk þess er lagt til að Fjármálaeftirlitin verði heimilað að takmarka viðtöku viðskiptabanka og sparisjóða á innlánunum, óháð því hvort þeir teljist kerfislega mikilvægir, ef stöðutaka þeirra í fjármálagerningum og hrávörum fer umfram þrjátíu prósent af eiginfjárgrunni þeirra og getur ógnað hagsmunum innlánseigenda.



Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku.

Kvika segir að síðari tillagan vekti „töluverða undran“ enda hafi á fyrri stigum verið lagt upp með að takmarka aðeins stöðutöku kerfislega mikilvægra viðskiptabanka, en fjárfestingarbankinn er ekki í þeim hópi. Nú sé búið að breyta um kurs án þess að það sé rökstutt sérstaklega.

„Verði frumvarpsdrögin sam-

þykkt í óbreyttri mynd,“ segir í umsögn Kviku, „mun það hafa óveruleg áhrif á KMB, en aftur á móti er hætt við að það muni hafa umtalsverð áhrif á þau fjármálafyrirtæki sem ekki teljast vera kerfislega mikilvæg, bæði þau sem nú eru til staðar og jafnframt þau sem eiga eftir að hasla sér völl á þessum markaði.“


Drögin séu þannig sérstaklega hamlandi fyrir smærri fjármálafyrirtæki sem séu í sókn á mörkuðum þar sem stóru bankarnir hafi verið yfirráðandi og verði í fyrirséðri framtíð. Takmörkun á starfsemi smærri fyrirtækjanna muni veikja stöðu þeirra í samkeppninni við þau stærri. – kj



Slepptu í myndunaraflinu lausu með hágæða LG OLED upplýsingaskjám

LG bjóða upp á upplýsingaskjá í hæsta gæðaflokki sem koma fyrirtækinu þínu á næsta stig.

Djúpur svartur og fullkomnir litir, skýr mynd frá öllum sjónarhornum, örþunnur og rammalaus skjár sem má raða, beygja og stilla upp að vild. LG OLED upplýsingaskjái eru tilvaldir til þess að fanga athygli og vekja aðdáun viðskiptavina. Framtíðin í upplýsingaskjám er komin. Hafðu samband og kynntu þér málið.



Concave



Convex



Wave



Circular



Tunnel

LG OLED



SUPER SIGN™

1080+ FULLHD

**TÖLVU
LISTINN**

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLUFULLTRÚUM FYRIRTÆKJASVIÐS
SÍMI 414 1710 OG Á NETFANGIÐ SALA@TL.IS



Flugfélög glíma við lausafjörvanda.

Flugfélög þurfa 200 milljarða dala stuðning

Alþjóðlegi fluggeirinn þarf á stuðningi upp á allt að tvö hundruð milljörðum dala að halda, til að standa af sér erfiðleikana sem útbreiðsla kórónaveirunnar veldur flugfélögum. Þetta er mat alþjóðasamtaka flugfélaga, IATA.

Samtökin sögðu í gær að flest flugfélög í heiminum glimdu við alvarlegan lausafjörvanda í kjölfar þess að stjórnvöld víða um heim voruð við eða takmörkuðu ferðalög á milli landa.

Brian Pearce, aðalhaf fræðingur IATA, segir í samtali við Financial Times að aðeins um þrjátíu flugfélög hafi borið uppi arðsemi fluggeirans síðustu tíu ár.

„Nokkur flugfélög eru augljóslega

► Mörg flugfélög hafa kyrrsett flugvélar og sagt upp starfsfólki til að bregðast við minni eftirspurn.

í mun betri stöðu til að standa af sér tekjutap af þessari stærðargræðu, en meirihlutinn er í mjög brothættu stöðu,” nefnir hann.

Til marks um erfiðleikana lækkaði Moody's í gær lánshæfiseinkunn flugfélaganna easyJet og Lufthansa og sagðist ætla að endurskoða til lækkunar einkunnir British Airways og móðurfélags þess, IAG.

Sérfræðingar IATA telja að flugfélög muni þurfa á innspýtingu upp á samanlagt 150 til 200 milljarða dala að halda, auk ríkistryggingar, til þess að lifa næstu vikur og mánuði af. – kij

Sum Evrópuríki banna skortsölu

Stjórnvöld í fjórum Evrópuríkjum hafa lagt tímabundið bann við skortsölu í hlutabréfum fjölda félaga í því augnamiði að róa fjárfesta sem óttast víðtæk efnahagsáhrif kórónaveirunnar.

Bannið gildir á hlutabréfamörkuðum í Frakklandi, Belgíu, á Ítalíu og Spáni, en misjafnt er á milli ríkja hve lengi það mun vara, eftir því sem fram kemur í frétt Financial Times.

Við viljum forðast spákaupmennsku á mörkuðum.


Bruno Le Maire, fjármálaráðherra Frakklands.



Skortsala gengur þannig fyrir sig að fjárfestar fá lánuð hlutabréf sem þeir selja í kjölfarið á markaði í von um að þau lækki í verði. Fjárfestarnir kaupa svo bréfin aftur og skila þeim til þess sem lánaði þeim þau upphaflega.

„Þetta er góð og nauðsynleg ákvörðun,” sagði Bruno Le Maire, fjármálaráðherra Frakklands, um skortsölubannið í gærmorgun.

„Við erum reidubúin til þess að ganga lengra þannig að bannið gildi í allt að mánuð. Við viljum forðast spákaupmennsku á mörkuðum,” sagði ráðherrann. – kij



Samhliða því að Englandsbanki tilkynnti um hálf prósentustigs stýrivaxtalækkun í síðustu viku sagðist fjármálastöðugleikanefndin þar í landi ætla að falla frá fyrirhugaðri hækkun sveiflujöfnunaraukans – úr einu prósent í tvö prósent – og fara þess í stað með hann niður í núll prósent. MYND/AFP

Stóraukið svigrúm til útlána

Stjórnvöld í mörgum Evrópuríkjum hafa lækkað eða afnumið sveiflujöfnunarauka á síðustu dögum til þess að auka útlánagetu banka. Evrópusambandið hvetur aðildarríki til þess að slaka á eiginfjárkröfum.

Kristinn Ingi Jónsson kristinningi@frettabladid.is



Veruleg lækkun á sveiflujöfnunaraukanum gæti komið til greina

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði í samtali við Markaðinn í síðustu viku að það gæti komið til greina að sveiflujöfnunaraukinn, sem leggst ofan á eiginfjárkröfur bankanna, yrði lækkaður verulega. Nýskipuð fjármálastöðugleikanefnd myndi taka það til skoðunar þegar hún kæmi saman síðar í mánuðinum.

Ásgeir benti á að sveiflujöfnunaraukinn – sem nemur nú tveimur prósentum eftir að hafa verið

hækkaður um 0,25 prósentustig í byrjun síðasta mánaðar – væri hugsaður þannig að bankarnir hefðu borð fyrir báru til þess að bregðast við afskriftum á útlánasafni sínu í niðursveiflu.

„Hann er því ætlaður til þess að mæta svona aðstæðum,” sagði hann.

Fyrirnefnd hækkun eiginfjárukans, sem var ákveðin á fundi fjármálastöðugleikaráðs í desember árið 2018, hefur verið harðlega

gagnrýnd af þeirri ástæðu að aðstæður í hagkerfinu séu nú allt aðrar en í lok árs 2018. Á þeim tíma virðist sem hækkuninni hafi verið ætlað að vinna gegn uppsveiflu í efnahagslífinu en hins vegar var niðursveifla hafin þegar hækkunin tók loks gildi í síðasta mánuði. Niðursveiflan hefur dýpkað verulega á síðustu dögum eftir því sem áhrifa af útbreiðslu kórónaveirunnar hefur gætt í auknum mæli hér á landi og annars staðar.

Sveiflujöfnunarauki

Belgía	0,5%	→	0%
Danmörk	1,5%	→	0%
England	1%	→	0%
Ísland	2%	→	?
Noregur	2,5%	→	1%
Svíþjóð	2,5%	→	0%

prósent - og ákvað að lækka hann í núll prósent. Var tekið sérstaklega fram í yfirlýsingu nefndarinnar að hún gerði ráð fyrir að eiginfjárukinn yrði núll prósent í að minnsta kosti tvö ár.

„Þetta þýðir að engar hindranir ættu að standa í vegi fyrir því að bankar veiti lánsfé til hagkerfisins og mæti þörfum fyrirtækja og heimila í gegnum tímabundna erfiðleika,” sagði í yfirlýsingu nefndarinnar.

Lækkunin verður til þess að útlánageta breskra banka mun aukast um allt að 190 milljarða punda, að sögn Englandsbanka, en það jafngildir þrettánfaldri fjárhæð nettólána banka landsins til fyrirtækja á síðasta ári.

Til viðbótar hefur umræddur sveiflujöfnunarauki ýmist verið lækkaður eða afnuminn síðustu daga í Belgíu, Hong Kong, Litháen

og Tékklandi. Hafa ber í huga að minnihluti Evrópuríkja nýtir heimildir til þess að leggja á sveiflujöfnunarauka.

Eiginfjárukanum er til útskýringar ætlað að auka viðnámsþrótt fjármálakerfisins og milda þar með fjármálasveiflur. Þannig er hugsunin sú að aukinn hækki samhliða vexti í kerfisáhættu, þegar uppsveifla verður í fjármálakerfinu, en lækki þegar harðnar á dalnum í niðursveiflu. Hámark sveiflujöfnunaraukans er 2,5 prósent og er honum því ætlað að sveiflast frá núlli að þeim mörkum yfir fjármálasveifluna.

Evrópuríki slaki á kröfum

Evrópsk bankamálayfirvöld sögðust í síðustu viku ætla að slaka á reglum um eiginfjárkröfur til evrópskra banka, til þess að hjálpa bönkunum að takast á við lausafjörvanda sem mörg fyrirtæki glíma við vegna útbreiðslu kórónaveirunnar. Um leið hvöttu þau stjórnvöld í Evrópuríkjum til þess að grípa til sams konar aðgerða þegar kæmi að sveiflujöfnunaraukanum, en beiting eiginfjárukans er á verksviði yfirvalda í hverju ríki fyrir sig.

Þegar hagkerfið verður fyrir verulegu höggi er mikilvægt að bankar haldi áfram að lána til heimila og fyrirtækja.

Erik Thedéen, forstjóri sænska fjármálaeftirlitsins

„Bankar þurfa að vera í stakk búnir til þess að halda áfram að fjármagna heimili og fyrirtæki sem glíma við tímabundna erfiðleika,” sagði Andrea Enria, formaður Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, við það tilefni. Stofnunin sagðist einnig ætla að fresta álagsþöfum ársins en prófunum, sem eru árleg, er ætlað að meta viðnámsþrótt stærstu banka álfunnar í hugsanlegu efnahagsáfalli.

Enria bætti þó við að lánveitendur ættu að sýna „skynsemi“ þegar þeir greiddu hluthöfum arð og starfsmönnum bónusa. Þrátt fyrir aukinn ríkisstuðning og sveigjanlegri reglur ættu stjórnendur banka áfram að kappkosta að gæta að ábyrgð og hagsýni í rekstri.

Boðar 330 milljarða punda pakka

Bresk stjórnvöld hyggjast tryggja fyrirtækjum landsins neyðarfjármögnun fyrir allt að 330 milljarða punda. Fasteignagiöld verða felld niður í ár. Ríkisstjórn Donalds Trump vill dreifa ávísunum til allra Bandaríkjamanna til þess að örva hagkerfi landsins.

Fjármálaráðherra Bretlands sagði í gær að bresk stjórnvöld myndu tryggja þarlendum fyrirtækjum lánsfjármögnun upp á 330 milljarða punda til þess að hjálpa þeim að glíma við afleiðingar kórónaveirunnar sem herjar nú á heimsbyggðina.

„Ég vil fullvissa alla Breta um að þessi ríkisstjórn mun veita ykkur öll þau töl sem þið þurfið til þess að komast í gegnum þetta,“ sagði fjármálaráðherra, Rishi Sunak, á blaðamannafundi síðdegis í gær.

Ráðherrann nefndi að björgunarpakkinn - sem kemur til viðbótar við sjö milljarða punda fjárhagsstuðning fyrir fyrirtæki sem tilkynnt var um í síðustu viku - fæli einnig í sér niðurfellingu fasteignagjalda á þessu ári auk þess sem stjórnvöld hefðu í hyggju að veita smásölum og krám sem glíma við lausafjörvanda sérstakan styrk upp á 25 þúsund pund.

Sunak greindi einnig frá því að breskir bankar hefðu samþykkt að bjóða þeim heimilum sem þess þyrftu að gera hlé á afborgunum húsnæðislána í allt að þrjú mánuði.

Fjármálaráðherra, sem ávarpaði blaðamenn ásamt Boris Johnson forsætisráðherra, sagði ríki aldrei hafa staðið frammi fyrir eins mikilli efnahagsógn á fríðartímum og nú. Bresk stjórnvöld myndu gera



Rishi Sunak, fjármálaráðherra Bretlands, og Boris Johnson forsætisráðherra kynntu aðgerðirnar í gær. MYND/AFP

„hvað sem þarf“ til þess að verja heimili og fyrirtæki. Umfang aðgerðanna hefði verið „óhugsandi fyrir aðeins nokkrum vikum“.

Nú væri ekki tími fyrir hagfræðilegar bókstafskenningar heldur þyrfti að grípa til djarfra og hugrakkra ákvarðana.

Fyrri aðgerðir dugðu ekki til

Þrýst hefur verið á bresku ríkisstjórnina að grípa til frekari aðgerða eftir að Emmanuel Macron, forseti Frakklands, hét því á mánudags-

kvöld að verja allt að þrjú hundruð milljörðum evra til þess að koma í veg fyrir gjaldþrot franskra fyrirtækja.

Viðmælendur Financial Times benda á að breskir ráðherrar hafi gert sér grein fyrir því á síðustu dögum að sjö milljarða punda stuðningurinn sem tilkynnt hafi verið um í liðinni viku, samhliða fjárlagafrumvarpi Sunaks, myndi ekki duga til þess að hjálpa fyrirtækjum í lausafjárerfiðleikum og hvað þá til þess að róa markaði sem

hafa lækkað skarpt á undanföllum vikum.

Flugfélög, lestarfyrirtæki, smásalar, krár og veitingastaðir eru á meðal þeirra sem hafa kallað eftir ríkisstuðningi, að sögn Financial Times.

Vilja dreifa ávísunum til allra

Fleiri vestræn ríki greindu í gær frá áformum sínum um milljarða innspýtingu í hagkerfi sín en sem dæmi sagði Steven Mnuchin, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, að

yfirvöld þar í landi hefðu áhuga á því að senda innan tveggja vikna öllum Bandaríkjamönnum sérstaka ávísun í því augnamiði að örva hagkerfi landsins.

„Hann mun verða stór,“ sagði Donald Trump Bandaríkjaforseti um örvunarpakkann sem ríkisstjórn hans undirbýr nú vegna faraldursins en samkvæmt heimildum Financial Times gæti pakkinn, sem Bandaríkjaþing þarf að leggja blessun sína yfir, numið á bilinu 800 til 850 milljörðum dala.

Larry Kudlow, einn helsti ráðgjafi Trumps í efnahagsmálum, gagnrýndi nýverið hugmyndir um að eins konar ávísunum yrði dreift til Bandaríkjamanna og líkti þeim við „þyrlupeninga“ sem kæmu af himnum ofan. Þess má þó geta að á þeim tíma sem Kudlow lét ummælin falla taldi Bandaríkastjórn að hagkerfi landsins yrði ekki fyrir verulegu höggi vegna kórónaveirunnar. Sú skoðun hefur breyst á síðustu dögum.

Fyrr í vikunni viðraði Mitt Romney, þingmaður repúblikana, ásamt fleiri þingmönnum svipaðar hugmyndir sem ganga út að allir Bandaríkjamenn fái afhentar ávísanir fyrir eitt þúsund dali. Þingmennirnir segja slíkar ávísanir munu fela í sér innspýtingu í bandarískt hagkerfi og hjálpa mörgum heimilum við að ná endum saman.

kristinningi@frettabladid.is

Allt telur

Með nýsköpun og sjálfbærni að leiðarljósi höldum við ótrauð áfram að umbylta matvælaframleiðslu á heimsvísu. Þar höfum við ætíð hugfast að allt telur. Hver og einn vatnsdropi við framleiðslu. Hver og ein hugmynd. Hvert og eitt viðbótargramm af matvöru. Hvert og eitt okkar jarðarbúa.

Rafrænn aðalfundur Marel fer fram í dag, 18. mars 2020, kl. 16:00. Nánari upplýsingar á marel.com/investors.

marel

Helgi Vífill
Júlíusson
helgivi@frettabladid.is



Það eru of fáir sem tala opinberlega fyrir hönd íslensks viðskiptalífs og benda á staðreyndir," segir Ari Fenger, forstjóri 1912, sem tók nýverið við sem formaður Viðskiptaráðs. „Ég hef í gegnum árin sagt að fleiri í atvinnulífinu ættu að tjá sig opinberlega. Orðræðan hefur verið óvægin og því hafa margir veigrað sér við því. Ég ákvað því að stíga fram," segir hann aðspurður hvers vegna hann bauð sig fram til formanns Viðskiptaráðs.

Ari bendir á að 58 prósent landsmanna beri traust til atvinnulífsins en 80 prósent beri engu að síður traust til síns atvinnurekanda, samkvæmt könnun Viðskiptaráðs frá árinu 2016. „Þarna fer ekki saman hljóð og mynd. Að sjálfsögðu leggja flestir atvinnurekendur sig fram við að starfa heiðarlega og af fagmennsku. Það er mikilvægt að atvinnulífið njóti sannmælis.“

Ari, sem gegnt hefur starfi forstjóra 1912 í 13 ár, hefur setið í stjórn Viðskiptaráðs frá árinu 2014 og átt sæti í framkvæmdastjórn ráðsins undanfarin tvö ár. „Ég tel að reynsla mín muni nýtast Viðskiptaráði vel," segir hann og nefnir að hann þekki vel til rekstrar litilla og meðalstórra fyrirtækja en þeirra rödd fái ekki að heyrast jafnmikið og hinna stærri.

Fram að þessu hefur þú haldið þig til hlés í opinberri umræðu. Hvers vegna er það?

„Það er hluti af uppeldinu reikna ég með. Ég hef lagt höfuðáherslu á að reka mitt fyrirtæki og ekki haft þörf fyrir að vera mikið í fjölmiðlum. Það hefur ekki þjónað rekstri fyrirtækisins neitt sérstaklega á síðustu árum að sá sem stýrir skútunni sé áberandi í þjóðfélagsumræðunni.“

Verkefnið óbreytt frá 1917

Fyrir hverju viltu berjast á vettvangi Viðskiptaráðs?

„Verkefni Viðskiptaráðs hafa ekki breyst frá stofnun árið 1917. Stefnan er klassísk og stenst tímans tönn. Frá upphafi hefur það unnið að sameiginlegum hagsmunamálum atvinnulífsins og að efla frjálsa verslun og framtak.“

Það sem ég hef mestar áhyggjur af um þessar mundir er samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum.“

Hvað er hægt að gera til að bæta úr því?

„Það er margt sem spilar inn í. Það sem erfiðast er við að eiga er að laun eru þau næsthæstu innan OECD-ríkjanna. Mörgum fyrirtækjum gengur illa að standa undir stighækkandi launakostnaði, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Há laun bitna sérstaklega illa á veitingageiranum og ferðaþjónustu enda þarf margar hendur til að vinna þau störf. Það mun reyna verulega á þau fyrirtæki í ljósi samdráttar, sem er óumflýjanlegur vegna kórónaveirunnar.“

Það hafa miklar launahækkningar verið á undanförunum árum. Nefna má sem dæmi launahlutföll hjá stóru veitingafyrirtæki. Laun sem hlutfall af tekjum var 39 prósent árið 2015 en fór yfir 50 prósent í janúar síðastliðnum. Engu að síður hafði fyrirtækið hagrætt í rekstri og sameinast öðrum til að njóta stærðarhagkvæmni. Þetta rekstrarumhverfi er ekki sjálfbært.“

Voru lífskjarasamningarnir feilsþor?

„Ég tek ekki svo djúpt í árinna. Lífskjarasamningarnir voru mikilvægir til að skapa ró á almennum vinnumarkaði, en eru engu að síður erfiðir viðureignar fyrir fyrirtæki sem eru með marga ófaglærða á launaskrá. Það hefur sýnt sig að það geta ekki öll fyrirtæki staðið undir hækkunum.“

Það má taka tvö dæmi til að lýsa áhrifum lífskjarasamninganna á rekstur fyrirtækja. Annars vegar stórt fyrirtæki sem er með fjölda



Ari Fenger stýrir 1912 sem er móðurfélag heilðsölnunnar Nathan & Olsen, Emmessiss og Ekrunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Of fáir stíga fram og tala fyrir hönd atvinnulífsins

Ari Fenger var 27 ára árið 2008 þegar hann tók við rekstri fjölskyldufyrirtækisins 1912 eftir andlát föður síns. Veltan hefur næstum þrefaldast frá því að hann, sem er svokölluð fjórða kynslóð ættarinnar við stjórnvölin, tók við. Ari hefur forðast kastljós fjölmiðla en tók nýverið við sem formaður Viðskiptaráðs.

Ég tel að það hafi verið lykilatriði í að 1912 státar af langri samfelldri rekstrarsögu í eigu sömu fjölskyldunnar, að í gegnum tíðina hefur okkur auðnast að halda eignarhaldinu frekar fámennu.

leidd að þær hækkningar þurfa að leita út í verðlagið. Það er ógerningur að hagræða nóg í rekstrinum til að mæta hækkunum.“

Er eitthvað hægt að gera við háum launum úr því sem komið er?

„Við höfum hvatt stjórnvöld til að koma til móts við atvinnulífið með því að lækka tryggingagjaldið. Það myndi hjálpa mikið.“

Áhyggjur af kórónaveirunni

Hvernig horfir kórónaveiran við þér með tilliti til efnahagsáhrifa á Íslandi?

„Ég hef miklar áhyggjur af stöðu mála. Eins og ég nefndi áðan hef ég mestar áhyggjur af ferðaþjónustunni og veitingageiranum. Ég tel að allt árið 2020 verði erfitt fyrir ferðaþjónustuna. Þess vegna fagna ég því að stjórnvöld stíga fram í liðinni viku og boðuðu aðgerðir. Ég veit þó að unnið er að frekari aðgerðum og að stjórnvöld hafa verið í góðu samtali við atvinnulífið.“

Ég vil hvetja stjórnvöld til að ganga fremur lengra en skemmra í þessum efnunum. Ef það kemur í ljós að gengið hefur verið of langt er hægt að draga þær aðgerðir til baka. Hafa verður í huga að atvinnulífið stendur undir allri opinberri þjónustu og aðstodar fólk í daglegu lífi. Það er því til mikils að vinna að leita allra leiða til að halda fyrirtækjum í rekstri. Þess vegna fagna ég ummælum Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra sem voru á þá leið að hann telji að mestu mistökin sem hægt sé að gera á þinginu um þessar mundir væri að ganga allt of skammt.“

Það er sömuleiðis fagnaðarefni að ríkisstjórnin hyggist ráðast í innviðafjárfestingar. Skuldastaða ríkissjóðs og þau kjör á lánum sem ríkissjóði bjóðast leyfa tímabundið svigrúm til þess að gefa hressilega í. Það er sömuleiðis af hinu góða að leggja umtalsvert fé í að markaðssetja Ísland til að lada að ferðamenn

Það sem ég hef mestar áhyggjur af um þessar mundir er samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum.

þegar aðstæður skapast til þess á nýjan leik.

Viðskiptaráð sendi þarsíðasta mánudag stjórnvöldum tillögur að því hvernig bregðast ætti við kórónaveirunni. Við lögðum meðal annars til að stjórnvöld veiti aukinn slaka í greiðslum reikninga og að hægt verði að dreifa greiðslum á



virðisaukaskatti og öðrum gjöldum. Það hefur blessunarlega verið gert.

Aðrar aðgerðir sem gætu mildað höggið væru til dæmis að lækka tryggingagjald sem leggst hvað þyngst á mannaflafrek og lítil fyrirtæki, skapa skattalega hvata til nýfjárfestinga og skattalega hvata til að ráða nýja starfsmenn.

Til að bæta aðgengi fyrirtækja að lánsfé til að mæta minni tekjum, þarf að afnema sveiflujöfnunarauka sem leggjast ofan á miklar eiginfjárkröfur bankanna. Þeir eru enda til staðar til að tryggja að bankakerfið geti mætt áföllum á borð við þetta. Það væri því eðlilegt að bregðast við með þeim hætti. Ef ekki nú, hvenær þá? Hraðari lækkun bankaskatts myndi létta undir og stuðla að bættu aðgengi fjármagns.

Eftirlitsstofnanir verða að gæta höfs og setja ekki fyrirtækjum stólinn fyrir dyrnar til að bregðast hratt við fordæmalausum aðstæðum. Það var því ánægjulegt að sjá Samkeppniseftirlitið leyfa tímabundið samstarf á milli samkeppnisaðila í ferðaþjónustu og á lyfjamaarkaði. En ég tel að það þurfi að ganga enn lengra og velti því fyrir mér hvort það væri ekki rétt að Samkeppniseftirlitið myndi veita undanþágu eða flýtimeðferð vegna sameininga í ferðaþjónustu á komandi mánuðum.

Regluverk meira íþyngjandi hér
Eru álgöngur og reglur hins opinbera of íþyngjandi fyrir atvinnulíf?

„Regluverk á Íslandi er samkvæmt alþjóðlegum könnunum meira íþyngjandi hér á landi en í

þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það er með ólíkindum og hefur aldrei verið rökstutt með fullnægjandi hætti hvers vegna það er gert. Það er óskynsamlegt að gera þeim enn erfiðara fyrir að öþörfu. Eins og ég hef komið inn á er tryggingagjaldið Þrándur í Götu margra fyrirtækja. Eins má nefna að fasteignagjöld hafa hækkað verulega samhliða hækkunum á fasteignamarkaði. Sú skattheimta er óháð tekjum fyrirtækja. Það er ósanngjörn nálgun. Í ofanlag horfa nú mörg fyrirtæki fram á samdrátt vegna kórónaveirunnar en verða að standa í skilum á mun hærri fasteignagjöldum en fyrir örfáum árum.“

Hvað getur þú sagt mér um þín umsvifi viðskiptalífínu?

„Ég stýri 1912 sem rekur þrjú dótturfélög; heilidsöluna Nathan & Olsen og Ekruna sem er heildarbirgir fyrir stóreldhús, hótél, veitingastaði og mötuneyti. Á síðasta ári skutum við þriðju stöðinni undir samstæðuna með kaupum á Emmessis. Það voru fyrstu kaup 1912, en fram að því höfðu Nathan & Olsen og Ekran staðið að kaupum á fyrirtækjum. Okkur þykir Emmessis spennandi fyrirtæki og öflugt vörumerki. Eins sáum við tækifæri í því að Emmessis dreifir frystivörum beint í búdir smásala og því ákveðin tækifæri og samlegð sem skapast innan samstæðunnar.

1912 er sameiningartákn okkar og þar náum við niður föstum kostnaði. Margir átta sig ekki á að 1912 er rekstrarfélag, en ekki eingöngu eignarhaldsfélag. Flestir



Eftirlitsstofnanir verða að gæta höfs og setja ekki fyrirtækjum stólinn fyrir dyrnar til að bregðast hratt við fordæmalausum aðstæðum.

starfsmenn samstæðunnar vinna fyrir 1912. Fyrirtækið sinnir fjármálastjórn, upplýsingatæknimálum, mannauðsmálum, dreifingu og starfrækir vöruhús fyrir dótturfélögin. Það skapaði tækifæri á að hagræða í rekstri við kaupin á Emmessis og við gátum nýtt betur fastan kostnað samstæðunnar. Það var hugmyndin með kaupunum. Starfsmenn samstæðunnar eru um 150.

Reksturinn nær aftur til ársins 1912, eins og nafnið ber með sér en það ár hófst rekstur Nathan & Olsen. Þess má til gamans geta að árið 1917 tók fyrirtækið þátt í að stofna Viðskiptaráð. Við höfum því verið félagsmenn frá upphafi eða í 103 ár.

Ég er fjórða kynslóð sem stýrir fyrirtækinu. Fjölskyldan er afar stolt af sögu félagsins. Ég held að það séu ekki mörg fyrirtæki hér á landi með jafnlanga samfellda rekstrar sögu.“

Hver var velta 1912 í fyrria?

„Veltan var rúmíur níu milljarðar

Fjölskyldan er stærsti hluthafi Stoða

„Fjölskyldan á fjárfestinga-félagið Helgafell sem fjárfestir í óskyldum rekstri. Það er hluti af því að dreifa áhættunni. Jón Sigurðsson, mágur minn, stýrir fjárfestingunum,“ segir Ari. „Við höfum að fjárfesta árið 2012. Fyrsta stóra fjárfestingin okkar var í N1. Upphaflega fjárfestum við beint í félögum fyrir tilstilli Helgafells en eftir að við keyptum í Stoðum hefur Helgafell dregið sig að mestu út úr öðrum fjárfestingum,“ segir Ari. Helgafell á um 23 prósentu hlut í Stoðum sem er stærsti hluthafi Símans og TM og stærsti innlendi einkafjárfestirinn í Arion banka. Helgafell er líka á meðal eigenda Lóðurs og Dællunnar. „Okkur þykir Stoðir spennandi

fjárfestingakostur og fjárfestingin endurspeglar þá miklu trú sem við höfum á íslensku atvinnulífi enda viljum við vera virkir þátttakendur í því.

Fjölskyldan er varfærin að eðlisfari og við teljum að sigandi lukka sé best í viðskiptum. Þess vegna erum við annaðhvort óskuldsett eða með afar litla skuldsetningu í okkar fjárfestingum. Við fjárfestum í fáum fyrirtækjum og viljum þess í stað hafa meira um þau að segja. Af þeim sökum höfum við reynt að hafa eins mikla aðkomu að fjárfestingunum og okkur er frekast unnt,“ segir hann. Jón er til dæmis stjórnarformaður Stoða og Símans. Hann sat í stjórn N1 þegar Helgafell var hluthafi.

króna en Emmessis kom ekki inn í samstæðuna fyrr en um sumarið. Hefði sá rekstur verið með allt árið hefði veltan verið um tíu milljarðar króna.“

Keyptu fjölskylduna út

Þrátt fyrir þú sért fjórða kynslóð í fjölskyldufyrirtæki er eigendahópurinn ekki dreifður. Þú, Björg systir þín og Kristín móðir ykkar eigið fyrirtækið saman?

„Ég tel að það hafi verið lykilatriði í að 1912 státar af langri samfelldri rekstrarsögu í eigu sömu fjölskyldunnar, að í gegnum tíðina hefur okkur auðnast að halda eignarhaldinu frekar fámennu. Við höfum keypt aðra fjölskyldumeðlimi út. Það skiptir nefnilega höfuðmáli að hluthafar hafi sameiginlega sýn á hvert förinni er heitið.

Jafnvel þótt við séum hreykin af því að reka fjölskyldufyrirtæki þá hefur það verið óskrifuð regla að ráða hvorki fjölskyldu né vini og er ég til að mynda sá eini úr fjölskyldunni sem starfar hjá fyrirtækinu í dag. Það hefur reynst okkur vel. Við leggjum ríka áherslu á að reka fyrirtækið með eins arðbærum hætti og kostur er, rétt eins og það væru aðrir hluthafar í eigendahópnum.“

Hefurðu alla tíð unnið hjá fyrirtækinu?

„Það má segja það, ég hóf störf hjá Nathan & Olsen árið 2001 og hef því starfað hjá fyrirtækinu í 19 ár.“

Varð forstjóri 27 ára

Hvar varst þú gamall þegar þú tókst við sem forstjóri?

„Ég tók við sem forstjóri 27 ára gamall árið 2008 og hef rekið 1912 allar götur síðan. Ég starfaði áður við hlið Vilhjálmis föður míns en hann lést úr krabbameini árið 2008, 56 ára gamall.“

Hvað glímdi hann lengi við veikindin?

„Hann var veikur í eitt og hálf t ári.“

Lá alltaf fyrir að þú myndir taka við rekstrinum?

„Já, það þróaðist á þann veg. Ég hafði tekið við sem framkvæmdastjóri Nathan & Olsen árið 2006. En þegar faðir minn veiktist steig ég inn og tók einnig við sem forstjóri 1912. Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á rekstrinum og það kom ekki annað til greina í mínum huga en að ég væri sá sem taka ætti við keflinu. Fjölskyldan leit stöðuna sömu augum. Ég tel að það skipti sköpum að sá sem taki við rekstri hafi ástriðu og áhuga á verkefninu. Það er erfitt að vera í þeim sporum að sitja uppi með rekstur sem viðkomandi kærir sig ekki um.“

Hefur þú ekki breytt fyrirtækinu heilmikið frá því þú tókst við?

„Já og nei. Ég tel að ég hafi haldið áfram á þeirri vegferð sem við vorum á. Á árunum 1994 til 2008 hagræddu heilidsölur mikið með yfirtökum og sameiningum vegna þess að þær voru of margar. Það gerði það að verkum að reksturinn var ekki hagkvæmur. Á þessum árum keyptum við fjölda fyrirtækja og byggðum upp sterkan hóp af vörumerkjum ásamt því að kaupa Ekruna árið 1999.

Við reistum nýjar höfuðstöðvar í Klettagörðum og fluttum í þær í byrjun árs 2008. Það má segja að með því höfum við bundið endahnútinn á þeirri vegferð. Áður var starfsemin í fimm byggingum, en við flutninginn var hún öll á sama stað, sem skapaði mikið hagræði í rekstri. Við fórum frá því að þurfa að stækka til að skapa öfluga og arðbæra heilidsölu, í að vera einungis opin fyrir tækifærum ef þau falla vel að rekstrinum.

Á undanförunum þremur árum hafa laun og kostnaður aukist mikið. Það hefur leitt til þess að við höfum orðið að auka framleiðni innandyra og keypt aukna veltu til að geta nýtt fastan kostnað með betri hætti.“

Veltan þrefaldast frá 2008

Hvað hefur velta 1912 aukist mikið frá því þú tókst við?

„Veltan hefur næstum þrefaldast frá því ég tók við árið 2008. Þá var hún um 3,7 milljarðar króna.“

Hvernig gekk reksturinn í fyrria?

„Reksturinn í fyrria var í takt við væntingar. Árið 2017 var erfitt fyrir heilidsölur, 2018 var aðeins betra og árið 2019 var betra en árið áður. Á sama tíma fjárfestum við töluvert í uppbyggingu félagsins. Við erum sátt með árið.

Árið 2017 hækkuðu laun og annar kostnaður mikið. Á sama tíma var krónan sterk og samkeppnin jókst með opnun Costco. Við seldum því minna af vörum á sama tíma og kostnaður jókst. Það voru krefjandi tímar. Við töldum okkur vita að áhrifin yrðu til skamms tíma og markaðurinn myndi leita jafnvægis.“

Var Costco ekki sú mikla ógn sem talid var?

„Já og nei. Costco hafði klárlega áhrif en svo komst jafnvægi á markaðinn. Við fengum til dæmis betri verð frá birgjum til að geta keppt við Costco og boðið okkar viðskiptavinum samkeppnishæf verð. Nú höfum við snúið þessari ógn upp í tækifæri og seljum Costco okkar vinsæla morgunkorn frá General Mills, til dæmis Cheerios og Cocoa Puffs.

Það er ekki hægt að lita fram hjá því að heilidsölur eiga í alþjóðlegri samkeppni. Jafnvel þótt við seljum til smásala á Íslandi erum við að keppa við erlend vöruhús. Ef smásala bjóðast ódýrari vörur erlendis mun hann skoða þann möguleika. Þess vegna er samkeppnin ekki bara á milli heilidsala hér á landi, heldur er allur heimurinn undir. Sú samkeppni hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Þess vegna skiptir máli að ræða samkeppnishæfni Íslands. Í þessu samhengi þarf að bera saman umgjörðina sem fyrirtæki hér á landi starfa eftir við til dæmis Bretland. Það þarf líka að bera saman launakostnað, hvernig staðið er að lífeyrissjóðsgreiðslum, horfa til vaxta og hvaða reglur stjórnvöld setja fyrirtækjum. Við komum ekki nógu vel út í þeim samanburði. Ég hef áhyggjur af því hvað það mun hafa í för með sér fyrir atvinnulífið og þar með samfélagið.“

Tækifærunum fjölga í hverri viku

Íslenska fyrirtækið AwareGO er í miklum vexti. Stórfyrirtæki koma í viðskipti í hverri viku eftir að markaðsnálguninni var breytt. Eyrir Invest er stærsti hluthafinn og Kvika banki tók þátt í síðustu fjármögnun. Stefna á stóra fjármögnun þegar markaðshorfur batna.

Við sjáum nú samstarfslausnir sem lykilinn að því að vaxa hratt á næstunni, segir Ragnar Sigurðsson, forstjóri og stofnandi AwareGO, í samtali við Markaðinn. AwareGO, sem framleiðir efni og þróar kennsluhugbúnað fyrir netöryggi, lauk nýverið 200 milljóna króna fjármögnun en á síðasta eina og hálfu árinu hefur fyrirtækið tryggt sér samtals 360 milljónir króna. Eyrir Ventures, sem fjárfesti upphaflega í félaginu um mitt ár 2018 og er stærsti hluthafinn, tók þátt í síðustu fjármögnunarmunferð ásamt Kvika banka.

„Við klárum líklega aðra eins fjármögnun á næstu mánuðum og síðan er stefnan sett á svokallaða „series A“ fjármögnun sem verður mun stærri,“ segir Ragnar. Hins vegar muni hluthafar bíða eftir að ástandið á mörkuðum batni, en það gefi um leið nýjum áherslum félagsins tækifæri til að sanna sig.

AwareGO, sem var stofnað árið 2007, hefur verið í mjög miklum vexti síðastliðin tvö ár. Ein ástæðan er sú að innleiðing persónuverndarlaganna GDPR skyldaði fyrirtæki til að huga betur að öryggismálum. Þá hefur AwareGO, sem áður lagði áherslu á beina sölu gegnum netið, opnað var fyrir samstarfslausnir. Stórum þjónustufyrirtækjum í upplýsingatækni býðst nú að tengjast hugbúnaðinum og nýta efni til endursölu til sinna viðskiptavina. Eloomi, leiðandi kennsluhugbúnaðarfyrirtæki á Norðurlöndum, er til dæmis einn af nýjum samstarfsaðilum og selur aðgang að myndböndum og efni AwareGO í gegnum eigin hugbúnað.

„Það eru aðeins tveir mánuðir síðan við hleyptum samstarfslausnum af stokkunum og í hverri viku síðan þá höfum við fengið 2-5 stórfyrirtæki í viðskipti sem eru hver með 100-300 viðskiptavinum. Hver sala verður verðmætari og því getum við eytt meiri peningum í að afla viðskiptavina og vandað valið,“ segir Ragnar.

Hefur krafist mikillar þolinmæði í gegnum árin að finna réttu



Ragnar hefur verið fyrirlesari á ráðstefnum um öryggismál viðs vegar um heiminn. LJÓSMYND/GARÐAR ÓLAFSSON

Sumir af þessum tölvupóstum eru skrifaðir á það góðri íslensku að ég trúir ekki öðru en að einhverjir landar okkar séu viðriðinir.

nálgunina í rekstrinum?

„Jú algjörlega, og fyrstu níu árin vorum við bara tvö í þessu, ég og Helga konan mín. Við erum búin að vaxa gífurlega hratt á síðustu tveimur árum og það sér ekki fyrir endann á því, en lyklatríði í því er að fá hæfileikaríkt fólk með í vegferðina. Þar höfum við verið mjög heppin,“ segir Ragnar.

Hakkarar þróa aðferðir sínar
Tap íslenskra fyrirtækja vegna

netsvika hefur valdið gríðarlega miklu tjóni á undanförunum árum. Þekktustu tilfellin eru hjá Rúmfatalagernum og HS Orku, á síðasta ári, þar sem tjónið hljóp á hundruðum milljóna króna. Helsti áhættuþátturinn í netöryggismálum fyrirtækja nú til dags er starfsfólkið sjálft að sögn Ragnars.

„Vírusvarnaforrit eru orðin mjög þróuð en þau virka ekki ef starfsfólkið sjálft opnar fyrir óværunni. Þess vegna einbeita netglæpa-

» Mestur hluti tekna AwareGO kemur erlendis frá. Nýlega var hafið samstarf við Trend Micro sem er eitt stærsta tölvuöryggisfyrirtæki heims.

menn sér í auknum mæli að því að blekkja fólk til að opna sýkt viðhengi og þar fram eftir götunum. Þannig geta þeir komist inn í tölvu-póstsamskipti bókhaldsdeilda og náð að blekkja starfsfólk til að millifæra háar fjárhæðir á rangan viðtakanda, þegar þau halda að verið sé að greiða þekktum samstarfsaðilum,“ segir Ragnar.

Upphæðirnar eru orðnar svo háar að glæpamenn eru tilbúnir að leggja mikla vinnu í netsvikin svo að þau beri árangur.

„Þetta er orðinn stór iðnaður og hakkarar þróa aðferðir sínar, rétt eins og öryggissérfræðingar á hinum endanum. Ef þeir ætla að stela háum fjárhæðum leggja þeir mikla vinnu í að finna út hverjir eru í fyrirtækinu. Þeir brjótast jafnvel inn á pósterkin fyrst til að greina orðaval fólks í tölvu-póstsamskiptum. Þú þarft að vera með varnirnar á hreinu og að vera meðvitaður um að það gæti einhver hafa verið að fylgjast með tölvupóstum síðustu mánuði,“ segir Ragnar.

Íslendingar líklega viðriðinir

Þá verndar íslenska tungumálið ekki fyrirtæki eins og það gerði. Ragnar segir að þýðingavélar séu að verða sífellt fullkomnari og netglæpamenn nýti sér það. Mögulega fái þeir aðstoð Íslendinga.

„Sumir af þessum tölvupóstum eru skrifaðir á það góðri íslensku að ég trúir ekki öðru en að einhverjir landar okkar séu viðriðinir, þó að þeir séu kannski ekki höfuð-paurarnir. Þetta er ekki texti sem þú nærð að skrifa með Google Translate,“ segir Ragnar.
thorsteinn@frettabladid.is

Gott úrval notaðra bíla

Frábær tilboð - betri kjör



Rað.nr. 750228

KIA PICANTO

Nýskráður: 2016 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 73.000 km.
Verð: 990.000 kr.

Tilboð: 790.000 kr.



Rað.nr. 750261

OPEL ASTRA ENJOY

Nýskráður: 2016 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 81.000 km.
Verð: 2.090.000 kr.

Tilboð: 1.790.000 kr.



Rað.nr. 750252

SUZUKI SX4 4X4

Nýskráður: 2019 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.
Verð: 2.090.000

Tilboð: 1.690.000 kr.



Rað.nr. 750166

OPEL GRANDLAND X ENJOY

Nýskráður: 2019 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.
Verð: 3.590.000 kr.

Tilboð: 2.990.000 kr.



Rað.nr. 446033

OPEL CROSSLAND X ENJOY

Nýskráður: 2018 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 56.000 km.
Verð: 2.590.000 kr.

Tilboð: 2.190.000 kr.

Bilaböð
Benni



Smelltu á
notadir.benni.is

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Persónuvernd leggur á sektir í fyrsta sinn



Erla S. Árnadóttir,
lögmaður og eigandi á LEX



Lena Markúsdóttir,
lögfræðingur á LEX



María Kristjánsdóttir,
lögmaður á LEX.



Í sumar verða liðin tvö ár frá því að lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga tóku gildi hér á landi en þau innleiddu hina almennu persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins (GDPR). Löggjöf þessi krafðist þess að fyrirtæki, opinberir aðilar og félagsamtök innleiddu í starfsemi sína nýtt verklag sem felst í margvíslegu utanumhaldi og eftirliti við skráningu persónuupplýsinga.

Eitt þeirra nýmæla er löggjöfin fól í sér var heimild persónuverndarstofnana aðildarríkja Evrópusambandsins og EFTA ríkjanna til álagningar stjórnvaldssekta vegna brota þeirra sem vinna með persónuupplýsingar á reglum laganna. Slík sektaheimild Persónuverndar hafði fram að því ekki verið fyrir hendi að íslenskum lögum. Sektarákvæðanir persónuverndarstofnana á grundvelli GDPR í Evrópusambandinu litu fyrst dagsins ljós á árinu 2018 en fram til þessa mun sekt sem breska persónuverndarstofnunin lagði á British Airways í júlí 2019 að fjárhæð 183 milljónir punda vera hæsta sekt sem úrskurðuð hefur verið í aðildarríkjunum. Í því tilvikum var um að ræða skort á öryggisráðstöfunum er leiddi til þess að tölvuþrjótur komust yfir aðgang að persónuupplýsingum um 500 þúsund viðskiptavini flugfélagsins.

Þann 10. mars sl. litu fyrstu sektarákvæðanir Persónuverndarstofnans dagsins ljós. Stofnunin sektaði tvo aðila er stunduðu starfsemi er ekki var rekin í ábataskyni. Annar

Eitt þeirra nýmæla er löggjöfin fól í sér var heimild persónuverndarstofnana til álagningar stjórnvaldssekta vegna brota þeirra sem vinna með persónuupplýsingar á reglum laganna.

úrskurðurinn varðaði Fjölbrotaskólann í Breiðholti þar sem átt hafði sér stað það atvik að kennari við skólann sendi af misgáningi tölvuskeyti á hóp nemenda og forráðamanna þar sem fylgdi rangt viðhengi með þeim afleiðingum að viðtakendur fengu aðgang að upplýsingum um viðtöl við nemendur frá fyrri önn þar sem m.a. var að finna upplýsingar um veikindi. Alögð sekt nam 1,3 milljónum króna.

Hinn úrskurðurinn varðaði S.Á.Á en í því tilvikum var lögð á sekt að fjárhæð þrjár milljónir króna.

Við starfslok starfsmanns hjá samtökunum hafði það gerst að margvísleg gögn um skjólstaðinga samtakanna höfðu ratað í vörslur starfsmannsins. Gögnin höfðu að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum, til að mynda sjúkrahús 252 einstaklinga þar sem fram komu m.a. upplýsingar um fíkniefnanotkun og refsiverða háttsemi.

Aferlendum sektarákvæðunum er vörðuð heilsufarsupplýsingar má nefna að þýsk persónuverndarstofnun gerði í desember 2019 þar lendum sjúkrahúsi að greiða sekt að fjárhæð 105 þúsundum evra, eða 14,1 milljónir króna vegna margvíslegra brota á persónuverndarlögum við innskræningu sjúklinga sem leiddi til þess að reikningar voru sendir til rangra einstaklinga sem fengu þá aðgang að persónuupplýsingum annarra sjúklinga. Jafnframt gerði hollenska persónuverndarstofnunin sjúkrahúsi að greiða sekt að fjárhæð 460 þúsund evra í júní 2019, en stofnunin hóf rannsókn eftir að uppvíst varð um að upplýsingum um þekktan einstakling hafði verið flett upp af 197 starfsmönnum sjúkrahússins. Persónuverndarstofnunin taldi að

Í persónuverndarlögum og reglugerð ESB er kveðið á um að ábyrgðaraðilar og vinnsluadilar skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga.

um væri að ræða brot á ákvæðum persónuverndarreglugerðarinnar um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga er fölust í ófullnægjandi aðferðum við auðkenningu þar sem tveggja þátta auðkenning var ekki viðhöfð og skortur var á eftirliti með atburðaskráningu.

Af framangreindu má sjá að brestir á öryggi varðandi vinnslu heilsufarsupplýsinga eins og annarra persónuupplýsinga geta komið fram í ýmsum myndum. Öll málin að framan, eins og raunar meirihluti sektarmála hjá persónuverndarstofnunum Evrópusambandsins, eiga það sammerkt að

athugasemdir stofnananna lúta að skorti á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Í persónuverndarlögum og reglugerð ESB er kveðið á um að ábyrgðaraðilar og vinnsluadilar skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga. Slíkar ráðstafanir eru margþættar og ráðast af eðli starfseminnar, allt frá því að tryggja raunlægt öryggi í húsakynnum þar sem unnið er með persónuupplýsingar og að varðveita pappírsgögn með tryggilegum hætti, til þess að nýta árangursríkar tæknilegar lausnir við meðferð og sendingar gagna í upplýsingakerfum svo sem dulkóðun, réttar lausnir við auðkenningu o.fl.

Þáttur í því að innleiða hina nýju löggjöf hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagsamtökum felst einnig í fræðslu til starfsmanna, m.a. með setningu verklagsreglna af ýmsu tagi auk eftirlits með því að öryggis sé gætt, svo sem með atburðaskráningu og viðhaldi þekkingar starfsmanna. Nú þegar innleiðing hinnar nýju löggjafar ætti að vera á lokametrunum er mikilvægt að íslenskir ábyrgðar- og vinnsluadilar hugi að þessum þáttum í sinni starfsemi.

Hálftómt glas Ágústs Ólafs



Þórður Gunnarsson,
sérfræðingur á sviði hrávörumarkaða og sjálfstætt starfandi.

Samkomubann tók gildi í byrjun þessarar viku og búa landsmenn sig nú undir breytta og margt um erfiðari lífshætti - að minnsta kosti um skeið. Sama dag og samkomubannið tók gildi birti Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, pistil á Facebook-síðu sinni þar sem talin voru upp tíu atriði sem ætlað var að sýna fram á hvernig íslenska hagkerfið væri í raun ekki betur í stakk búið nú til að takast á við ytri áföll en fyrir tólf árum síðan,

Þó að yfirstandandi faraldur þurfi að taka alvarlega er bölmóður ekki böluefnið sem þjóðin þarf núna.

þegar alþjóðahagkerfið lenti síðast í hremmingum.

Það er ekki góð nýting á starfsorku eða tíma að reyna að finna eins neikvæða fleti á núverandi stöðu og hægt er. Þó að yfirstandandi faraldur þurfi að taka alvarlega, er bölmóður ekki böluefnið sem þjóðin þarf núna.

En án þess að eyða fleiri orðum í pistil Ágústs Ólafs, eru hér tíu atriði sem benda til þess að Ísland standi þvert á móti mun betur að vígi nú en fyrir tólf árum:

1. Erlend staða þjóðarbúsins hefur stórbatnað frá árinu 2008. Samkvæmt nýjustu tölum Seðlabankans námu erlendar eignir þjóðarbúsins 668 milljörðum króna umfram skuldir, en þessi sama tala var neikvæð um 2.637 milljarða um mitt árið 2008.
2. Skuldir íslenska ríkisins eru mjög lágar í alþjóðlegum samanburði, þó svo þær hafi hækkað úr 20 prósent árið 2008 í 32 prósent í dag (meðaltal ríkja OECD er 73 prósent). Vaxtakjör á Íslandi eru svo miklu betri í dag en fyrir 12 árum síðan, hvort sem litid er á innlenda eða erlenda gjaldmiðla.
3. Seðlabanki Íslands hefur legið undir gagnrýni fyrir að lækka

vexti of hægt. Óháð þeirri gagnrýni er afleiðingin þó sú að peningamálayfirvöld hér á landi hafa svigrúm til að lækka vaxtastig verulega og örva hagkerfið.

4. Tækifæri er til þess að minnka eiginfjárkröfur banka á Íslandi, sem eru einar þær hæstu á byggðu bóli, svo lánveitingar til fyrirtækja verði greidari.
5. Stofnstærð íslenska þorsksstofnsins hefur ekki verið metin stærri í að verða sex áratugi og útgefið aflamark þorsks líka það hæsta í áratugi. Þar að auki er afurðaverð með hærra móti sem kemur sér vel þegar minnkandi ferðamannastraumur ógnar afkomu utanríkisviðskipta.
6. Íslenska hagkerfið hefur vaxið um tæplega 25 prósent frá því sem var fyrir fjármálakreppuna 2008 og viðnámsþróttur því meiri.

7. Þrátt fyrir að hagkerfið hafi "aðeins" vaxið um fjórðung til ársloka 2018, hafa heildarlaunategjur íslenskra heimila næstum tvöfaldast á sama tíma og meðal-ráðstöfunartekjur aukist um tvo þriðju á sama tímabili.

8. Eignastaða íslenskra heimila tvöfaldaðist á árunum 2007 til 2018. Skuldir hækkuðu um 50 prósent og eiginfjárstaða heimila því mun betri.
9. Við lok árs 2007 var fjöldi fjölskyldna með neikvætt eigið fé í fasteign 7.573 talsins en sá fjöldi hafði dregist saman um meira en helming við árslok 2018, samkvæmt tölum frá Hagstofnunni.
10. Ólíklegt er að yfirstandandi hremmingar í efnahagslífinu leiði af sér margra ára deilur um innistæðutryggingar, sem er óneitanlega framför frá árinu 2008.

GDPR og aukin áhætta fyrirtækja



Hafliði K. Lárusson
lögmaður
og eigandi
hjá BBA Fjeldco



Sara Rut Sigurjónsdóttir
lögmaður og
verkefnastjóri
hjá BBA Fjeldco



Nýju persónuverndarlögin og GDPR tóku gildi á Íslandi um mitt sumar 2018 með lögum nr. 90/2018. Í þeim er að finna ýmsar nýjar og hertar reglur og hafa skyldur og ábyrgð fyrirtækja á þessu sviði aukist til muna. Bæði í ljósi orðsporsáhættu og nýrra sektarheimilda persónuverndaryfirvalda, er rétt að huga í auknum mæli að reglufylgni á þessu sviði.

Starfsemi í samræmi við ný persónuverndarlög

Mörg fyrirtæki gerðu sérstaka úttekt á persónuverndarmálum og breyttu fyrri framkvæmd í því skyni að laga starfsemi sína að nýjum skyldum. Í þessari vinnu fólst m.a. að hafa alla helstu þætti til staðar, einkum:

- Gerð persónuverndarstefna (aðskildar stefnur fyrir starfsmenn og viðskiptavinum)
- Yfirferð á ráðningarsamningum, t.d. varðandi heimild til að deila upplýsingum um starfsmenn ef kemur til áreiðanleikakönnunar
- Yfirferð á viðskiptaskilmálum, svo að fyrirtæki geti unnið persónuupplýsingar viðskiptavina með lögmatum hætti
- Mat á því hvort að lögmatgur grundvöllur fyrir vinnslu er fyrir hendi í öllum tilvikum (t.d. samþykki eða samningur)
- Mat á áhættusamri vinnslu, t.d. varðandi vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga

Fyrstu málin, þar sem Persónuvernd á Íslandi hefur beitt sektarheimildum, benda til þess að Persónuvernd muni beita sektarvaldi sínu með svipuðum hætti og persónuverndaryfirvöld í öðrum ríkjum EES.

- Mat á ábyrgð og áhættu, sem tengist rafrænni vöktun með starfsmönnum eða viðskiptavinum

Reynslan sýnir að sum fyrirtæki luku við innleiðingu á ofangreindum þáttum um það leyti sem nýju lögin tóku gildi, en í mörgum tilvikum hefur dregist að ná nauðsynlegri reglufylgni.

Sérstakir áhættuþættir

Brot á persónuverndarlögum geta átt sér stað með ýmsum hætti, en þau má flokka með eftirfarandi hætti:

„Innbyggð“ brot, einkum ef regluleg framkvæmd við vinnslu persónuupplýsinga á sér ekki lagastoð, t.d. ef skýrt samþykki

einstaklings vantar þar sem slíkt samþykki er nauðsynlegt eða ef persónuupplýsingar eru sendar til landa utan EES án heimildar

- Tæknileg mistök, t.d. ef aðgangur að læstum gögnum opnast
- Mannleg mistök, t.d. ef tölvu-póstur með persónuupplýsingum er sendur á rangt netfang. Innbrot í gagnagrunna og tölvukerfi
- Almennur skortur á tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum til að tryggja öryggi persónuupplýsinga

Þrátt fyrir vilt svið, eru helstu áhættuþættir eftirfarandi, sem ættu að vera settir í forgang í ljósi nauðsynlegrar áhættustýringar:

Öll vinnsla á viðkvæmum persónuupplýsingum, m.a. upplýsingar um stéttarfélagasátt, heilsufarsupplýsingar, sakavottorð, sem og stafræn lífkenni (t.d. augn-, fingrafara- og andlits-skann)

- Þar sem um mikið magn persónuupplýsinga er að ræða
- Miðlun persónuupplýsinga til landa utan EES

- Uppsöfnun persónuupplýsinga yfir langt árabil. Almenn útvistun á vinnslu persónuupplýsinga, t.d. til hýsingaraðila

- Vinnsla persónuupplýsinga fyrir þriðja aðila
- Notkun samfélagsmiðla og söfnun persónuupplýsinga í gegnum slíka miðla
- Bein markaðssetning með tölvupósti eða textaskilaboðum

Dæmi um afleiðingar brota

Nýjum persónuverndarlögum er ætlað að tryggja persónuvernd í heimi þar sem vinnsla persónuupplýsinga hefur stóruáhrif undanfarið ár í ljósi hraðra tæknibreytinga og margbreytilegrar notkunar og viðskipta með persónuupplýsingar. Helsta „tækið“ í höndum persónuverndaryfirvalda í þessu skyni eru nýjar og miklar sektarheimildir, þar sem sektir geta numið frá 100 þúsund krónum til 2,4 milljarða króna eða allt að 4% af árlegri heildarveltu fyrirtækis

Þann 10. mars sl. birti Persónuvernd fyrstu úrskurði sína, þar sem sektarheimildum var beitt hér á landi. Í báðum tilvikum var um alvarlegan öryggisbrest að ræða við meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga, hjá frjálsum félagasamtökum annars vegar og framhalds-

skóla hins vegar. Við ákvörðun sekta komu nokkur atriði til lækkunar þeirra, m.a. að brotið stafaði af mannlegum mistökum (fremur en af vísitandi ólögmatrí vinnslu) í öðru málinu og að í báðum málunum væri um að ræða aðila, sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni. Engu að síður nam sektin þremur milljónum króna í fyrri málinu og 1,3 milljónum króna í því síðara.

Ýmis mál um ákvörðun sekta má einnig finna í nýlegri evrópskri framkvæmd og sýna þau vel hversu fjölbreytt og afdrifarík brot á persónuvernd geta verið:

Danmörk: Húsgagnakeðja sektað um 200.850 evrur fyrir að vista persónuupplýsingar um viðskiptavinum sína lengur en þörf krafði og fyrir að hafa ekki ferla og verklagsreglur til staðar um eyðingu persónuupplýsinga.

Svíþjóð: Netfyrirtæki sektað um 35.000 evrur fyrir að hafa vistað og birt úreltar persónuupplýsingar.

Bretland: Öryggisbrot hjá flugfélagi, sem mátti rekja til skorts á tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum. Sektin kann að nema allt að 204.600.000 evrum.

Þýskaland: Fjarskiptafyrirtæki sektað um 9.550.000 evrur fyrir að hafa gert óviðkomandi aðilum mögulegt að fá upplýsingar um viðskiptamenn með því einu að gefa upp nafn og fæðingardag viðskiptamanna.

Holland: Tryggingafélag sektað um 900.000 evrur fyrir að hafa vanrækt að hafa marglaga aðgangsstýringu að vefsíðu með persónuupplýsingum.

Frakkland: Orkufyrirtæki sektað um 500.000 evrur fyrir síma-markaðssetningu, sem fól í sér upphringingar og vinnslu persónuupplýsinga um væntanlega viðskiptavinum án heimildar.

Fyrstu málin, þar sem Persónuvernd á Íslandi hefur beitt sektarheimildum, benda til þess að Persónuvernd muni beita sektarvaldi sínu með svipuðum hætti og persónuverndaryfirvöld í öðrum ríkjum EES. Þess vegna er brýnt að fyrirtæki fylgi persónuverndarlögum og dragi úr áhættu á þessu sviði eins og unnt er.

COVID og réttarreglur um afþöntun vöru og þjónustu



Arnar Þór Stefánsson
hæstaréttarlögmaður á LEX



Viðir Smári Petersen
hæstaréttarlögmaður á LEX

Nú þegar skæð veira gengur yfir heimsbyggðina reynir á ýmsar reglur laga og réttar sem sjaldan koma til skoðunar. Ber þar hæst reglur sem lúta að því hvað gerist þegar ekki er hægt, eða a.m.k. mjög ördugt, að efna þegar gerða samninga vegna

ráðstafana sem gripið hefur verið til af völdum veirunnar, svo sem að fresta eða aflýsa viðburðum ýmiss konar, afpanta vörur og þjónustu sem þegar var búið að bóka og fleira. Ljóst er að slík atvik geta valdið miklu tjóni enda þarf þá hugsanlega að farga því sem þegar hefur verið útbúið, segja upp starfsfólki eða verktökum. Er þá nærtækt að sú spurning vakni hver beri tjónið sem af slíku verður. Í þessu greinarkorni verður sjónum beint að afmörkuðum þætti þessa, þ.e. hvaða reglur gilda í stuttu máli þegar vara eða þjónusta er afþöntuð. Sérreglur geta gilt á ákveðnum svíðum, t.d. í neytendakaupum og þegar pakkaferðir eru afpantaðar, en ekki verður nánar farið út í þá sálma hér.

Meginregla kröfu- og samningaréttar er sú að samninga skal halda, þ.e. gerðir samningar skulu standa, þ.e. þýðir að menn geta almennt ekki afleiðingalaust ákveðið einhliða að hætta við að efna samning. Þegar menn hafa skuldbundið sig til að kaupa vöru eða þjónustu með samningi, munnlegum eða skriflegum, geta þeir ekki afpantað

vöruna eða þjónustuna, nema að greiða endurgjaldið eða a.m.k. skaðabætur vegna þess tjóns sem viðsemjandinn verður fyrir vegna þessa. Við mat á þessu geta þó ýmis sjónarmið haft þýðingu, t.d. hvort afþöntun hafi átt sér stað með nægilegum fyrirvara, hvort seljandinn getur forðað tjóni með því að selja öðrum viðkomandi vöru.

Tökum í dæmaskyni veislu sem bókuð hefur verið, t.d. árhátið fyrirtækis. Búið er að leigja sal, panta veitingar og þjónustu starfsfólks og skemmtikrafta. Skömmu fyrir veisluna vill sá sem hana ætlaði að halda afpanta þjónustuna og allt sem henni tilheyrir og ber við COVID-19 faraldrinum og bönnum stjórnvalda. Þrátt fyrir þessa afþöntun þarf sá sem pantaði almennt að greiða fyrir hið pantaði að því marki sem sá sem pantað var af verður fyrir tjóni. Ef veitingamaðurinn væri þegar búinn að útbúa veitingarnar væri líklegast um altjón að ræða sem kaupandi yrði að bæta nema að veitingamaðurinn gæti selt þær öðrum (sem verður að teljast ólíklegt). Hvað varðar hin leigðu salarkynni reynir á hvort leigu-

Afþöntun á þegar bókaðri vöru og þjónustu getur almennt ekki farið fram bótalaust.

salinn geti leigt öðrum í staðinn. Sé það ekki hægt á hann rétt til bóta frá þeim sem pantaði sem nemur töpuðum hagnaði, að líkindum hinu umsamda leigugjaldi, að frádrægnum kostnaði leigusalans. Hið sama gildir um þjóna og skemmtikrafta, nema að þeir geti fundið aðra veislu í stað hinar á sama eða svipuðum tíma.

Af framangreindu leiðir að afþöntun á þegar bókaðri vöru og þjónustu getur almennt ekki farið fram bótalaust. Sá sem afpantar verður a.m.k. að greiða þeim sem hann bókaði hjá bætur vegna afþöntunarinnar sem nemur útgjöldum söluáðilans eða hinum tapaða hagnaði hans af vörunni eða þjónustunni. Frá öllu slíku má vitaskuld víkja með samningi aðila sem gerður er samhliða þöntun en alla jafna er því þó ekki fyrir að fara að kaupendur eða seljendur vöru og þjónustu hafi sér til fulltingis

samningsákvæði sem koma þeim að haldi. Þá getur það gerst að aðilar semji um skilmála afþöntunarinnar eftir að atvik sem henni valda koma upp, svo sem að halda veisluna síðar, og tempra þannig tjónið.

Þær meginreglur sem hér hafa verið nefndar eru matskenndar og hvílir á seljanda að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni og að afþöntun hafi leitt til óhagræðis fyrir hann. Af þeim sökum getur verið skynsamlegt fyrir þá sem selja vöru eða veita þjónustu að setja sér skilmála um afþöntun. Slíkt horfir til einföldunar og hægðarauka fyrir seljanda. Sem dæmi um slíka skilmála má nefna að kaupandi verði að afpanta með tilteknum fyrirvara (t.d. innan tiltekna daga- eða viknafjölda), annars þurfi hann að greiða fyrir þjónustuna í heild eða að hluta. Þá gæti seljandi krafðið kaupanda um fyrirframgreiðslu að hluta sem ekki faist endurgreidd þrátt fyrir afþöntun. Skilmálar sem þessir eru algengir á ýmsum svíðum viðskiptalífsins, en semja verður sérstaklega um atriði af þessum toga – annars gilda hinar matskenndu meginreglur.

EINANGRAÐU MEÐ ÍSLENSKRI STEINULL

FYRSTI ÍSLENSKI BYGGINGAVÖRUFAMLEIÐANDINN
MEÐ EPD UMHVERFISYFIRLÝSINGU

YFIRLAGSPLATA

Steinullareinangrun sem ætluð er til notkunar í þök þar sem einangrun er hulin með þakdúk eða pappa.

UNDIRLAGSPLATA

Steinullareinangrun sem ætluð er til notkunar í þök þar sem einangrunin er hulin með þakdúk eða pappa.

LOFTSTOKKAPLATA

Bruna- og hljóðeinangrun á loftstokka.

STOKKAEINANGRUN

Steinullareinangrun með álímdri netstyrktri álfilmu. Einangrun ætluð til notkunar utan á sívala loftræstistokka sem bruna-, hita- og hljóðeinangrun.

ÍMÚR

Steinullareinangrun sem ætluð er fyrir íslenska múrkerfið ÍMÚR. Til notkunar á steypa eða hlaðna veggi utanhúss eða að innanverðu.

ÞAKULL / ÞÉTTULL M/VINDPAPPA

Steinullareinangrun með áföstum vindpappa sem ætluð er á þök.

ÞÉTTULL

Steinullareinangrun í veggi og gólf þar sem einangrunin verður ekki fyrir álagi.

VEGGPLATA


Steinullareinangrun sem ætluð er undir loftræstar klæðningar, utan á þétt burðarvirki.

ÞÉTTULL ÞÉTTULL PLÚS

Steinullareinangrun sem ætluð er til notkunar í milliveggi eða grindur útveggja að innan úr tré eða stáli.

SÖKKULPLATA

Steinullareinangrun sem ætluð er utan á sökklá og undir botnplötu á fyllingu.



STEINULL



Skotsilfur



Ekki mættur

Það vakti þegar athygli þegar Seðlabankinn boðaði til kynningarfundar í dag, miðvikudag, um niðurstöður nýlegra funda peningastefnu-nefndar og fjármálastöðugleikanefndar að **Gunnar Jakobsson**, sem var skipaður varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, yrði ekki á fundinum. Þessi í stað mætir Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs. Gunnar tók við embættinu 1. mars síðastliðinn en hann hefur hins vegar ekki enn mætt til starfa í húsnæðni Seðlabankans og óljóst er hvenær hann mun koma til landsins.



Til Icelandair

Sigrún Hjartardóttir tók við sem forstöðumaður fjárfyringur Icelandair um mánaðamótin eftir að hafa áður starfað sem verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka. Nýja starfið er vafalaust meira krefjandi en hún gerði ráð fyrir við ráðninguna vegna viðtæks ferðabanns, þökk sé kórónaveirunni. Fyrir utan mikla reynslu af fjármálum er Sigrún öllum hnútum kunnug hjá Íslandsbanka eftir að hafa starfað þar um árabil en bankinn er einmitt einn af lánveitendum flugfélagsins. Við þær krefjandi aðstæður sem nú eru uppi er ljóst að gott samstarf við lánveitendur kann að ráða miklu um framhaldið.




Kristinn til ON

Kristinn Harðarson hefur verið ráðinn forstöðumaður virkjanareksturs hjá Orku náttúrunnar (ON). Kristinn hefur starfað undanfarin 14 ár hjá álframleiðandanum Alcoa, lengst af sem framkvæmdastjóri álframleiðslu hjá Alcoa Fjarðaáli, en einnig sem framkvæmdastjóri fjárfestinga og framleiðsluþróunar sem og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Frá 2019 starfaði Kristinn, sem er með meistaraþráðu í rekstrarverkfræði frá tækniháskólanum í Danmörku (DTU) og B.Sc. gráðu í iðnaðartæknifræði frá Tækniskóla Íslands, hjá Alcoa Corporation í Pittsburgh í Bandaríkjunum.



Varar við hrinu gjaldþrota í fluggeiranum



Tómlegt hefur verið um að litast á helstu alþjóðaflugvöllum heims eftir því sem kórónaveiran hefur breiðst út og stjórnvöld víða hafa ýmist takmarkað eða varað við ferðalögum. Ráðgjafafyrirtækið Centre for Aviation hefur varað við því að flest flugfélög heims geti verið farin í gjaldþrot í lok maí ef ekki verði gripið til róttækra aðgerða. Hratt gangi á lausafélaganna sem séu sum hver nú þegar tæknilega gjaldþrota. Mynd/AFP

Hagstjórnarfyrimynd annarra



Kristrún Frostadóttir, aðalhafnastjóri Kvikubanka.

Fjármálamarkaðir erlendis hafa verið í frjálsum falli síðustu daga og met frá 2008 margoft slegin. Seðlabanki Bandaríkjanna hefur lækkað vexti í núll með tveimur skörpum lækkingum og lófað nægu lausafé. Samt lækka markaðir. Hlutabréfaverð á Íslandi hefur einnig tekið dýfu og eðlilegt að fólk spyrji sig hvort annað hrun sé handan við hornið. Svona hugsanir stinga í stúf við yfirlýsingar heilbrigðissérfræðinga um að um tímabundið ástand sé að ræða þar sem COVID-faraldurinn gangi yfir á nokkrum vikum. Fjármálamarkaðir eiga að vera hitamælir á raunhagkerfið en samkvæmt þeim er í uppsiglingu álika ástand og fyrir 12 árum. Ötrúlegt en satt er upphafsstaðan að mörgu leyti verri á fjármálamörkuðum í Bandaríkjunum í dag en 2008. En margfalt betri hér.

Talsverður aðdragandi hefur

verið að núverandi markaðstíringi víða um heim. Stuttu útgáfan af sögunni snýr að áhrifum lágra vaxta og ódýrs fjármagns í Evrópu og Bandaríkjunum, á skuldsetningu og sókn í ávöxtun síðastliðinn áratug. Mikil fjármagn hefur streymt inn á hlutabréfamarkaði víða um heim, sérstaklega til Bandaríkjanna. Í upphafi ársins var markaðsvirði bandaríska hlutabréfamarkaðarins 160% af landsframleiðslu. Árið 2007 var hlutfallið 100%. Ásókn í ávöxtun hefur einnig ytt undir hraðan vöxt fyrirtækjaskulda í formi skuldbréfa í Bandaríkjunum, á meðan hægt hefur á útlánvexti banka. Útgáfa annarra skuldaskjala hefur einnig stóruð, enda opinberar skuldir í Bandaríkjunum farið úr 60% af VLF í rúmlega 100% frá 2007. Bandaríski fjármálamarkaðurinn, þ.e. hlutabréfa meðtöldum skuldbréfum ríkis og fyrirtækja, mældist þrefalt stærri en raunhagkerfið í upphafi ársins, en var 185% af hagkerfinu 2007. Húsnæðisskuldir hafa þó farið fallandi á þennan mælikvarða frá síðustu kreppu, úr 100% af VLF í 75%. Hraður vöxtur á fyrrenfundum mörkuðum leiðir líklega til kreppu í raunhagkerfinu sem er langt umfram COVID-áfallið.

Ójafnvægi hefur einnig verið til staðar í íslenska hagkerfinu síðustu ár, en af öðrum toga. Laun

hafa hækkað mikið samhliða vexti mannaflafreka greina og mælast nú 55% af VLF. Aðeins einu sinni á síðustu 50 árum hefur hlutfallið mælt hærra, eða 2007. Aukin greiðslugeta heimilanna, frekar en skuldsetning, hefur því drifið fasteignamarkaðshækkanir hér heima. Til samannburðar hefur launahlutfallið farið nær stöðugt lakkandi í Bandaríkjunum frá 1970 og stendur nú í 43%. Þetta er spegilmynd hækkananna á hlutabréfamörkuðum vestanhafs þar sem hagnaður fyrirtækja hefur aukist hratt á kostnað launafólks og samneyslu. Þessi þróun hefur veikt stöðir samfélagsins til að bregðast við áföllum, í bókstaflegri merkingu þessa daga. Hér hefur hlutabréfamarkaðurinn hins vegar litið tekið við sér síðustu misseri, þrátt fyrir mikinn hagvöxt, en markaðsvirði fyrir núverandi áfall var um þriðjungur af landsframleiðslu samanborið við 200% árið 2007. Skuldabréfamarkaður með ríkis- og fyrirtækjabréf hérlendis er um 40% af landsframleiðslu en var tæplega 60% árið 2007.

Bönkunum þarf nú ekki að bjarga en þeir þurfa lausafjárstuðning og svigrúm til að veita fyrirtækjum og heimilum aðgang að lánsfé og þar með ganga á rifleg eiginfjárlutföll sem eru nú tvöfalt hærri en 2007. Þó skuldir íslenskra fyrirtækja séu

aðeins hærri en í Bandaríkjunum eru þær mestmegnis við banka, ekki fjárfesta á fjármálamarkaði líkt og víða vestanhafs. Bankar eru mun betur í stakk búnir en aðrir fjárfestar til að bregðast við tímabundinni örverntingu þar sem þeir þekkja viðskiptavinum sína vel.

Vaxtalækkunir Seðlabanka Bandaríkjanna og ófjármagnaðar skattalækkunir hafa haldið lífi í bandaríska fjármálamarkaðnum síðustu misseri. Nú þegar peningastefnan er komin á endastöð verður að treysta á fjármálastefnuna. Þar er hins vegar lítið svigrúm eftir met hallarekstur undanfarinna ára. Við það bætist að mörg þeirra landa sem hafa stutt við skuldaförnun Bandaríkjanna síðustu ár, með kaupum á bandarískum ríkisþappirum fyrir umfram sparnað sinn, hafa nú gefið út stóryrtar yfirlýsingar um stóraukin ríkisútgjöld til að mæta virusnum. Íslenska ríkið hefur aftur á móti talsvert svigrúm til að auka við skuldastöðu sína eins og nauðsyn krefur og ætti að geta gengið að öruggum kaupendum vísum. Það er því full ástæða til að hrósa hagstjórnaraðilum, eftirlitsaðilum og nú almannaörmum fyrir að undirbúa okkur vel undir áður óþekkt áfall þó við sjáum ekki enn til lands. Stóra hagstjórnarmyndin er til fyrirmyndar.

Stefnum á Íslandsmet í hagvexti 2021

RÁÐDEILDIN

Konráð
Guðjónsson
hagfræðingur
Viðskiptaráðs




Sköfum ekkert ofan af því: Íslenskt atvinnu- og efnahagslíf er í skelfilegri stöðu og verður það áfram einhverjar vikur og jafnvel mánuði vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Seðlabankar

og ríkisstjórnir um allan heim keppast nú við að ráðast í risavaxnar björgunaraðgerðir vegna stöðunnar.

Til að mynda ætlar norska ríkið í aðgerðir til að hjálpa fyrirtækjum, sem jafnast á við 85 milljarða króna aðgerðir hér á landi, og bandaríski seðlabankinn hefur lækkað vexti um 1,5 prósentustig. Markmið slíkra aðgerða, sem á að vera forgangsatríði allra sem vettlingi geta valdið hér á landi, er að tryggja að efnahagslífið nái sér hratt og örugg-

Áhrif COVID-19 á hagkerfið



lega eftir höggið vegna COVID-19.

Við viljum augljóslega ekki lenda í varanlegum efnahagslegum skaða og hægum bata eins og í meðfylgjandi sýnidæmum. Við viljum að hagkerfið taki „V-feril“ þannig að við komum okkur hratt og örugglega út úr hremmingunum. Höggið verður óhjákvæmilega þungt og óvissan mikil, en gangi allt eftir mun birta fljótlega á ný og Íslandsmet í hagvexti, horft á síðustu fimm áratugi (9,4% árið 2007), gæti verið í hættu á næsta ári.

„Ég á örugglega eftir að sakna óvæntu útgjaldanna... ...not!“

Sixt langtímaleiga einfaldar lífið!

Fyrirsjáanleiki er lúxus. Óþægilegar uppákomur og tímafrekir snúningar í kringum fjölskyldubílinn er aldrei spennandi tilhugsun og hreinn tímapjófur. Bíll í Sixt langtímaleigu er þægilegur kostur sem gefur þér meira svigrúm og öryggi í dagsins önn.

**Ein föst greiðsla á mánuði,
enginn óvæntur kostnaður...**


...og allir kátir!

Kynntu þér kosti langtímaleigu
á sixtlangtímaleiga.is eða hafðu
samband við viðskiptastjóra
Sixt í síma 540 2222 eða á
vidskiptastjori@sixt.is

Innifalið í langtímaleigu:

- Þjónustuskoðanir
- Hefðbundið viðhald
- Tryggingar og gjöld
- Dekk og dekkjaskipti

sixtlangtímaleiga.is



Maður fer ekki langt án rétta fólksins

Svipmynd

Lilja Kjalarsdóttir

Nám: B.S. í lífefnafræði frá HÍ og Ph.D. í Biomedicine frá UTSW í Dallas, TX

Störf: Framkvæmdastjóri líf-tæknifyrirtækisins SagaNatura

Fjölskylduhagir: Gift Svavari Sigursteinsyni, einkapjálfa og ljósmyndara. Við eigum tvo stráka, 8 og 11 ára orkubolta sem æfa fótbolta og körfubolta.

Lilja Kjalarsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri SagaNatura í febrúar en hún hafði áður gegnt stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra frá því í byrjun árs 2018.

Hvernig finnst þér best að verja fristundum þínum?

Ég spila fótbolta tvisvar í viku en í fullkomnum heimi næði ég líka tveim Bootcamp- eða lyftinga-æfingum inn. Annars finnst mér fátt skemmtilegra en að hvetja strákana mína áfram á fótbolta- eða körfuboltamótum. Á veturna reynum við að vera dugleg að fara á snjóbretti í Bláfjöllum og í útilegur á sumrin. Þetta skolest samt stundum til þegar það eru vinnutarnir.

Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Nei, því miður, því ég tek nánast alltaf vinnuna með heim. Sem betur fer er ég mjög vel gift og Svavar bakkar mig upp þegar mikið er í gangi, sem er reyndar mjög oft.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Ég elska að kúra á morgnana. Ég stilli klukkuna það snemma að ég get slökkt á henni allavega tvisvar áður en að ég æði á fætur til að koma strákunum í skólann og sjálfri mér í vinnuna. Síðan nýti ég yfirleitt bílferðina í vinnuna fyrir símafundi.

Hvada bók hefur haft mest áhrif á þig?

Verð að velja þrjár. The Cell, sem er biblíu frumu- og sameindalíffræðinnar. Grunnþekkingu úr þessari bók er ég enn að nota í dag, sérstaklega í vöruþróun. Síðan er það Good to Great eftir Jim Collins og Culture Code eftir Daniel Coyle. Þessar eru í uppáhaldi úr flokki stjórndabóka. Annars er ég alæta



Lilja var ráðin framkvæmdastjóri SagaNatura í síðasta mánuði en áður hafði hún gegnt stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég hef líka fengið minn skerf af erfiðri lífsreynslu, sem tekur þátt í að móta mann og kenna manni á sjálfan sig.

á bækur og ég elska að læra nýja hluti.

Hvers konar stjórnunarstil hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?

Ætli ég myndi ekki segja hvetjandi leiðtogi. Það er allavega sá still

sem kemur náttúrulega hjá mér en ég er stöðugt að móta stjórnunar-hæfileikana. Ég er yfirleitt brosandi og jákvæð en ég er samt ekki hrædd við að taka erfiðar ákvarðanir eða taka erfiðar samræður. Það að geta tekið erfiðar samræður er sérstaklega mikilvægt í þeirri vinnu að móta teymi. Ég var ung fyrirlíði Stjórnunnar í fótbolta og síðan var ég líka aðalþjálfari í yngri flokkum Stjórnunnar. Ég hef líka fengið minn skerf af erfiðri lífsreynslu, sem tekur þátt í að móta mann og kenna manni á sjálfan sig. Annars horfi ég á mitt hlutverk eins og hjá fótbolta-stjóra. Það er í mínum verkahring að setja stefnuna, velja besta fólkíð í allar stöðurnar og passa að allir vinni sem ein heild. Ég vil að það sé eftirsóknarvert fyrir metnaðarfullt fólk að vinna hjá SagaNatura.

Maður fer nefnilega ekki langt án rétta fólksins.

Hver eru sóknarfærin í rekstri SagaNatura?

Þau eru ótalmörg, það mörg að við Sjöfn Sigurgísladóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri og núverandi stjórnarmaður, höfum skipt liði til að missa enga bolta. Hún einbeitt sér að spin-off tækifærum og ég mun einbeita mér að því að stýra uppbyggingu á smápörunga-ræktuninni okkar og vöruúrvali sem hentar vel til útflutnings, þá er helst að nefna vinnu við vöruþróun og rannsóknir sem styðja við vörurnar. Okkar stefna er að vera fremst í fæðubótarefnum úr smápörungum og íslenskum plöntum sem hafa lyfjafræðilega virkni, eða svokölluð nutraceuticals. Við viljum að fólk kaupi vöruna aftur

af því að það fann virkilegan mun á sér við að taka þær.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum misserum og hvada áskoranir eru fram undan?

Það er flest allt krefjandi hjá okkur enda erum við metnaðarfull og ráðumst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Við erum stöðugt að ögra núverandi stöðu og þess vegna komumst við svona hratt áfram. Annars eru helstu krefjandi viðfangsefni stækkun á framleiðslu frá hráefnum til lokavara, klára stærri og stærri samninga til að tryggja útflutning á vörnum okkar og tryggja fjármagn í formi styrkja til að keyra áfram rannsóknir á vörnum okkar. Helstu áskoranir okkar svo í framhaldinu eru að tryggja áframhaldandi vöxt félagsins á heimsvísu

Arnarlax býr sig undir að verð á laxi gefi eftir

Það hefur komið á óvart hvað verð á laxi hefur haldist hátt lengi, en við erum að búa okkur undir að það muni gefa eftir. Það hefur hægt mjög mikið á markaðinum og flutningar eru snúnir," segir Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax, um áhrif kórónafaraldursins í samtali við Markaðinn.

„Í fiskeldinu þarf annaðhvort að láta laxinn bíða í kvíunum, draga úr slátrun, eða þá að frysta fisk ef þau verð eru rétt. Við höfum ekki enn þurft að frysta laxinn en það er ekki ólíklegt að til þess komi," bætir Kjartan við. Hann nefnir að þegar lokað var á viðskipti við Rússland hafi norsk yfirvöld gripið til þess að heimila eldisfyrirtækjum að fara yfir hámark lífmassa og gefið þannig meiri sveigjanleika.

„Þannig er hægt að hægja á starfsemi þess að áhrifin verði of mikil. Það kemur í veg fyrir að markaðir fyllist og að það myndist þvingað offramboð," segir Kjartan. Íslensk stjórnvöld geti gripið til sambærilegra aðgerða ef ástandið hefur ekki batnað í sumar þegar lífmassi er sem mestur.

Norska laxeldisfyrirtækið



Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður og einn eigenda Arnarlax.

SalMar tilkynnti í gær að ekki yrði greiddur arður upp á 2,37 milljarða norskra króna, jafnvirði 32 milljarða íslenskra króna. Ákvörðunin var tekin í ljósi efnahagslegrar óvissu sem fylgir útbreiðslu kórónaveirunnar. SalMar á um 59,4 prósent hlut í Arnarlaxi en norska félagið jók hlut sinn úr 42 prósentum í 54,2, prósent snemma á síðasta ári með kaupum á bréfum TM og Fiskisunds sem virkjaði yfirtökuskyldu. - þfh

Hægt að losa fé fyrir ferðaskrifstofur

Ferðamálastofa hefur ekki afturkallað starfsleyfi ferðaskrifstofa eftir að kórónafaraldurinn hófst. Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri segir ljóst að faraldurinn muni reynast mörgum ferðaskrifstofum þungur og nú hafi stofnunin til skoðunar hvernig hægt sé að bregðast við.

„Í þessu ástandi er það lausafé fyrirtækja sem skiptir mestu máli. Það eru talsvert miklir peningar bundnir í tryggingum ferðaskrifstofa og sjálfsgagt horfa margir til þess að losa það fé. Það er ákveðið svigrúm til að gera það. Þegar umfang dregst saman eiga tryggingarnar að gera það líka," segir Skarphéðinn.

Í umfjöllun Markaðarins frá því um miðjan febrúar kom fram að heildarfjárhæð trygginga ferðaskrifstofa, sem þeim er skylt að útvega samkvæmt lögum, næmi um sjö milljörðum króna og er stór hluti af upphæðinni á bundnum reikningum hjá innlendum viðskiptabönkum.

„Við erum að fara yfir það hvernig er hægt að koma til móts við ferðaskrifstofur í því sambandi, án þess þó að draga úr þeirri neytendavernd sem felst í ferðaskrifstofu-tryggingum," bætir hann við.



Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Íslands..

Í þessu ástandi er það lausafé fyrirtækja sem skiptir mestu máli.

Ferðaskrifstofurnar VITA, Ferðaskrifstofa Íslands og Heimsferðir hafa komið sér saman um samstillt átak til að lágmarka kostnaðinn af því að koma viðskiptavinum, sem nú eru staddir á Kanaríeyjum, heim til Íslands. Icelandair hefur sett upp 15 flug næstu fjóra daga þar sem

ferðaskrifstofurnar, í samráði við Ferðamálastofu, flýta för allra farþega sem eru á þeirra vegum á eyjunum en þeir eru á milli tvö og þrjú þúsund talsins.

„Það var talið að það þjónaði hagsmunum allra að gera þetta með samstilltu átaki," segir Skarphéðinn og nefnir að kostnaður aðgerðarinnar sé vel á annað hundrað milljónir króna. Ferðaskrifstofur hafa fundað síðustu daga með Ferðamálastofu, eftir að hafa fengið heimild til samstarfs frá Samkeppniseftirlitinu. - þfh



Alltaf til taks

**Algjörlega
hnökralaust**

Vodafone hentar mínum rekstri best. Þau hafa þjónustað okkur með allt sem þarf, algjörlega hnökralaust.

Nánar á vodafone.is/fyrirtaeki

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?



vodafone
fyrirtæki

SKOÐUN

Helgi Vífill
Júliusson



11. september en ekki 2008

Kórónaveiran mun veita fyrirtækjum þungt högg. Allmörg verða gjaldþrota. Það er óhjákvæmilegt þegar þau verða nánast tekjulaus í einhverni tíma.

Hve mörg munu falla mun ráðast af þjörgunaraðgerðum stjórnvalda og hve löng kreppan verður. Hópur fyrirtækja í ferðaþjónustu mátti ekki við frekari áföllum enda sum hver enn að sleikja sárin eftir að ferðamönnum fór að fækka eftir gjaldþrot WOW air.

Við fordæmalausar aðstæður er mikilvægt að skilja eðli efnahagsvandans. Hafa ber í huga að hann er mun nær því að minna á efnahagsáfallið sem skapaðist í kjölfar hryðjuverka al-Kaída hinn 11. september árið 2001 á hendur Bandaríkjunum en bankahrunið 2008.

Eftir að hryðjuverkamenn rændu fjórum flugvélum og tvær skullu á Tvíburaturninum í New York óttuðust margir að Osama Bin Laden myndi leika sama leik innan tíðar. Það myndi því stefna lífi fólks í vöðva að ferðast og því sat það heima hjá sér. Tekjur fyrirtækja í ferðaþjónustu hrundu samstundis.

Vandinn árið 2008 var kerfislægur skuldavandi á Vesturlöndum. Ekkert slíkt er til umræðu nú. Bankar, bæði hér og víða erlendis, eru vel fjármagnaðir, ólíkt því sem var fyrir tólf árum. Fyrir hrun voru íslensku bankarnir allt of stórir miðað við hagkerfið og skuldum hlaðnir í ofanálag.

Skuldsetning hér á landi er sömuleiðis nú mun minni en í aðdraganda bankahrunsins. Auk þess búum við að digrum gjaldeyrisvaraforða en hann var rýr við bankahrunið. Staðan er því allt önnur og betri til að mæta áföllum.

Þegar sést til sólar eftir einhverja mánuði í ferðaþjónustu munu há laun í alþjóðlegum samanburði verða þeim fjötur um fót. Það er erfitt að ímynda sér að bróðurpartur þeirra geti staðið undir þeim hækkingum sem samið var um í lífskjarsamningum. Aðstæður eru enda allt aðrar nú en reiknað var með þegar samið var. Það er nauðsynlegt að biða með þær launahækkanir sem eru handan við hornið til að verja störf og atvinnulífið.


Áskoranir sem þessar minna á að hagsmunir landsmanna og atvinnulífsins er fléttað saman. Fyrirtæki veita fólki atvinnu og þau greiða skatta til að standa undir velferðarkerfinu. Það á því ekki að líta atvinnulífið sem andstæðing heldur samherja sem þarf gefa svigrúm til að fóta sig, oft við erfiðar aðstæður.

Fella niður öll flug frá eyjaklasanum

Flugfélagið Cabo Verde Airlines á Grænhöfðaeyjum, sem er að hluta til í eigu Icelandair Group, hefur ákveðið að fella niður allar ferðir í að minnsta kosti 30 daga frá og með deginum í dag.

Ákvörðunin var tekin vegna ferðabanna sem ríkisstjórnir víða heim hafa sett á síðustu dögum vegna kórónafaraldursins, þar meðal ríkisstjórn Grænhöfðaeyja.

Loftleiðir Cabo Verde, sem er í eigu Loftleiða Icelandic, Björgólfs Jóhannssonar, fyrirverandi



Erlendur Svavarsson

forstjóra Icelandair Group, og Kjálkanness, systurfélags útgerðarinnar Gjögurs, keyptu í febrúar í fyrra 51 prósent hlut í Cabo Verde Airlines. Ríkisstjórn eyjaklasans hélt eftir 49 prósent eignarhlut.

Cabo Verde Airlines tapaði liðlega 21 milljón dala í fyrra en flugfélagið leitar nú langtímafjármögnunar. Erlendur Svavarsson var ráðinn forstjóri í byrjun febrúar. -Þfh

17.03.2020

Tilkostnaðurinn af því að gera aðeins of mikið verður alltaf minni en tjónið af því að gera of lítið.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.



Bókhald & laun

Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á www.pwc.is/bokhald



PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

BYRJADU DAGINN MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!



• Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.

• Opnar blað dagsins.

• Lest þegar þér hentar!

Sæktu Fréttablaðsappið frítt!

Download on the
App Store

GET IT ON
Google Play

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Ræstingar

FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.

Ódýrar & vandvirkar ræstingar.

Sjá uppl. www.fmjthrif.is
FMJ Þrif ehf.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör s/f

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör, Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Málarar

Málningarþjónusta S: 782-6034.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EDA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Trésmíði

TRÉSMÍÐUR

tekur að sér stór og smá verk sanngjarnt verð s 8924624 net sigverktakar@gmail.com

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu 2ja herb. íbúð á sv. 200. Leiga 140þús per/mán. Uppl. í s. 893 3475

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500



EIGNAMIDLUN

GRENSÁSVEGUR 11 | SÍMI 588 9090 | WWW.EIGNAMIDLUN.IS

NÝTT Í SÖLU – LOKAÁFANGI

FALLEGT ÚTSÝNI



FREKARI UPPLÝSINGAR



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur fasteignas., lögg.
leigumíðlari. Sími 824 9098



Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9096

GERPLUSTRÆTI 21-23

270 MOSFELLSBÆR

VERÐ FRÁ 40,9 MILLJ.

- Fullbúnaðar íbúðir, án megin gólfefna
- Innréttingar frá GKS
- Innbyggður ísskápur og uppþvottavél
- Afhending: G 23 í júní 2020 / G 21 í okt 2020
- Stærð 81-158 m²
- 2 til 5 herbergja
- Allar íbúðir með stæði í bílgeymslu
- Stutt í náttúru
- Útsýni úr flestum íbúðunum



OPIÐ HÚS Í DAG
KL. 18.00 -18.30



Auglýsing um skipulagsmál í Hveragerði



Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Hveragerði

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 12. mars 2020 eftirfarandi tvær deiliskipulagsbreytingar:

Breytingu á deiliskipulagi Hreinsistöðvar í Hveragerði.

Deiliskipulagssvæðið, sem staðsett er sunnan Suðurlandsvegur og austan Þorlákshafnarvegur, afmarkast af helgunarsvæði Suðurlandsvegur til norðurs, Varmá til austurs, landi Öxnalækjar til suðurs og athafnarsvæði við Vorsabæ til vesturs. Breytingin felur m.a. í sér breytingu á deiliskipulagsmörkum og nýja aðkomu að svæðinu. Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur öðlast gildi.

Óverulega breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjarlands í Hveragerði.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Gróðurmörk og Birkimörk til vesturs, Réttarheiði til norðurs, lóð Hótelar Arkar til austurs og að Suðurlandsvegi til suðurs. Breytingin felur í sér stækkun á byggingarreit raðhúsalóða nr. 1-41 við Hraunbæ og breytingu á byggingarreit parhúsalóðarinnar nr. 14-16 við Hraunbæ. Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur öðlast gildi.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

job

Finum draumastarfið saman

Er um við að leita að þér?

Safnið heitir núna Blöðin

Vantar þig blaðið í dag, í gær eða helgarblað frá því í haust?

» Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða undir flípanum **Blöðin**

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á

frettabladid.is



VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík ☁ -1 6 °C ↓	Ísafjörður ☁ -6 7 °C ↓	Akureyri ☁ -3 5 °C ↓
Egilsstaðir ☁ -1 8 °C ↓	Kirkjubæjarkl ☁ 0 7 °C ↓	Hveravellir ☁ -7 7 °C ↓

Norðaustan 13-23 m/s og snjócoma um landið norðanvert síðdegis, hvassast á Vestfjörðum. Mun hægari vindur sunnan til og stöku él. Víða vægt frost. Norðan 8-13 á morgun og dálítil él, en austlægari og snjócoma sunnanlands. Lægir annað kvöld, styttr upp að mestu og herðir á frosti.

Fimmtudagur

Reykjavík ☀ -1 3 °C ↔	Ísafjörður ☁ -6 10 °C ↑	Akureyri ☀ -4 1 °C ↑
Egilsstaðir ☀ -3 5 °C ↔	Kirkjubæjarkl ☀ -3 2 °C →	Hveravellir ☀ -10 6 °C ↑

Föstudagur

Reykjavík ☁ 3 9 °C ↔	Ísafjörður ☁ -1 6 °C ↔	Akureyri ☁ -3 2 °C ↑
Egilsstaðir ☁ -1 3 °C ↑	Kirkjubæjarkl ☁ 1 3 °C ↔	Hveravellir ☁ -4 13 °C ↑

LÉTT

2	3		4		1		9	7
	7		9	8	2			
			5		4	2		
	2	6	1	3	9	8		
9			7			6		
	1	8						
3								
			8		7	4		
1			6	2	4	3		

MIDLUNGS

3	7			8		5		
			5					
	9	1		7	3			
						5		
8	4	3			5			
9	6		7	2			1	
2				9			3	
			8	6		9		2
	5	4				7		

PUNG

	6		8			9	1	
		1	6				4	3
	5			2		6		
4		6						9
	9			4				
			9	3			5	
	4			5	7		8	
1								
2	5				1			

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- Hvetja
 - Kjafi
 - Tveir eins
 - Tengsla
 - Rykögn
 - Matjurt
 - Snap
 - Kk nafn
 - Eiginlega
 - Heilda
- LÓDRÉTT**
- Ríki í S-Ameríku
 - Rúða
 - Gláp
 - Stöðvun
 - Gata á prófi
 - Skráma
 - Frjóangi
 - Flan
 - Bor

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. ekgja, 5. kló, 6. ft, 8. vensla, 10. ar, 11. kál, 12. betl, 13. orri, 15. nanna, 17. smala. LÓDRÉTT: 1. ekkvort, 2. gler, 3. gön, 4. arfát, 7. fallera, 9. skeina, 12. brum, 14. ras, 16. al.

Skák Gunnar Björnsson

Rossolimo átti leik gegn Schmid í Heidelberg árið 1949.

1...Hxg2+! 2 Kxg2 Hxf2+! 3. Bxf2 e3+ 0-1. Áskorendamót-ið í skák hófst í Ekaterinburg í Rússlandi í gær. Nepomniachtci vann Anish Giri og Wang Hao lagði landa sinn Ding Liren að velli. Fyrsta netmótið var haldið á mánudaginn. Helgi Áss Grétarsson kom sá og sigraði. Mótasyrpan heldur áfram í kvöld kl. 19.30.

Svartur á leik



www.skak.is: Skákmót á netinu.

8	4	5	9	2	6	1	3	7
2	9	6	3	1	7	5	4	8
1	7	3	5	4	8	6	9	2
6	1	4	7	8	5	3	2	9
5	8	9	6	3	2	4	7	1
3	2	7	1	9	4	8	5	6
7	3	1	4	6	9	2	8	5
9	6	8	2	5	3	7	1	4
4	5	2	8	7	1	9	6	3
9	4	8	1	6	5	2	3	7
3	6	5	2	7	4	9	8	1
1	7	2	3	8	9	4	6	5
7	3	1	4	9	8	6	5	2
2	8	6	5	3	1	7	4	9
4	5	9	6	2	7	3	1	8
6	1	3	7	5	2	8	9	4
8	2	4	9	1	3	5	7	6
5	9	7	8	4	6	1	2	3
3	2	4	6	8	5	7	9	1
1	5	6	4	9	7	3	8	2
6	1	5	9	7	8	2	3	4
4	3	8	2	5	6	1	7	9
2	7	9	3	1	4	6	5	8
5	9	1	7	3	2	8	4	6
7	4	2	8	6	9	5	1	3
8	6	3	5	4	1	9	2	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

NÝBAKAÐ BRAUÐ ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Vantaði að hafa eitthvað að gera

Ari Blöndal Eggertsson stofnaði bókaútgáfu. Maður hans og dóttir eru meðal höfunda forlagsins Hringaná. Ari er að þýða skáldsögu eftir Ednu O'Brien.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Ari Blöndal Eggertsson rekur bókaútgáfuna Hringaná ásamt manni sínum Ragnar H. Blöndal. Forlagið hefur gefið út sex bækur og fleiri eru væntanlegar. „Mig vantaði eitthvað að gera og Ragnar var með efni í ljóðabók og dóttir mín var tilbúin með skáldsögu. Þannig varð Hringaná til og í fyrria komu fyrstu bækurnar út, ljóðabókin Tveir dropar eftir Ragnar og Einfaldlega Emma eftir dóttur mína Unni Lilju og sjálfur þýddi ég Maður einn eftir Christopher Isherwood,“ segir Ari.

Óvenjulegar skáldsögur

Nýlega sendi forlagið frá sér þrjár bækur: Systir mín raðmorðinginn, er eftir Oyinkan Braithwaite, en sú bók hefur vakið athygli víða um heim. Morð er morð er morð eftir Samuel M. Steward, en þar eru sambýliskonurnar frægu Gertrude Stein og Alice B. Toklas í aðalhlutverkum. Ari þýðir þær báðar. „Þegar ég var á annarri blaðsíðu í ensku útgáfunni á Systir mín raðmorðinginn þá hugsaði ég með mér: Ég ætla að þýða þessa! Sú bók er glæpsaga en Morð er morð er morð er fyrst og fremst skemmtisaga,“ segir Ari. Þriðja bókin sem forlagið sendir frá sér þetta árið er ljóðabók eftir Ragnar, Hermdu mér.

MIG VANTAÐI EITTHVAÐ AÐ GERA OG RAGNAR VAR MEÐ EFNÍ Í LJÓÐABÓK OG DÓTTIR MÍN VAR TILBÚIN MEÐ SKÁLDSÖGU. ÞANNIG VARÐ HRINGANÁ TIL.


Ari er tilbúinn með þýðingu á skáldsögunni Berg eftir breska rit höfundinn Ann Quin. „Hún skrifaði fjórar skáldsögur, þessi kom út 1964, og fjallar um mann, Berg, sem fer til strandbæjar, staðráðinn í að drepa föður sinn sem hafði yfirgefið þau mæðginin þegar Berg var krakki. Þetta er afar skemmtilegur og sérstakur súrrealískur farsí.“

Er að þýða rómaða skáldsögu

Ari er þessa dagana að þýða rómaða skáldsögu Ednu O'Brien, Girl, sem fjallar um ungar stúlkur í Nígíeríu sem rænt er af Boko Haram. „Þessi bók kom út í fyrria í Bretlandi og lesturinn tekur á. Edna, sem er 89 ára, lagðist í rannsóknarvinnu við vinnslu bókarinnar, fór til Nígíeríu og hitti stúlkur sem hafði tekist að flýja úr ánauðinni,“ segir Ari.

Þá er Unnur Lilja næstum tilbúin með aðra skáldsögu sem ekki hefur enn fengið nafn en hún mun koma út í haust.

Spurður hvernig útgáfan gangi segir hann: „Það verður enginn ríkur af þessu en við höfum í okkur og á. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt. Ég hefði átt að byrja á þessu miklu fyrir.“



„Það verður enginn ríkur af þessu en við höfum í okkur og á,“ segir Ari Blöndal Eggertsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sinfóníutónleikar í skugga veirunnar

TÓNLIST

Bein útsending RÚV frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands

★★★★★

Verk eftir Rakhmaníoff, Tsjajkovskí og Stravínskí

Einleikari: Olga Kern
Stjórnandi: Bjarni Frímánn Bjarnason
Eldborg í Hörpu
fimmtudaginn 12. mars

Er nauðsynlegt að getað spilað heilan píanókonert blindandi? Ef marka má kvikmyndina Shine frá 1996, um ástralska pianistann David Helfgott, virðist svarið vera játandi. Helfgott átti við geðræn vandamál að stríða, og píanókeppni sem hann fór í ungur að árum ýtti honum fram af brúnni. Mögnuðustu senurnar í myndinni er þegar hann er að undirbúa sig fyrir keppnina hjá kennaranum sínum og er með bundið fyrir augu. Hann er þá að leika þriðja konsertinn eftir Rakhmaníoff.

Þetta atriði kemur upp í hugann, því hér er fjallað um síðustu tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands næstu vikurnar. Undirritaður fór



Í aðdraganda samkomubanns nutu margir síðustu tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ekki, en hlustaði eingöngu á flutninginn í útvarpinu á RÚV, blindandi ef svo má segja. Yfirvofandi samkomubann vegna COVID-19 er ástæðan; maður er farinn að veigra sér við að fara á fjölsóttu viðburði. Á efnisskránni var þessi stóri píanókonert Rakhmaníoffs, en einleikarinn var Olga Kern.

Afar góð upptaka

Upptakan var framúrskarandi, í senn hljómmikil og tær. Þrívíddin í hljómunum, sem fólk á að venjast á lífandi tónleikum var að vísu ekki almennilega til staðar; öll hljóð-

færin virtust vera jafn nálægt. Mun betur heyrðist í tréblásurum en venjulega, sérstaklega þverflautunni, og einnig voru þakurnar óvanalega áberandi. Þetta var þó ekki slæmt; almennt talað var heildarhljómurinn í þrívíðlegu jafnvægi, litríkur og glæsilegur; bara öðru vísi.

Samkvæmt kynninum, Guðna Tómassyni, var einleikarinn í fallegum, rauðum kjól. Gaman hefði verið að sjá hann! En það skipti engu máli, hið heyrnlega var aðáunartvert. Konsertinn eftir Rakhmaníoff er með þeim erfið-

ari og samanstendur af flugeldasýningum, sem eru samt aldrei yfirborðslegar. Þvert á móti er tæknin ávallt í þjónustu innblástursins, laglínurnar eru fullar af tilfinningahita og hápunktarnir eru stórfenglegir. Kern spilaði af sníld, leikur hennar var kraftmikill og skýr, án nokkurrar fyrirstöðu. Túlkunin var margbrotin, þrungin ljóðrænu og tilfinningaólgu, akkúrat eins og hún átti að vera. Þetta var frábært.

Finlegt, en einnig völdugt

Tvö önnur rússnesk verk voru á dagskránni. Forleikurinn að Rómeó og

Júliu eftir Tsjajkovskí var annað þeirra. Hann var forkunnarfarur í meðförum hljómsveitarinnar undir styrki stjórn Bjarna Frímáns Bjarnasonar. Leikur hljóðfæraleikaranna allra var nákvæmur og fagmannlegur, finlega mótaður þegar við átti og völdugur þess á milli.

Hin tónsmíðin var svokölluð svíta, þ.e. röð þátta, úr Eldfuglinum, ballett eftir Stravínskí. Þetta er sérlega gripandi tónlist sem var fyrirferðarmikil í annarri bíómynd, Shortcuts eftir Robert Altman. Þar er ein persónan sellóleikari, ung kona. Hún er þunglynd og er sífellt að æfa vögguvísuna úr Eldfuglinum. Vissulega er músíkin dapurleg, en bara ef hún er slitin úr samhengi verksins í heild, sem er sigri hrósandi í lokin. Flutningurinn á tónleikumum var magnaður undir markvissri stjórn Bjarna Frímáns, lífandi og skemmtilegur. Laglínurnar risu hátt og hljómarinnir í endann voru gæddir göldrum sem ekki er hægt að lýsa með orðum. Allt fór vel í tónlistinni; megi hið sama gerast í veruleikanum hjá okkur öllum.

Jónas Sen

NIÐURSTADA: Vönduð útsending frá skemmtilegum tónleikum sem ein-kennust af glæsileika og fagmennsku.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Egg og Beikon

Alltaf íslenskt



598 kr./pk.

Bónus Egg
10 stk., 675 g



1.698 kr./kg

Bónus Beikon
Íslenskt



195 kr./2 l

Pepsi Max, 2 lítrar
Pepsi, 2 lítrar

21%
afsláttur

770g



259 kr./stk.

Bónus Heilkornabrauð
770 g - Verð áður 329 kr.

500g



895 kr./pk.

MS Samlokuostur
Í sneiðum, 500 g

6x1l



698 kr./pk.

Coca-Cola, Kippa, 6x1 lítri
Coca-Cola Zero, Kippa, 6x1 lítri

Gott að eiga í frystinum



298 kr./pk.

Chicago Town Pizza
2 tegundir, 2 stk. í pakka



359 kr./stk.

Goodfella's Pepperoni Pizza, 340 g
Goodfella's Margherita Pizza, 345 g



Verð gildir til og með 22. mars eða meðan birgðir endast.

Ódýrara að krydda sjálfur



ÍSLENSKT
Lambakjöt



1.198 kr./kg

KS Lambalæri
Ísland, frosið

ÍSLENSKAR
Lambalærisneiðar



1.498 kr./kg

KS Lambalæri í sneiðum
Ísland, frosið



2.998 kr./kg

KS Lambaprime
Ísland, frosið



3.998 kr./kg

KS Lambafillet
Ísland, frosið

Réttur mánaðarins



1,2kg

FULLELDAÐ
Aðeins að hita

1.298 kr./pk.

Bónus Hakkbollur
og kartöflumús, 1,2 kg





Miðvikudagur

UMRÆÐUÞÁTTUR UM
COVID-19

Í kvöld kl 19.35

Þær eru ófár spurningarnar sem brenna á landsmönnum þessa dagana vegna COVID-19. Leitast verður við að svara þeim og skoða hvaða áhrif faraldurinn hefur á líf okkar og störf í upplýsandi og fræðandi umræðuþætti. Umsjón með þættinum hafa Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir og Sigmar Guðmundsson.

Tekið er á móti fyrirspurnum í þáttinn á rúv.is og netfangið covid19@rúv.is.

Þátturinn er með táknmálstúlkun á RÚV 2 og 888-texta á RÚV.

HRINGBRAUT

20.00 Undir yfirborðið Ásdís Ólsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 21 - Fréttapáttur á miðvikudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Saga og samfélag Saga og samfélag er þáttur þar sem mál-efni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2 Morgunþættir Rásar 1 og 2 sameina krafta sína í beinni á samtengdum rásum útvarps, í sjónvarpi og á rúv.is.
09.00 Ferðastíklar
09.45 Vesturfarnir
10.20 Rick Stein og franska eld-húsið
11.20 Darcey Bussell: Í leit að Fred Astaire
12.15 Kastljós
12.30 Menningin
12.40 Á tali hjá Hemma Gunn 1991-1992
14.00 Blaðamannafundur vegna COVID-19
14.40 Mósaik
15.15 Gettu betur 1997
16.15 Nálspor tímans
16.45 Tiundi áratugurinn
17.30 Sætt og gott
17.50 Táknmálfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Millý spyr
18.08 Friðþjófur forvitni
18.31 Hæ Sámur
18.38 Rán og Sævar
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotta
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Umræðuþáttur um COVID-19
20.35 Tracey Ullman tekur stöðuna
21.05 Ljósmyndir
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Pólskir dagar - Hugsað heim Pólsk-íslensk heimildarmynd um pólska bæinn Stare Juchy. Um þriðjungur íbúa bæjarins hefur flust búferlum til Íslands í atvinnuleit síðan á niunda áratugum og enginn þeirra hefur snúið aftur. Í myndinni er fjallað um samband þeirra sem eftir eru í bænum við fjölskyldu, börn og barnabörn sem búsett eru á Íslandi, söknuðinn og heimþrána. Leikstjóri: Pawel Ziemilski.
23.25 Pólskir dagar - Kennarinn
00.15 Kveikur
01.10 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

08.00 Ryder Cup 2018
12.50 Ryder Cup 2018
18.50 Ryder Cup 2018
22.55 Ryder Cup Official Film 2018

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

07.00 Ísland vaknar BEINT Bein útsending frá morgunþætti K100.
10.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.09 The Late Late Show
12.49 Everybody Loves Raymond
13.13 The King of Queens
13.35 How I Met Your Mother
13.57 Dr. Phil
14.38 Single Parents
15.00 Með Loga
16.15 Malcolm in the Middle
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 The Good Place
19.40 Will and Grace
20.10 Survivor
21.00 Chicago Med
21.50 Station 19
22.35 Imposters
23.20 The Late Late Show
00.05 Grand Hotel
00.50 Seal Team
01.35 The Resident
02.20 The L Word: Generation Q
03.15 The Arrangement
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2 Morgunþáttur Rásar 1 og 2 er sendur út á samtengdum rásum og í sjónvarpi á meðan neyðarstig almannavarna varir.
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Bittu á jaxlinn Binna mín
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan: Konan við 1000 gráður
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmur
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.50 Wonder
12.40 Batman: Harley Quinn
13.55 Gold
15.50 Wonder
17.40 Batman: Harley Quinn
18.55 Gold
21.00 Father Figures
22.50 The Zookeeper's Wife
00.55 Return to Sender
02.25 Father Figures

STÖÐ 2

06.50 Bitið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Gilmore Girls
10.05 Mom
10.25 Brother vs. Brother
11.05 The Goldbergs
11.25 Fresh off the Boat
11.50 Bomban
12.35 Nágrannar
12.55 Hvar er best að búa ?
13.40 Grand Designs: Australia
14.30 Manifest
15.15 The Village
15.55 Rikki fer til Ameríku
16.20 Atvinnumennirnir okkar
16.50 Hið blómlega bú
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Vikinglotta
19.10 Heimsókn
19.40 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
20.30 Grey's Anatomy
21.15 The Good Doctor
22.00 High Maintenance
22.30 Sex and the City
23.00 S.W.A.T
23.45 Silent Witness
00.35 Silent Witness
01.25 Death Row Stories
02.05 Buzz

STÖÐ 3

14.50 Silicon Valley
15.20 Friends
19.10 The Middle
19.30 The Mindy Project
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Splitting Up Together
21.10 DC's Legends of Tomorrow
21.55 Pretty Little Liars: The Perfectionist
22.35 The Last Ship
23.20 Batwoman
00.05 The Middle
00.25 The Mindy Project

STÖÐ 2 SPORT

05.25 Liverpool - Salzburg
07.05 Barcelona - Inter
08.40 Juventus - Napoli
10.25 Inter - Juventus
12.10 Liverpool - Everton
13.55 Sportið í kvöld
15.00 Sportið í dag
16.00 Keflavík - KR
17.40 KR - Valur
19.30 Goðsagnir - Ragnar Margeirsson
20.00 Sportið í kvöld
21.00 Valur - ÍBV
22.30 Chelsea - Liverpool
00.15 Sportið í dag

STÖÐ 2 SPORT 2

10.00 Alfred Gíslason
11.05 Annáll 2019: Íslensk knattspyrna karla
13.05 Annáll 2019: Olís deild karla og kvenna
14.30 Kvinnalandsliðið í Kína
15.40 1 á 1
17.35 Bestir í Boltanum: Hetjan í Heerenveen
18.15 Annáll 2019: Íslensk knattspyrna kvenna
19.10 Annáll 2019: Körfubolti karla og kvenna
20.45 Ölli
21.50 Dominos körfuboltakvöld karla
22.15 Martin: Saga úr Vesturbæ
23.00 Hólmurinn heillaði

Hví ekki að taka
maraþon viku heima?

7 DAGA ÁSKRIFT
aðeins **990 kr.**

Vandað íslenskt sjónvarpsefni, nýjustu erlendu þáttaraðirnar,
barnaefni með íslensku tali og hátt í þúsund kvikmyndir.



MARAÐON

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817



Tilveran tekur á sig ýmsar undarlegar myndir í skugga COVID-19 þannig að nú kippir fólk sér varla lengur upp við að mæta heilbrigðisstarfsfólki í geimbúningi á förnum vegi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Daglegt líf á tímum kórónaveirunnar

COVID-19 fór umhverfis jörðina á allt of fáum dögum með ógn, skelfingu og í verstu tilfellum með lífsháska í eftirdragi. Lífið verður þó að halda áfram og Fréttablaðið hleraði nokkra Íslendinga sem nú takast á við ógnina.

Viðmælendur Fréttablaðsins búa víða í Evrópu og þurfa nú að laga sig að breyttum síðum í hverju landi. Öll halda þau þó ró sinni enda skynsamlegast að krossa fingur og vona það besta.



Andri Björn Róbertsson.

Ræktar garðinn sinn

Andri Björn Róbertsson óperusöngvari býr í Whitley Bay við norðausturströnd Englands ásamt eigin konu sinni Ruth og börnum þeirra tveimur. Hann segir COVID-9 vissulega hafa haft nokkur áhrif á líf sitt.

„Ég var að byrja æfingar við Óperuhúsið í Amsterdam en nú hefur okkur verið tilkynnt að það þurfi að fresta þeim og engin trygging varðandi sýningar eða laun,“ segir Andri Björn sem hafði reiknað með að þessar tekjur myndu duga fjölskyldunni fram á haust.

„Síðan veit maður ekkert hvernig þetta ástand þróast eða hversu lengi samfélagið verður í lamsessi en við komumst út úr þessu. Nú er ég kominn heim til mín aftur og hugsa um börnin og held áfram undirbúningi fyrir næstu verkefni, sem ég veit ekki hvort verður af, og rækta garðinn minn. En ég er ungur og hraustur, og hef því meiri áhyggjur af þeim sem eldri eru og

þeim sem eru með undirliggjandi sjúkdóma.“



Alma Dögg Fanneyjardóttir.

Æðruleysi og öflugt fjarnám

Listneminn Alma Dögg Fanneyjardóttir tekur á móti okkur á næsta viðkomustað, þeirri dásamlegu borg Barcelona á Spáni. „Skólanum hefur verið lokað en kennararnir eru mjög almennilegir. Þau eru til staðar ef við höfum einhverjar spurningar eða áhyggjur og eru bara að hvetja okkur til að halda áfram að vinna í listinni okkar,“ segir Alma Dögg.

„Við tölum við kennarana á hverjum degi því þau verða að vera viss um að allt sé í lagi hjá okkur. Nokkrir bekkjarfélagar mínir eru farnir aftur til heimalanda sinna og skólinn er með öflugt fjarnám á netinu.

Ein stelpa í skólanum mínum er búin að skipuleggja dagskrá fyrir 21 dag þar sem við fáum verkefni fyrir daginn eins og til dæmis að hugleiða. Ég átti að byrja í nýrri vinnu á í dag en því var frestað,“ heldur hún áfram.

„Allt er lokað nema apótek og búðir og þau hleypa inn í hollum og löggan hefur verið að senda fólk heim ef það er ekki með gilda ástæðu til að vera úti.

Ég hef reynt að nýta tímann sem mest og bara dunda mér. Við herbergisfélagarnir höfum verið að elda saman og ég reyni að mála og bara halda mér upptekinni. Klukkan 20.00 fara allir út á svalir og klappa fyrir fólkinu sem starfar í heilbrigðiskerfinu.“



Andrea Björk Andrésdóttir.

Dauft yfir djamminu

Í Berlín hittum við fyrir Andreu Björk Andrésdóttur, hreyfimynda-hönnuð og grínista, þar sem hún býr ásamt kærasta sínum Jóni Eðvald. „Hérna í Berlín undu ráðstafanir tiltölulega hratt upp á sig, það eru kannski helstu viðbrigðin. Í miðri síðustu viku vissi fólk ekki hversu hart yrði tekið á þessu og núna hafa landamæri, skólar og Berghain lokað,“ segir hún sem sjálf-sagt segir sitt að jafnvel hinn rómaði næturklúbbur hafi skellt lás.

Andrea bætir við að á næstu dögum verði síðan öllum verslunum sem ekki gegni mikilvægu hlutverki lokað. „Sem sagt allt nema matvöruverslanir og apótek skilst mér.

Brjálað í Bauhaus

Það var vist kraðak í Bauhaus í gær. Allir að kaupa sér dót til að fönndra og dytta að heimilinu næsta mánuðinn. Á fimmtudag í síðustu viku

var tekin ákvörðun um að loka Comedy Café Berlin, leikhúsinu sem ég sýni í um hverja helgi, og það hefur haft svolítill áhrif á mitt daglega munstur.

Ég er „freelance art director“ þannig að ég get auðveldlega unnið að heiman. Ég er einmitt að vinna að hönnun fyrir The Berlin School of Public Health, sem passar ágætlega við ástandið. Þetta er samt að koma hart niður á öllum mínum vinum í skapandi greinum hérna,“ segir hún og þá sérstaklega sviðslistafólkinu; grínistum, tónlistarmönnum og fleirum.

Andrea segist verða vör við alla hugsanlega möguleika á viðbrögðum og undirbúningi við faraldrinum. „Braud og klósettpappír eru oft uppseld og annað þannig dót. Hins vegar voru 18 gráður og sól í gær og ég sá fullt af fólki sem var úti að njóta, spila fótbolta og ég veit ekki hvað og hvað. Þannig að það eru augljóslega ekki allir að taka þessu alvarlega. En þetta breytist örugglega á næstu dögum. Ég og Jón Eðvald höldum okkur allavega mest inni nema það sé brýn nauðsyn að sækja eitthvað,“ segir hún og bætir við að:

„Fólk er að reyna að finna sér leiðir til að vera ekki einmana þótt það sé að einangra sig. Það er til dæmis búið að bjóða mér í Dungeons & Dragons Skype- hóp, fólk er svolítið að spila borðspil saman á netinu með Tabletop Simulator. Annars ætla ég bara að reyna að lesa, mála, gera jóga og dila við skattafram-talið. Hluti sem sitja venjulega á hakanum í amstri dagsins.“



Jóhannes Kjartansson.

Skólinn í iPaddinum

Í Noregi býr Jóhannes Kjartansson ljósmyndari ásamt Hildi Hermannsdóttur og dætrum þeirra tveimur. „Í Ósló var öllum skólum lokað á föstudaginn. Hildur vinnur sem aðstoðarkennari í 1. bekk í Steinerskólanum og er því heima með Mayu og Nínu, dætrum okkar.

Maya hefur notað iPad frá skólanum í vetur og er því undirbúin fyrir fjarnám sem kennarinn fylgir vel eftir. Hildur mætir örfáa daga til að passa börn fólks í samfélagslega mikilvægum störfum en fær annars greitt fyrir tapaða daga frá ríkinu,“ segir Jóhannes.

Handspritt og hanskar

„Ég starfa sem fasteignaljósmýndari og er því venjulega inni á 4-5 heimilum daglega. Ég þarf að fylgja ströngum reglum: Nota handspritt og hanska og engin handabönd. Og ég verð að spyrja hvort húsið sé í sóttkví og ef svo er þá á ég að hlaupa öfugur út aftur.

Verkefnafjöldinn hefur minnkað talsvert en margir kjósa að skilja eftir lykil að íbúðinni frekar en að hitta mann í eigin persónu, sem hentar mér ágætlega því þá get ég hlustað á eigin tónlist.

Við reynum að hafa plan fyrir stelpurnar á virkum dögum og fara

út úr húsi þegar við getum, helst í göngutúra úti í náttúrunni. Þar er fólk mjög tillitssamt og allir halda sinni fjarlægð. Um að gera að nýta frelsið á meðan það er til staðar og við reynum að eiga alltaf einnar viku matarbirgðir í ísskápnunum ef að algjört útgöngubann fer í gang, sem gæti vel gerst þá og þegar. En við krossum fingur og vonum það besta.“



Baldvin
Þormóðsson.

Heimaskrifstofa í borðstofunni

Á næsta bæ, Kaupmannahöfn, starfar Baldvin Þormóðsson sem hugmyndasmiður á auglýsingastofu en hann býr í borginni ásamt kærustunni sinni, Bryndísi Thelmu.

„Skólar og skrifstofur hafa lokað þannig að ég er því bara heimavinnandi og kærastan lærir heima. Við breyttum borðstofunni í heimaskrifstofu og sitjum þar með heimalagað kaffi allan daginn,“ segir Baldvin.

Á fundum í náttbuxum

„Við erum bæði mjög heimakær þannig að þetta truflar okkur ekki svo mikið. Mér finnst dálítið skemmtilegt að vera á fundum í

vefmyndavélinni á náttbuxum. En það er mikilvægt að gleyma ekki að viðra sig. Við förum í langan göngutúr á hverjum degi og förum meira að segja í frisbíggolf í almenningsgarði hér rétt hjá í fyrradag,“ heldur hann áfram.

„Við erum bæði mjög miklir sælkerar og eyðum kvöldunum í að elda góðan mat og drekka góð vín. Ég er síðan búinn að skipuleggja raf-rænan hitting með æskufélögnum á föstudaginn. Við ætlum að kveikja á vefmyndavélunum og opna okkur einn kaldan og spjalla saman. Hver á sínu heimili. Lífið heldur áfram.“



Jörunn Steinsson.

Tíu daga stofufangelsi

Hringnum lokum við síðan aftur á Spáni þar sem Jörunn Steinsson athafnakona býr ásamt kærasta sínum, Friðriki Thorlacius, í bænum Orihuela Costa. „Við erum á Orihuela Costa svæðinu á Spáni. Það er fjórði dagur í útgöngubanni í dag,“ segir Jörunn.

„Löggan hefur verið að stoppa fólk og sekta fyrir að vera fleiri en einn á vappi saman og án þess að sterk ástæða liggi fyrir, það er að segja að kaupa nauðsynjar eða fara



Allur er varinn góður og betra að koma við hjá Íslenskri erfðagreiningu frekar en velkjast í vafa. MYND/JÓN GÚSTAFSSON

í og úr vinnu. Allir skólar og einkarekin starfsemi sem ekki snýr að nauðsynjavörum eða heilbrigðisþjónustu liggur niðri,“ segir hún og segir ástandið minna dálítið á hryllingsmyndina 28 Days Later.

„Við erum á svæði þar sem vaninn er að heyra í barnaskríl og fót-boltaleikjum en það heyrir bara í fuglunum núna. Í gær fór kærastinn minn út í ver slun og var stöðvaður og beðinn að gera grein fyrir sér.

Þetta er mjög sýrrealískt ástand. Öll verkefni sett í stopp en við höfum komið okkur vel fyrir hér í kotinu okkar með allt til alls fyrir næstu tíu daga stofufangelsi.“

steingerdur@frettabladid.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbörðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



*Prentmæling Gallup, 12-80 ára, okt. - des. 2019. Mannfjöldataölur Hagstofu Íslands 2019

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

DANSKIR DAGAR Í HÖLLINNI

Við fögnum 55 ára sameiginlegri sögu Húsgagnahallarinnar og danskrar hönnunar. Við bjóðum upp á spennandi tilboð fyrir lífandi heimili. Vertu eins og heima hjá þér – komdu við og fáðu þér sæti.



NÝTT

FRÍ HEIMSENDING

VIRKAR PANNIG

ALLAR DANSKAR VÖRUR* 20% AFSLÁTTUR

*Gildir ekki af sérpöntunum og einungis af völdum vörum frá Skovby.

HÚSGAGNA HÖLLIN

Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafirði
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is

Þú finnur bæklinginn fyrir Danska daga á husgagnahollin.is

Þar finnur þú líka upplýsingar um fría sendingu.

HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI



Álfheiður reynir að halda sig að mestu heima við þessa dagana, kórónaveiran veldur því. MYND/JANA STEIN

Reynir að æra ekki nágrannana með söng

Söngkonan og ljósmyndarinn **Álfheiður** gaf út sitt fyrsta myndband í síðustu viku. Hún býr í Berlín þar sem hún er í meistaranámi í sópransöng. Hún blandar saman söng og hinu myndræna.

Sópransöngkonan og ljósmyndarinn Álfheiður Erla er búsett í Berlín í Þýskalandi. Þangað flutti hún árið 2014 til að nema söng að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð. Hún gaf út sitt fyrsta tónlistarmyndband í síðustu viku.

„Núna stunda ég meistaranám í Hanns Eisler tónlistarháskólanum, en ég lauk bakkalárnámi þaðan vorið 2018. Samhliða námi þá hef ég reglulega komið fram í óperuhúsum hér í Þýskalandi og til dæmis farið með aðalhlutverk í Staatsoper Berlin,“ segir Álfheiður en það er eitt þekktasta og besta óperuhúsi í heiminum í dag.

Músikalskir foreldrar

Álfheiður segir sönginn alltaf hafa verið hennar helsta áhugamál.

„Foreldrar mínir eru tónlistarfólk. Mamma mín Valgerður er músíkmedferðarfræðingur og skólastjóri Tónstofu Valgerðar og pabbi minn Guðmundur starfaði sem hljóm-sveitarstjóri.“

Það var ekki fyrr en á táningsaldri að Álfheiður fór að hafa áhuga á ljósmyndun fyrir alvöru.

„Ég var í yndislegum vinkvenna hópi í Réttó og við vorum alltaf að skapa og leika okkur saman. Ég var því ótrúlega lánsöm að fá að þróa ljósmyndahæfileikana á þessum árum og í MH þá var mikið um félagslíf og listafólk sem ég myndaði í bak og fyrir,“ segir hún.

Hún segist hafa einbeitt sér fyrst og fremst bara að söngnum eftir að hún flutti til Berlínar.

„Einhvern veginn hélt ég að fólk myndi finnast það eitthvað skrítið að ég væri bæði söngkona og ljósmyndari. Sem söngkona er maður á sviðinu og í sviðsljósinu en ljósmyndarinn á bak við linsuna og

ÉG TÓK LÍKA EFTIR ÞVI AÐ Í ÞÝSKALANDI VORU EKKI JAFN MARGIR AÐ STARFA Á TVEIMUR Eða FLEIRI ÓLÍKUM STARFSVETTVOGUM EINS OG Á ÍSLANDI.

talsvert minna áberandi. Ég tók líka eftir því að í Þýskalandi voru ekki jafn margir að starfa á tveimur eða fleiri ólíkum starfsvettvögum eins og á Íslandi.“

Sameinaði áhugamálin

Álfheiður segir þó ekki langan tíma hafa liðið þar til hún var farin að mynda samnemendur sína og annað listafólk í borginni.

„Ég áttaði mig líka alltaf meira og meira á því hvað þessi tvö áhugamál mín unnu í raun vel saman. Söngur og ljósmyndun eru að sjálfsgöðu frásögn og tjáning og því spratt upp sú hugmynd hjá mér að reyna að sameina þessi tvö áhugamál. Langoftast þegar ég er að syngja, þá birtast mér í hugarum alls konar myndir,“ segir hún.

Það er þó margt ólíkt með listgreininum tveimur.

„Tónlistin sem ég flyt á tónleikum mun aldrei hljóma nákvæmlega eins á næstu tónleikum. Þannig er tónlistin hverful. Galdurinn við ljósmyndun er hins vegar sá að við náum að varðveita hvert einstaka augnablik,“ segir Álfheiður.

Fyrsta myndbandið

Á dögunum gaf Álfheiður út sitt fyrsta tónlistarmyndband.

„Það er við undurfallett lag sem heitir Norden og var samið af Jean

Sibelius árið 1917. Ljóðið skrifaði ljóðskáldið Johan Ludvig Runeberg árið 1833 og fjallar um svanina sem sorgmæddir yfirgefa norðurhvel jarðar vegna kulda á veturna,“ segir hún.

Síðasta sumar myndaði hún dansarann Mörtnu Hlín Þorsteinsdóttur á fallegum og sólríkum degi.

„Marta Hlín sótti innblástur í fuglana og vænghaf fugla sem ég klippti síðan til. Ég og pianóleikarinn Kunal Lahiry unnum svo með upptökustjóranum Piotr Wiecezorek í byrjun þessa árs og svo gat ég loksins birt mitt fyrsta tónlistarmyndband. Með þessum hætti sameinast tónlist, ljóðlist, dans og kvikmyndalist.“

Vinnur heima

Það stendur til hjá Álfheiði að halda tónleika þar sem myndbönd og stillur fá að njóta sín samhliða tónlistinni.

„En við sjáum hvornig næstu vikur og mánuðir þróast í ljósi ástandsins. Á meðal verkefna þetta vorið eru einsöngstónleikar í New York á vegum Carnegie Hall City-ús, einsöngstónleikar í Norðurljósum í Hörpu, frumraun í óperuhúsi í Frakklandi og margt annað spennandi,“ segir hún.

Heimfaraldur kórónaveiru hefur vissulega sett sitt mark á daglegt líf í Berlín líkt og annars staðar.

„En eins og er þá er mikið unnið heima við. Ég ætla að halda áfram að vinna að næstu myndböndum og reyna að æra nágrannana ekki af mikið með háværum söng. Ég hvet alla til þess að halda áfram að sinna listrænu þörfinni og skapa,“ segir Álfheiður.

Myndband Álfheiðar er hægt að nálgast á heimasíðu hennar, alfheidurerla.com.

steingerdur@frettabladid.is



Komdu út að hlaupa!

Ný námskeið Náttúruhlaupa. Fjarkynningarfundur kl. 20:30 í kvöld.

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að komast út í ferska loftið og fallega náttúru. Á grunnnámskeiðum Náttúruhlaupa eru getuskiptir hópar og nú einnig boðið upp á nýtt námskeið: Gönguhópur fyrir 60 ára og eldri.

Fyrirkomulag og skipulag námskeiðanna verður samkvæmt fyrirmælum sem gefin hafa verið út vegna Covid-19.

- Fjögurra vikna grunnnámskeið hefst sunnudaginn 22. mars.
- Fjögurra vikna göngunámskeið fyrir 60 ára og eldri hefst laugardaginn 21. mars.
- Sex vikna grunnnámskeið hefst fimmtudaginn 16. apríl og laugardaginn 18. apríl.

Fundurinn verður haldinn á Facebook síðu Náttúruhlaupa: www.facebook.com/natturuhlaup. Skráning og nánari upplýsingar má finna á www.natturuhlaup.is.



Grettir hlaupabuxur með endurskini
Polartec® Power Stretch® Light

Hlaupabuxur úr teygjanlegu efni með renndum vasa að aftan og endurskini.

12.000 kr.



Staðarfell Neoshell® jakki

Vatnsheldur jakki með frábæra öndunareiginleika.

39.000 kr.



Vík hanskar
Polartec® Power Dry®

Punnir hanskar úr Polartec Power Stretch® flísefni sem andar vel og þornar fljótt.

5.900 kr.

BAKÞANKAR

Bjarna
Karlssonar



Skinn

Óft hefur verið sagt að hver sé sjálfum sér næstur og að Guð hjálpi þeim sem hjálpi sér sjálf. Nú er okkur hins vegar orðið ljóst að ókunnugt fólk er jafn nálægt og manns eigin andardráttur og að Guð getur bara hjálpað þeim sem hjálpast að.

Kórónaveiran hefur sýnt og sannað að við erum öll náskyld og innbyrðis tengd. En samt bitnar hún ekki eins á öllum. Verst fara þau sem hafa tæpa heilsu, búa við atvinnuóryggi eða rýrt tengslanet.

Hversu mörg skyldu þau vera sem vakna á þessum miðvikudagsmorgni eftir dimma nótt til þess að lifa daginn í heilsu- eða fjárhagskviða eða í aðskilnaði frá fólki sem þau elska og þrjá?

Ég heyrði þá sögu að fimm ára drengur kom stökkvandí upp í rúm til foreldra sinna að nóttu því hann hafði dreymt illa. Pabbi tók drenginn í fangið, gekk með hann inn í barnaherbergið, talaði blíðlega við hann, lagði hann í rúmið og mælti loks: Nú skulum við sofa, Guð og englarnir passa þig. Nei, sagði þá barnið, ég þarf einhvern sem hefur skinn!

Ekkert lækna kvíða og einsemd betur en mannleg snerting. Og nú, þegar samkomubann og sóttkvíarástand veldur því að ástrik snerting er ekki í boði fyrir margt fólk er mikilvægt að fá hlustun og skilning. Næstbesta lækningin við kvíða og einsemd er sú að einhver sé vitni að lifi manns og sýni samkennd.

Traust okkar til samfélagsins hefur endurnýjast þessa daga við að finna fumulau og einbeitt viðbrögð almenning og stofnana. Þetta verður langhlaup og við þurfum að halda hópinn, skilja engan eftir... Útlenska fjölskyldan í stigaganginum, ungi maðurinn með geðraskanirnar, gamla konan í næsta húsi: „Góðan daginn, mér datt í hug að hringja og vita hvernig þér líður...“

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

PEPSI MAX
LIME 500 ML

169
KR/STK
338 KR/L



Kvikk
ON THE GO



Stóraukið úrval

í Sjónvarpi Símans Premium

Út af breyttum samfélagsaðstæðum hefur Síminn aukið efnisframboð í **Sjónvarpi Símans Premium**. Nýjar íslenskar og erlendar þáttaraðir ásamt glás af talsettu barnaefni. **Svona á sjónvarp að vera!**

Auðvelt er að ganga frá áskrift í netspjalli á **siminn.is**.



Ótakmarkað gagnamagn

Á meðan á samkomubanni stendur mun Síminn ekki gjaldfæra viðskiptavini sína fyrir notkun umfram innifalið gagnamagn. Þetta á við um internet tengingar heimila og farsímaáskriftir innanlands, Krakkakort og Þrennu.

siminn.is

